



Leiðbeiningar

**Skattframtal  
einstaklinga  
2006**

**RSK**

# Efnisyfirlit

## Almennt

<b>Framtal 2006 - skilafrestir o.fl.</b>	
Skilafrestir	3
Framtalssskylda eigna þrátt fyrir afnám eignarskatts	3
Aukin forskráning	3
Dreifing leiðbeininga	3
Þjónusta skattstofa og ríkisskattstjóra	3

## Talið fram á vefnum

Þjónustusiðan þín!	4
Almennt um veflykla	4
Týndur/gleymdur veflykill	4
Veflykill fyrir erlendis búsetta og fyrir dánarbú	4
Framtalsgerð endurskoðenda og bókara	4
Hægt að geyma framtalið	4
Villuprófun	4
Sending - staðfesting	4
Framtal fyrra árs og staðfest afrit	5
Bráðabirgðaútreikningur	5
Þeir sem ekki geta fengið útreikning	5
Leiðréttingar á framtali	5
Forskráning á framtal og sundurliðunarblað	5
Leiðréttingar á forskráðum upplýsingum	5
Flutningur upplýsinga úr vefbönum á framtal	5
Framtalsskil á pappír	5
Veflykill 2006	5

## Fyrsta síða framtals

<b>Þjóðskrárupplýsingar, samsköttun o.fl.</b>	6
Áritun úr Þjóðskrá - leiðréttingar	6
Slysatrygging við heimilisstörf	6
Fjölskyldumerking	6
1.1 Einstætt foreldri	6
1.2 Ósk um samsköttun	6
1.3 Umsókn um lækun vegna framfærslu ungmenna	7
1.4 Greinargerð um eignabreytingar eða aðrar athugasemdir	7
1.5 Útreikningur á sjómannaafslætti	7
1.6 Fenginn arfur - forskráning	7

## Önnur síða framtals

<b>Tekjur og frádrættir</b>	8
Forskráning á tekjusiðu	8
Leiðrétting forskráðra tekjufjárhæða á pappírsframtalinu	8
<b>Útftilling á tekjusiðu</b>	9
2.1 Laun og starfstengdar greiðslur	9
2.2 Ökutækjastyrkur, dagpeningar og hlunnindi	9
Ökutækjastyrkur	9
Dagpeningar	9

Hlunnindi - almennt	9
Bifreiðahlunnindi	9
Fatahlunnindi	9
Fæðishlunnindi	9
Húsnæðishlunnindi	10
Lán frá launagreiðanda	10
2.3 Lífeyrisgreiðslur. Greiðslur frá Tryggingastofnun. Aðrar bótagreiðslur, styrkir o.fl.	10
2.4 Reiknað endurgjald	10
2.5 Hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri	11
2.6 Frádráttur frá tekjum	11
2.7 Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars	11
2.8 Tekjur erlendis aðrar en fjármagnstekjur	11
2.9 Skattfrjálsar tekjur	11
2.10 Staðgreiðsla af launum	11

## Þriðja síða framtals

<b>Fjármagnstekjur og peningalegar eignir</b>	12
3.1 Innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum	12
3.2 Innstæður í erlendum bönkum	12
3.3 Innlend og erlend verðbréf og kröfur. Stofnsjóðsinneign	12
3.4 Innstæður og verðbréf barna	13
3.5 Hlutabréf og stofnfjárbref sparisjóða	13
3.6 Hlutabréf í erlendum hlutafélögum	13
3.7 Leigutekjur	13
3.8 Söluhagnaður af hlutabréfum	13
3.9 Annar söluhagnaður	13
3.10 Frádráttur. Mótreykingur	13

## Fjórdja síða framtals

<b>Eignir og skuldir í árslok</b>	14
4.1 Fasteignir	14
Forskráning fasteigna á framtali	14
Matsverð fasteigna	14
4.2 Bifreiðir	15
4.3 Aðrar eignir áður ótalðar	15
4.4 Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi	15
Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum í eigin atvinnurekstri	15
5.4 Skuldir umfram eignir skv. efnahagsreikningi	15
5.5 Aðrar skuldir og vaxtagjöld	15
Forskráðar „Aðrar skuldir“	15
Lánaupplýsingar úr vefbönum	15
Skuldir á sundurliðunarblaði sem flytja þarf á framtal	15
<b>Skuldir og vaxtagjöld vegna íbúðarhúsnæðis</b>	16

5.1 Vaxtagjöld vegna kaupleiguíbúða	16
5.2 Lán vegna íbúðarhúsnæðis	16
Lán frá íbúðalánasjóði	16
Endurfjármögnun lána vegna íbúðarkaupa	17
5.3 Eftirstöðvar skulda á söludegi	17
Vanskil	17
Fyrirframgreiðsla vaxtabóta	17

## Framtal barns

Laun og starfstengdar greiðslur barns	18
Reiknað endurgjald barns	18
Dagpeningar og hlunnindi barns	18
Aðrar tekjur. Eignir og skuldir	18
Staðgreiðsla vegna barns	18
Sérskattlagning barna sem misst hafa foreldri	18

## Fylgiskjöl og ýmsar reglur

Uppgjör atvinnurekstrar RSK 4.10, 4.11, 1.04, 4.08	19
Sjómannaafsláttur RSK 3.13	20
Dagpeningar RSK 3.11	21
Kaup og sala eigna RSK 3.02	22
Húsbyggingarskýrsla RSK 3.03	23
Kaup og sala hlutabréfa RSK 3.09	24
Sala/innlausn verðbréfa RSK 3.15	26
Umsókn um lækun á tekjuskattstofni RSK 3.05	27
Ökutækjastyrkur RSK 3.04	28
Vistun í heimahúsum	29
Tekjur og eignir erlendis	30
Launatekjur erlendis	30
Vaxtatekjur og arður erlendis	30
Aðrar tekjur erlendis	30
Eignir erlendis	30
Tvísköttunarsamningar	30
Erlendis búsettir	30
Námsmenn erlendis	
- skattaleg heimilisfesti	31
Laun frá alþjóðastofnunum	31

## Töflur og dæmi

Eignir í árslok	32
Húsbréf og íbúðabréf	32
Gengi hlutdeildarskírteina	32
Spariskírteini ríkissjóðs	32
Verðbreytingarstuðull	32
Gengisskráning	33
Eignamat í landbúnaði	33
Skuldir í árslok	33
Skattfrjálsir vinningar	34
Endurfjármögnun lána vegna íbúðarkaupa	35
Útreikningur opinberra gjalda	36
Greidd leiga - greiðslumiði	36
Útreikningur barnabóta og vaxtabóta	37
<b>Efnisatriðaskrá</b>	38

# Framtal 2006 - skilafrestir o.fl.

## Skilafrestir

Framtalsgerð 2006 verður með svipuðum hætti og síðustu ár. Skilafrestur er til þriðjudagsins 21. mars. Unnt er að sækja um aukinn frest til skila á vef ríkisskattstjóra, **rsk.is**, og getur hann lengstur orðið til 31. mars. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda. Framtali dánarbúa manna, er létust á árinu 2004 eða fyrr og ekki hefur verið lokið skiptum á, skal skila í framtalsfresti lögaðila, sem er til 31. maí. Fagframteljendur hafa rýmri tíma en einstaklingar og lög-aðilar.

Heimilt er að beita álagi á skattstofna ef framtali er ekki skilað á réttum tíma og eins ef framteljandi gefur rangar upplýsingar á framtali eða í fylgiskjölum.

## Framtalsskylda eigna þrátt fyrir afnám eignarskatts

Vakin er athygli á því að eignarskattur hefur verið afnuminn og verður því ekki álagður 2006. Þrátt fyrir það er áfram full framtalsskylda á eignum og skuldum með sama hætti og áður, og gildir það jafnt um þá sem eru búsettir erlendis og þá sem búa hér á landi. Ástæður framtalsskyldu eru m.a. þær að eignir og skuldir hafa áhrif á vaxtabætur og hagnaður af sölu ýmissa eigna er skattskyldur og reiknast frá stofnverði þeirra. Upplýsingar um eignir og skuldir hafa og almennt upplýsingagildi við mat á framtölum.



## Aukin forskráning

Helstu nýmæli við framtalsgerðina nú í ár felast í aukinni forskráningu upplýsinga á skattframtalið. Til viðbótar því sem áður hefur verið eru nú forskráðar upplýsingar um hlutafé, arf og skuldaupplýsingar frá fleiri aðilum en áður. Þeim, sem sent hafa upplýsingar um lán, hefur fjölgað á síðustu árum og slíkar upplýsingar borist frá lífeyrissjóðum og fleiri stofnunum. Með hliðsjón af því og vegna breytinga á íbúðalánamarkaði ákváðu skattfyrirvöld að nýta lagaheimild til að kalla eftir upplýsingum um skuldir einstaklinga við fjármálastofnanir. Búast má við einhverjum vanhöldum í upphafi.

## Dreifing leiðbeininga

Sú breyting er gerð að þessu sinni á dreifingu leiðbeininganna að bera þær ekki í hvert hús eins og undanfarin ár, heldur eingöngu til þeirra sem skiluðu framtali á pappír í fyrra. Þess í stað er dreift í hvert hús smærra upplýsingariti sem ætlað er að minna fólk á framtalsskyldu og skilafresti og vísa á hvar upplýsingar er að finna og hvar leita má eftir þjónustu. Jafnframt hefur aðgengi að þessum leiðbeiningum verið bætt á **rsk.is**, bæði í formi öflugra uppfléttimöguleika sem og með því að flétta þær saman við framtalshjálpinu sem liggur á bak við einstaka reiti og kafla vefframtalsins. Leiðbeiningarnar verða einnig aðgengilegar hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og einstökum bæjarskrifstofum og sýslumönnum. Dreifistaðir verða auglýstir nánar á **rsk.is** og í dagblöðum.

**GANGI YKKUR VEL**

## Þjónusta skattstofa og ríkisskattstjóra



Að venju er **starfsfólk skattkerfisins** til þjónustu reiðubúið. Sérstök svarþjónusta verður veitt í **síma 511-2250**.

**Frá 15. mars** verður aukin þjónusta í boði til kl. 22 á kvöldin og til kl. 19 um helgar.

Sjá nánar auglýsingar í dagblöðum og á vef ríkisskattstjóra, **rsk.is**.

# Talið fram á vefnum **rsk.is**



## Þjónustusíðan þín!

Hver framteljandi á sína eigin þjónustusíðu á vef ríkisskattstjóra, **rsk.is**, sem er ávallt aðgengileg en aðeins með sérstökum veflykli. Það má hugsa sér að hún komi í stað gömlu skattamöppunnar sem margir hafa komið sér upp í gegnum árin. Þjónustusíðan hefur að geyma margvíslegar persónulegar upplýsingar auk ýmissa aðgerðamöguleika, þar sem útfylling og skil skattframtals er sá veigamesti. Auk framtalsgerðar er unnt að skoða framtöl fyrri ára, fá bráðabirgðaútreikning álagningar, sækja staðfest afrit framtals og senda inn leiðréttingar og kærur. Þegar álagningu er lokið má nálgast álagningarseðilinn á þjónustusíðunni. Boðið er upp á skil á launa- og hlutafjármiðum þessa leið og í bígerð er að bæta við aðgengi að rafrænum skilum á virðisaukaskatti og staðgreiðslu. Á næstu tveimur árum verður unnið að því, í samstarfi við ýmsar stofnanir, að á þjónustusíðu hvers og eins bætist við aðgengi að persónulegum upplýsingum í vörslu viðkomandi stofnana. Þegar er boðið upp á slíkan aðgang að upplýsingum úr ökutækjaskrá en áformað er að við bætist upplýsingar úr Landsskrá fasteigna, þjóðskrá, fyrirtækjaskrá, ársreikningaskrá, skráum Tryggingastofnunar ríkisins og frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þá er og stefnt að því að launamenn geti í framtíðinni fylgst með staðgreiðsluskilum launagreiðenda á þjónustusíðunni sinni. Á þjónustusíðunni er unnt að gefa upp og breyta netfangi og bankareikningssupplýsingum.

## Almennt um veflykla

Til að geta talið fram á vefnum þarf að hafa veflykil. Það er aðgangsorð sem sent er framteljendum með pappírframtalinu eða í sérstöku bréfi, hafi fólk afþakkað að fá framtalið sent. Þeir sem útbúið hafa varanlegan veflykil nota hann áfram.

Veflykillinn ásamt kennitölu veitir aðgang að þjónustusíðu framteljanda og framtali hans. Eftir að útfyllingu framtals er lokið þarf að nota veflykilinn til að staðfesta sendingu þess til skattstjóra. Hjá hjónum og samsköttuðu sambúðar-

fólki dugir annar veflykillinn til að opna framtalið á vefnum og skila því. Ef skila þarf framtali fyrir barn yngra en 16 ára (fætt 1990 eða síðar) er framtalið sótt á þjónustusíðu framfæranda og skilað með veflykli hans. Börn eiga ekki þjónustusíðu. Hjá hjónum skiptir ekki máli hvor þjónustusíðan er notuð vegna barns.

## Týndur/gleymdur veflykill

Hafi framtal manns, sem hefur verið úthlutað veflykli, ekki borist honum eða lykillinn glatast af öðrum orsökum er unnt að sækja um nýjan veflykil á **rsk.is**.

Hann verður þá sendur í pósti á lögheimili innan tveggja virkra daga. Einnig má snúa sér til skattstjóra og fá afhentan veflykil gegn framvísun persónuskilríkja. Sama á við um þá sem hafa glatað varanlegum veflykli.

## Veflykill fyrir erlendis búsetta og fyrir dánarbú

Framteljendur með lögheimili erlendis fá hvorki áritað framtal né veflykil. Þeir sem fengu varanlegan veflykil í fyrra geta nýtt hann áfram. Aðrir geta sótt um að fá úthlutað veflykli. Sama gildir um forráðendur dánarbúa manna sem létust á árinu 2005. Það er gert með umsókn á **rsk.is**. Skattstjóri svarar umsókninni og úthlutar veflykli. Svar og veflykill verður sent bréflaga (ekki í tölvupósti) til umsækjenda.

## Framtalsgerð endurskoðenda og bókara

Ef endurskoðandi eða bókari annast

framtalsgerðina og notar til þess framtalsforrit, samþykkt af RSK, eða skilar á **rsk.is**, þarf hann að nota veflykil framteljanda til að staðfesta sendinguna.

## Hægt að geyma framtalið

Skráðar upplýsingar má vista jafn óðum og því hægt að koma aftur að framtalinu síðar til að ljúka framtalsgerð. Hægt er að opna framtalið eins oft og framteljandi sjálfur kys. Upplýsingarnar eru vist- aðar á netþjóni en ekki á vél notandans.

## Villuprófun

Á meðan unnið er við útfyllingu framtals er alltaf hægt að biðja um villuprófun. Þá koma á skjáinn upplýsingar um villur eða ábendingar sem skoða þarf. Ef engar villur finnast er boðið upp á bráðabirgðaútreikning álagningar.

## Sending - staðfesting

Þegar útfyllingu framtals er lokið er smellt á hnappinn **Sendu framtal**. Þá kemur upp síða þar sem aftur þarf að slá inn veflykilinn og staðfesta sendingu.

Framtalið hefur þar með verið sent skattstjóra og er ekki hægt að opna það aftur eftir það nema sem PDF-skjal til skoðunar. Þegar framtal hefur verið sent fær framteljandinn kvittun og móttökunúmer á skjáinn, þar sem móttaka framtalsins er staðfest. Ef sendingin gengur ekki fær framteljandi ábendingu þar um ásamt upplýsingum um hvað veldur.

Purfi framteljandi að skila með fram-

tali viðbótargögnum, þ.e. öðrum en fram koma á framtali og í fylgiskjöllum (t.d. vottorði), er mögulegt að senda þau sem viðhengi, t.d. skönnuð skjöl. Það skal gert í lok framtalsgerðarinnar þegar framtalið er sent. Einnig er hægt að senda viðbótargögn á þjónustusiðu.

### Framtal fyrra árs og staðfest afrit

Hægt er að skoða framtal fyrra árs á vefnum. Afrit af skattframtali 2005 er aðgengilegt á PDF-formi á þjónustusiðu. Eftir að skattframtali 2006 hefur verið skilað rafrænt er hægt að sækja ókeypis staðfest afrit af því á þjónustusiðu á **rsk.is**. Það er að jafnaði tilbúið tveimur dögum eftir skil.

Kjósi framteljandi frekar að fá staðfest afrit á pappír þarf hann að snúa sér til skattstjóra tveimur virkum dögum eða síðar eftir að framtali er skilað á vefnum.

### Bráðabirgðaútreikningur

Unnt er að fá útreikning gjalda á vefnum. Með niðurstöðunni fylgir uppgjör sem sýnir áætlaða greiðslustöðu framteljanda 1. ágúst. Þetta er þó bráðabirgðaútreikningur, byggður á upplýsingum sem liggja fyrir á þeim tíma. Í texta sem fylgir niðurstöðum eru tiltekin þau atriði sem valdið geta skekkjum, s.s. fyrirframgreiðsla vaxtabóta og tekjur erlendis.

### Þeir sem ekki geta fengið útreikning

Ekki geta allir framteljendur fengið útreikning gjalda á vefnum. Það á fyrst og fremst við um þá sem ekki áttu lögheimili á Íslandi allt árið 2005.

Maður og kona í óvígðri sambúð sem telja fram hvort í sínu lagi (fjölskyldumerking 7) fá ekki rétta niðurstöðu um vaxtabætur og barnabætur. Skýringar á sérstöðu þeirra koma á skjáinn þegar framtalið er opnað í fyrsta sinn og er þeim bent á að kynna sér þær upplýsingar vandlega.

Í sumum tilfellum þegar sótt er um samsköttun á vefnum verður ekki hægt að fá útreikning. Þeir sem hafa tekjur erlendis, en áttu lögheimili á Íslandi allt árið, fá niðurstöðu þar sem ekki hefur verið tekið tillit til lækkunar vegna skattgreiðslna erlendis. Þetta er skýrt nánar á vefframtalínu.

### Leiðréttingar á framtali

Á þjónustusiðu er hægt að senda beiðni um leiðréttingu á þegar innsendu framtali. Ekki þarf að fylla út nýtt framtal heldur er beiðnin sett fram í textaformi.

### Forskráning á framtal og sundurliðunarblað

Skattyfirvöld safna upplýsingum í flesta kafla framtalsins frá launagreiðendum, Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysis-tryggingasjóði, hlutafélögum, fjármálastofnunum, Íbúðalánasjóði, Lánasjóði íslenskra námsmanna, Umferðarstofu, Fasteignamati ríkisins o.fl. aðilum. Þær upplýsingar sem berast í tæka tíð eru forskráðar á framtölin og/eða á svokallað sundurliðunarblað.

Sundurliðunarblaðið er ekki hluti af framtalinu heldur hefur að geyma frekari sundurliðun þeirra upplýsinga sem búið er að forskrá á framtalið auk upplýsinga sem eiga erindi inn á framtalið en ekki liggur fyrir við forskráningu í hvaða reiti þær eigi að rata, s.s. lánaupplýsingar. Hjá sumum framteljendum eru að auki upplýsingar sem ekki voru færðar inn á framtal en eiga e.t.v. erindi þangað.

Forskráning á vefframtalið er nokkru ítarlegri en á pappírsframtalið og því þurfa þeir sem skila á pappír í meira mæli að flytja upplýsingar af sundurliðunarblaði yfir á framtalið. Leiðbeiningar þar um er að finna á bakhlið sundurliðunarblaðsins sem dreift er með framtöllum. Þess ber að geta að á pappírsframtalið er skráð samtala launa og verðmats fasteigna en á vefframtalið hins vegar laun frá hverjum launagreiðanda og verðmat hverrar fasteignar. Einnig eru upplýsingar um kaup og sölu ökutækja færðar beint á vefframtalið en ekki á pappírsframtalið.

Í þessum leiðbeiningum er fjallað um forskráningu í einstaka kafla og reiti framtalsins og hún skýrð nánar þar sem við á.

### Leiðréttingar á forskráðum upplýsingum

Purfi að leiðrétta fjárhæðir á vefframtali er skrifað ofan í tölurnar sem fyrir eru. Purfi hins vegar að leiðrétta forskráðar fjárhæðir á pappírsframtali er það gert með því að strika yfir fjárhæðina og skrá hana í næstu línu fyrir neðan eða í sérstakan leiðréttingarreit þar sem það á við. Auk þess skal gera grein fyrir slíkum leiðréttingum í athugasemdum í lið 1.4.



### Flutningur upplýsinga úr vefbönkum á framtal

Við framtalsgerðina nú geta skattyfirvöld tekið rafrænt á móti upplýsingum úr vefbönkum um eignir og skuldir í árslok, vaxtatekjur og afdreginn fjármagnstekjuskatt. Viðskiptamenn þeirra banka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana sem kosið hafa að bjóða upp á þessa þjónustu, geta með einfaldri aðgerð sent skattayfirlit yfir á vefframtalið. Fara þá upplýsingarnar á hlutlaust svæði á vefframtalínu þar sem framteljendur þurfa að taka afstöðu til þess hvar á framtali upplýsingarnar lenda.

### Framtalsskil á pappír

Framtalínu má sem fyrr skila á pappír til skattstjóra í því umdæmi sem framteljandi átti lögheimili 1. desember 2005. Á síðasta ári skiluðu aðeins um 10% framteljenda framtali sínu með þessum hætti, enda hafa vinsældir raf-rænna skilaleiða aukist ár frá ári. Útsending pappírsframtala hefur að sama skapi dregist mjög saman, enda æ fleiri sem afþakka að fá það sent. Gert er ráð fyrir að á næstu árum verði reglan sú að senda almennt ekki pappírsframtal nema til þeirra sem skiluðu árið áður á pappír eða óska sérstaklega eftir pappírsframtali.

## Veflykill 2006



Árlega hefur verið úthlutað nýjum lykli til þeirra sem ekki hafa breytt fyrri lykli í varanlegan. Í ár verður þessi háttur hafður á í síðasta sinn. Næst þegar framteljandi innritast á þjónustusiðu sína með aðsendum veflykli verður að breyta honum og gera varanlegan. Því er mikilvægt að velja lykilorð sem framteljandi á auðvelt með að muna og hann telur öruggt og að varðveita lyklinn á visum stað.

# Þjóðskrárupplýsingar, samsköttun o.fl.

**Áritun úr Þjóðskrá - leiðréttingar**  
Ef áritun á framtal (nöfn, kennitölur, heimilisfang) er ekki rétt skal leiðrétting send til Þjóðskrár. Sama á við ef upplýsingar um börn á framfæri framtaljanda í lið 1.1 eru ekki réttar eða vantar inn á framtalið. Athugið að börn sem fædd eru í desember 2005 eru hugsanlega ekki tilgreind á framtali og þarf þá að færa þau inn á það.

**Slysatrygging við heimilisstörf**  
Með því að merkja í þennan reit tryggir framteljandi sér rétt til slysabóta almanna-trygginga vegna slysa við heimilisstörf, en það er sami réttur og vegna vinnu-slysa. Slysabætur almanna-trygginga eru:

- slysadagpeningar,
- greiðsla sjúkrakostnaðar eftir ákveðnum reglum,
- örorkubætur ef slysið leiðir til örorku og
- dánarbætur ef slysið veldur dauða innan tveggja ára frá því það varð.

lögjaldið er innheimt ásamt opinberum gjöldum, en það var 400 krónur árið 2005. Tryggingin gildir frá 1. ágúst á framtalsári til 31. júlí næsta árs á eftir. Slysatryggingin gildir því aðeins að framtali sé skilað á réttum tíma.

Nánari upplýsingar um þessa tryggingu er að finna á vef Tryggingastofnunar ríkisins, [www.tr.is](http://www.tr.is).

## Fjölskyldumerking

Fjölskyldumerking segir til um fjölskyldu-stöðu í Þjóðskrá 1. des. 2005. Fyrsta tákntalan segir til um hjúskaparstöðu, þ.e.:

- 1 einhleypingur,
  - 2 einhleypingur með börn yngri en 16 ára,
  - 3 hjón eða par í staðfestri samvist,
  - 6 samskattað sambúðarfólk,
  - 7 sambúðarfólk sem hafði rétt til samsköttunar á sl. ári en var ekki samskattað,
- \* nýhafin sambúð og
- 9 framteljandi sem misst hefur maka sinn á sl. ári.

Önnur tákntalan segir til um fjölda barna yngri en 7 ára og þriðja um fjölda barna á aldrinum 7-15 ára á framfæri framtaljanda.

## 1.1 Einstætt foreldri

Einhleypingur með börn yngri en 16 ára er með fjölskyldumerkingu 2+ barna-fjöldi. Í þennan reit þarf sá sem er ein-

RSK		SKATTFRAMTAL 2006	
Kennitala framtaljanda 07.07.55-9999		Kennitala maka 06.06.58-9999	
Sveitarfélag lögheimilis 1. des. 2005 Reykjavík		0000	
Nafn - póstfang Árni Jónsson Björtugötu 10 119 Reykjavík		Fyllist út af skattstjóra Fjölskyldumerking 3+1+1 Athugasemdir	
		Slysatrygging við heimilisstörf Setjið X í reitinn ef óskað er slysatryggingar. <input checked="" type="checkbox"/>	
<b>1 Almennar upplýsingar</b>			
<b>1.1 Börn fædd 1990 og síðar, með lögheimili hjá framteljanda í lok árs 2005</b>			
Framteljandi þarf að yfirfara og leiðrétta upplýsingar um börn á framfæri hans.	Árni Árnason Alda Árnadóttir	090992-9999 121299-9999	Einstætt foreldri Ef framteljandi er einstætt foreldri skal staðfesta það með því að setja X í þennan reit. Sjá nánari skýringar í leiðbeiningum.
<b>1.2 Samsköttun:</b> Maður og kona í óvígðri sambúð, sem uppfylla skilyrði fyrir samsköttun, geta óskað eftir samsköttun með því að merkja í reitinn hér fyrir neðan. Ekki er fallast á samsköttun nema merkt sé í reitinn hjá báðum. Sjá í leiðbeiningum um skilyrði fyrir samsköttun. <input type="checkbox"/> Óskað er eftir samsköttun. Kennitala sambúðarmanns/konu:			
<b>Hjá hjónum og sambúðarfólki er nóg að annað fylli út liði 1.3 og 1.4</b>			
<b>1.3 Umsókn um lækkun vegna framfærslu ungmenna:</b> Heimilt er að veita lækkun á tekjuskattstofni ef framteljandi hefur á framfæri sínu ungmenni, sem hefur ekki nægar tekjur til eigin framfærslu, t.d. vegna náms. Tilgreina skal nafn skóla eða ástæðu umsóknar. Hér er einkum átt við aldurinn 16-21 árs. Sjá nánari skýringar.			
528	Nafn skóla	527 Kennitala ungmennis	528 Tekjur
	Menntaskólinn í Reykjavík	0808869999	300.000
<b>1.4 Greinargerð um eignabreytingar eða aðrar athugasemdir:</b> Tilgreinið kaup og sölu hvers konar lausafjár, bifreiða, hjólyssa o.s.frv. Sjá nánari skýringar.			
Seldum þann 30. júní bifreiðina AB-234 árg. '95 á kr. 500.000. Kaupandi Ari Arason kt.241067-9999 Keyptum þann 1. júlí bifreiðina AB-456 árg. '01 á kr. 700.000. Seljandi Bjarni Bjarnason kt.201264-9999			
<b>1.5 Útreikningur á sjómannaafslætti.</b> Fært af eyðublaði RSK 3.13			
Sjómennska á skipum 20 brúttóttunn eða stærri		Sjómennska á bátum undir 20 brúttóttunn	
Laun vegna sjómennsku	317 335562	Laun vegna sjómennsku	318
Fjöldi sjómanna-daga	291 42	Fjöldi sjómanna-daga	292
<b>1.6 Fenginn arfur.</b> Kennitala arfláta			
Hér með staðfestist að vilgögum drengskap að skýrsla þessi um tekjur og eignir er gefin eftir bestu vitund. Forskráðar fjárhæðir hafa verið yfirfarnar og jafnframt leiðréttaðar, hafi það reynst nauðsynlegt. Mér er kunnugt um að ófullnægjandi eða röng upplýsingagjöf getur haft í för með sér álagsbætur eða refsingu. (Þígon undirrita hvort sína forsiðu.)			
19.03.06		Árni Jónsson	999 5555
		Dags/undirskrift	Sími
RSK 1.01 LITLAPRENT		Bls. 1	

hleypur með barn að merkja með X til þess að staðfesta að hann sé einstætt foreldri og annist einn framfærslu þess í lok tekjuársins. Hafi einstætt foreldri stofnað til sambúðar telst það einstætt foreldri þar til réttur til samsköttunar hefur myndast.

## 1.2 Ósk um samsköttun

Maður og kona í óvígðri sambúð, sem ekki hafa áður fengið samsköttun (og eru með fjölskyldumerkinguna 7 á framtali) geta sótt um samsköttun í lið 1.2. Ef talið er fram á vefnum staðfesta þau

umsóknina með því að skrá hvort sinn veflykil í reiti sem upp koma þegar framtalið er opnað í fyrsta sinn. Sambúðarfólk sem áður hefur fengið samsköttun (og er með fjölskyldumerkinguna 6 á framtali) fær sameiginlegt framtal og þarf því aðeins að haka við ósk um samsköttun.

Sambúðarfólk með fjölskyldumerkingu 1, 2 eða \* sem telur sig eiga rétt á samsköttun sækir um hana með því að merkja við umsókn um samsköttun á fyrstu síðu framtals og skrá kennitölu sambúðarmanns/-konu. Þetta þarf að

gera á framtölum beggja svo umsóknin sé tekin gild.

### Framtal hjóna

Hjón skila sameiginlegu framtali. Hvort um sig fyllir út sína forsíðu og tekjusiðu. Í lið 1.1 eru árituð nöfn barna á framfæri þeirra, yngri en 16 ára. Upplýsingar um fjármagnstekjur, eignir og skuldir eru á sameiginlegum síðum. Hjón bera sameiginlega ábyrgð á sköttum sem á eru lagðir samkvæmt framtalinu. Skila ber framtalinu og fylgiblöðum þess í einu lagi.

Á giftingarári geta hjón valið um að telja fram og skattleggjast saman allt árið eða að telja fram tekjur sínar í sitt hvoru lagi fram að giftingardegi en sem hjón frá þeim degi til ársloka. Sé seinni kosturinn valinn þarf að skila þremur framtölum á pappír. Eignatekjur, eignir og skuldir skal telja fram sameiginlega.

### Staðfest samvist

Par í staðfestri samvist er skattlagt eins og hjón. Á því ári sem samvist er staðfest er valkvætt hvort talið er fram sameiginlega fyrir allt árið eða í sitt hvoru lagi fram að staðfestingardegi og sameiginlega frá þeim degi til ársloka (þá verður að telja fram á pappír).

### Samskattað sambúðarfólk - heimild til samsköttunar

Sambúðarfólk sem á sameiginlegt lögheimili á rétt á að vera skattlagt sem hjón ef það á barn saman, konan er þunguð eða ef sambúð hefur varað samfellt í a.m.k. eitt ár. Óski það samsköttunar færast tekjur og eignir á sameiginlegt skattframtal. Skattlagning fer eftir sömu reglum og gilda um hjón. Hafi sambúðarfólk verið samskattað á sl. ári fær það framtal með sameiginlegu eignablaði, eins og hjón.

### Sambúðarfólk sem ekki er samskattað

Sambúðarfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun en óskar ekki samsköttunar skilar hvort sínu framtali. Barnabætur og vaxtabætur reiknast samt sem áður eins og hjá hjónum og skiptast jafnt á milli þeirra við álagningu. Börn á heimili þeirra eru skráð í lið 1.1 hjá báðum.

Sambúðarfólk sem var samskattað á síðasta ári og óskar ekki samsköttunar í ár, þarf að telja fram á pappír.

### Hjónaskilnaður, samvistarslit, sambúðarslit

Hjón, eða par í staðfestri samvist, sem hafa skilið eða slitið samvistum og sambúðarfólk sem slitið hefur sambúð á árinu fá ekki sameiginlegt framtal. Þau

geta valið um að telja fram hvort í sínu lagi allt árið eða að telja sameiginlega fram til skilnaðardags en í sitt hvoru lagi frá þeim degi til ársloka.

Hafi hjón samnýtt persónuafslátt þannig að annað hefur nýtt persónuafslátt hins á staðgreiðsluárinu, skal telja þannig nýttan persónuafslátt þeim fyrrnefnda til góða en skerða persónuafslátt hins síðarnefnda sem því nemur. Gera skal sérstaka grein fyrir þessari nýtingu í athugasemdum í lið 1.4 á framtali.

### Andlát maka

Á andlátsári annars hjóna er eftirlifandi maka heimilt að telja fram tekjur sínar og hins látna eins og um hjón sé að ræða allt árið en persónuafsláttur fyrir hinn látna reiknast í 9 mánuði frá og með andlátsmánuði. Réttur til að nýta persónuafslátt og telja fram tekjur eins og hjá hjónum færast yfir áramót og helst þar til 9 mánaða tímabilið er liðið.

Eftirlifandi maki getur óskað sérsköttunar frá andlátsdegi maka til ársloka. Þá þarf að skila sameiginlegu framtali fram að andlátsdegi, en sérframtölum fyrir hinn eftirlifandi og dánarbú hins látna frá þeim tíma og til ársloka.

### 1.3 Umsókn um lækkun vegna framfærslu ungmenna

Í þessum lið framtals er hægt að sækja um ívilnun samkvæmt 3. og 4. tl. 65. gr. skattalaganna hafi framteljandi á framfæri ungmenni sem eru við nám eða hafa af öðrum ástæðum það lágar tekjur að þær duga ekki til framfærslu. Hér er fyrst og fremst átt við ungmenni á aldrinum 16-21 árs. Sé ungmennið í skóla þarf að tilgreina nafn skóla. Veiti námið rétt til námslána kemur ívilnun ekki til álitu. Við ákvörðun á ívilnun er við það miðað að ungmenni hafi ekki haft nægjanlegt ráðstöfunarfé á árinu og miðast því lækkun á tekjuskattsstofni framfæranda við tekjur þess. Tilgreina þarf tekjur ungmennis í dálk 528. Nægilegt er að annað hjóna eða samskattaðra einstaklinga fylli út þennan lið. Ívilnunin skiptist á milli framfæranda.

Mesta lækkun á tekjuskattsstofni framfæranda við álagningu 2006 er kr. 204.000, miðað við að ungmenni hafi engar tekjur haft. Frá þessari fjárhæð dregst 1/3 af tekjum ungmennis þannig að þegar tekjur þess eru orðnar kr. 612.000 fellur réttur til ívilunar hjá framfæranda niður.

Ívilnun skiptist jafn á milli hjóna og sé annað hjóna tekjulaust færast öll fjárhæðin til lækkunar hjá hinu.

### 1.4 Greinargerð um eignabreytingar eða aðrar athugasemdir

Gera skal grein fyrir kaupum og sölu fasteigna á eyðublaðinu *Kaup og sala eigna RSK 3.02* en fyrir byggingu, viðbyggingu og endurbótum fasteigna á *Húsbyggingarskýrslu RSK 3.03*, sjá bls. 22 og 23. Frá kaupum á verðbréfum skal greina hér en fyrir sölu verðbréfa skal gera grein á eyðublaðinu *Sala/innlausn verðbréfa RSK 3.15* og fyrir kaupum og sölu hlutabréfa skal gera grein á eyðublaðinu *Kaup og sala hlutabréfa RSK 3.09*. Sjá nánar á bls. 24-26.

Frá öðrum eignabreytingum skal greina hér, m.a. kaupum og sölu á ökutækjum, hjólhýsum og hvers konar verðmætum réttindum. Greina skal frá kaup- eða söluverði eignarinnar, nafni og kennitölu kaupanda eða seljanda, dagsetningu kaupsamnings og afsals og hvenær afhending fór fram.

Ef um breytingar á hjúskaparstöðu er að ræða skal greina frá því hér.

### 1.5 Útreikningur á sjómannaafslætti

Niðurstöðutölur af *Greinargerð um sjómannaafslátt RSK 3.13* skal færa í þennan lið. Annars vegar laun vegna sjómennsku og hins vegar sjómannadaga. Sá dagafjöldi sem færast á framtal er annað hvort (A) fjöldi daga á ráðningartíma eða (B) fjöldi lögskráningardaga, margfaldaður með 1,49. Sú tala sem lægri er færast á framtalið. Sjá nánar á bls. 20.

### 1.6 Fenginn arfur - forskráning

Undir þessum lið, sem er nýr á framtali, eru í fyrsta sinn forskráðar upplýsingar um arf. Framteljandi þarf að yfirfara þær og eftir atvikum lagfæra eða bæta við.

Gera skal grein fyrir fengnum arfi í þessum lið, þ.m.t. fyrirframgreiddum arfi. Í fremsta reitinn skal tilgreina kennitölu arfláta. Ef fenginn arfur á árinu er frá fleiri en einum arfláta og talið er fram á pappír skal skrá 999999-9999 sem kennitölu, en gera skal grein fyrir kennitölum og sundurliða fjárhæðir í athugasemdum. Einnig skal færa kennitöluna 999999-9999 ef arfláti hafði ekki íslenska kennitölu. Í næsta reit skal færa heildarfjárhæð fengins arfs og í síðasta reitinn skal færa greiddan erfðafjárskatt. Staðfesting á greiddum erfðafjárskatti, vegna arfs erlendis frá, þarf að fylgja framtalinu.

# Tekjur og frádrættir

## FORSKRÁNING Á TEKJUSÍÐU

Laun, hlunnindi, starfstengdar greiðslur, styrkir o.fl., eru forskráð á framtalið samkvæmt innsendum launamiðum. Einnig greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysisstryggingasjóði, Fæðingarorlofssjóði og lífeyrissjóðum. Á vefframtalinu eru laun sundurliðuð á launagreiðendum og framtalsreitum.

Forskráning nær einnig til frádráttar vegna iðgjalds í lífeyrissjóð, frádráttar vegna viðbótarlífeyrissparnaðar ef sá sparnaður fer í gegnum launagreiðanda svo og staðgreiðslu af forskráðum launum samkvæmt launamiðum. Framteljandi þarf hins vegar sjálfur að færa frádrátt á móti öðrum tekjuliðum og fylla út viðeigandi fylgigögn.

Áriðandi er að framteljandi athugi hvort forskráðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum. Á vefframtalinu eru ekki sérstakir leiðréttingarreitir, heldur eru fjárhæðir leiðréttar með því að yfirskrifa forskráðar fjárhæðir með réttum fjárhæðum.

Leiðréttingu til lækkunar á forskráðum launatekjum þarf framteljandi að rökstyðja með nauðsynlegum gögnum og geta um í athugasemdum í lið 1.4.

Hafi framteljandi þegið laun frá öðrum en fram koma á sundurliðunarblaði þarf að bæta þeim upplýsingum inn á framtalið. Jafnframt verður að gæta þess að leiðrétta frádrátt, eftir atvikum, vegna iðgjalda í lífeyrissjóði og afdregna staðgreiðslu.

**Leiðrétting forskráðra tekju-fjárhæða á pappírsframtalinu**  
Reitir á tekjusíðu eru fylltir út eins og á vefframtalinu, þó þannig að á framtalinu

koma eingöngu fram samtölur en á sundurliðunarblaði, sem fylgir framtalinu, eru greiðslur sundurliðaðar eftir launagreiðendum og framtalsreitum.

Ef leiðrétta þarf forskráð laun í lið 2.1 er strikað yfir forskráða fjárhæð og rétt fjárhæð skráð í næstu línu fyrir neðan. Aðrar leiðréttingar skal gera í þar til gerðum reitum, gráum að lit. Þurfi að leiðrétta, skal strika yfir ranga forskráða fjárhæð og færa rétta heildarfjárhæð í grúa leiðréttingarreitinn.

### Taktu eftir

Við álagningu eru notaðar upplýsingar um þá staðgreiðslu sem staðin hafa verið skil á samkvæmt staðgreiðsluskrá í lok júlí. Þær upplýsingar birtast á innheimtuseðli. Stefnt er að því að þær upplýsingar verði ávallt aðgengilegar á þjónustusíðu framteljanda þannig að hann geti hvenær sem er borið þær saman við upplýsingar um afdregna staðgreiðslu á launaseðlum. Beri þeim ekki saman skal framteljandi snúa sér til launagreiðanda varðandi leiðréttingu. Fáist staðgreiðsla ekki leiðréttingu geta launamenn snúið sér til ríkisskattstjóra með umsókn um leiðréttingu. Afrit af launaseðlum þurfa að fylgja umsókn.

2 Tekjur ársins 2005		Kennitala framteljanda	Kennitala maka
		07.07.55-9999	06.06.58-9999
<b>2.1 Launatekjur og starfstengdar greiðslur</b>			
Forskráð laun o.fl., sbr. sundurliðunarblað	2.200.000		
Útgerðin hf.	335562		
		21	2535562
<b>2.2 Ökutækjastyrkur. Dagpeningar. Hlunnindi</b>			
Ökutækjastyrkur		22	180.000
Dagpeningar		23	174.271
Bilreiðahlunnindi		134	
Önnur hlunnindi, hvaða?		135	
<b>2.3 Lífeyrisgreiðslur. Greiðslur frá Tryggingastofnun. Aðrar bótagreiðslur, styrkir o.fl.</b>			
Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins		40	44.000
Greiðslur úr lífeyrissjóðum		43	
Atvinnuleysisbætur		163	
Félagsleg aðstoð og aðrir styrkir og bætur frá sveitarfélögum		197	
Styrkir til náms, rannsóknar- og vísindastarfa (heildarfjárhæð)		131	50.000
Annað, hvað? Af RSK 3.03			50.323
Annað, hvað?			
Annað, hvað?			
<b>2.4 Reiknað endurgjald við eigin atvinnurekstur Tegund starfsemi:</b>			
<b>2.5 Hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri skv. samræmingarblaði RSK 4.05</b>			
<b>2.6 Frádráttur</b>			
Frádráttur á móti ökutækjastyrki skv. RSK 3.04		32	174.265
Frádráttur á móti dagpeningum skv. RSK 3.11		33	174.271
Iðgjald, lið í lífeyrissjóð á árinu - að hámarki 4% af launum	101422	162	-88.000
Iðgjald, greitt á árinu vegna viðbótarlífeyrissparnaðar - að hámarki 4% af launum		160	44.000
Frádráttur á móti náms-, rannsóknar- og vísindastyrkjum skv. meðfylgjandi greinargerð		149	30.000
Frádráttur frá öðrum styrkjum og starfstengdum greiðslum skv. meðfylgjandi greinargerð		157	
<b>2.7 Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars Samtala 2.1, 2.2, 2.3, 2.4, 2.5 - 2.6</b>		<b>= 2510198</b>	
<b>2.8 Tekjur erlendis aðrar en fjármagnstekjur Greiddir skattar erlendis Heildartekjur í erlendri mynt Heildartekjur í íslenskum krónum</b>			
Í hvaða landi?		319	
Í hvaða landi?		319	
<b>2.9 Skattfrjálsar tekjur Leiðréttingareitir: Kanníð hvort fjárhæðir í útfylltum reitum eru réttar.</b>			
A. Skattfrjálsar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins		596	
B. Skattfrjálsir vinningar í happdrættum, getraunum og talnaleikjum		597	
C. Aðrar skattfrjálsar tekjur. Hverjar?		73	
<b>2.10 Staðgreiðsla af tekjum (öðrum en fjármagnstekjum)</b>	<b>609143</b>	<b>296</b>	<b>-484.862</b>

Bis. 2





### Húsnæðishlunnindi

Ef launagreiðandi lætur starfsmanni sínum í té endurgjaldslaus afnot íbúðarhúsnæðis skulu þau metin starfsmanni til tekna sem hér segir:

Árleg afnot skulu metin til tekna sem jafngildi 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins, þ.m.t. bílskúrs og lóðar. Sú fjárhæð er margfölduð með gildistölu þess svæðis þar sem húsnæðið er sbr. eftirfarandi:

Gildistala	Staðsetning
1,0	Reykjavík (þar með talið Kjalarnes), Seltjarnarnes, Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Bessastaðahreppur, Hafnarfjörður
0,80	Grindavík, Sandgerði, Gerðahreppur, Reykjanesbær, Vatnsleysustrandahreppur, Akranes, Akureyri, Árborg, Hveragerði, Ölfus
0,70	Önnur sveitarfélög

Endurgjaldslausa orkunotkun (rafmagn og hita) skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Fylgi starfi launamanns kvöð um búsetu í húsnæði sem launagreiðandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði allt að 150 m<sup>2</sup> að viðbættum 5 m<sup>2</sup> fyrir hvern íbúa umfram 6 telst fullnýtt.

Eigi skal meta til tekna afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

Hafi launþegi endurgjaldslaus afnot af orlofshúsnæði frá launagreiðanda sínum skal telja launþeganum til tekna 1.500 kr. fyrir hvern dag sem hann eða aðrir fjölskyldumeðlimir hans nýta húsnæðið. Með orlofshúsnæði er í þessu sambandi átt við sumarbústaði og annað það húsnæði sem ætlað er til slíkrar notkunar.

### Lán frá launagreiðanda

Sá sem fær vaxtalaust lán hjá launagreiðanda sínum eða fyrir milligöngu hans skal telja sér vaxtahagræðið til tekna sem hlunnindi. Sama á við um greiðslufresti og afborganir af kaupum á hlutabréfum eða öðrum eignum. Fyrir árið 2005 miðast tekjumatið við 9% ársvexti af höfuðstól með verðbótum. Séu vextir af fengnu láni lægri en framangreindir vextir skal telja mismuninn til tekna.

## 2.3 Lífeyrisgreiðslur. Greiðslur frá Tryggingastofnun. Aðrar bótagreiðslur, styrkir o.fl.

### Reitur 40: Greiðslur frá TR

Allar greiðslur frá Tryggingastofnun eru forskráðar á framtalið.

#### Ellilífeyrir

#### Endurhæfingarlífeyrir

#### Örorkulífeyrir og örorkustyrkur

Örorkulífeyrir frá TR vegna slysa. Sé hann vegna barna yngri en 16 ára telst hann sem tekjur hjá framfæranda og skiptist þá jafnt ef um hjón eða sambúðarfólk er að ræða

#### Tekjutrygging

#### Uppbætur

#### Heimilisuppbót

#### Uppbót vegna reksturs bifreiðar

#### Maka- og umönnunarbætur

#### Vasapeningar

#### Dagpeningar

#### Orlofs- og desemberuppbætur

#### Mæðra- og feðralaun

#### Dánarbætur til 6,12 eða 36 mánaða

#### Niðurfelling kröfu vegna ofgreiðslu

#### Sjúkra- og slysadagpeningar

#### Skattskyld sjúkingatrygging

### Reitur 43: Lífeyrisgreiðslur og barnalífeyrir frá lífeyrissjóðum.

Ef barn hefur misst annað eða bæði foreldri og er skattlagt sérstaklega af öðrum tekjum en launatekjum, færast barnalífeyrir á sérframtal þess.

### Reitur 163: Atvinnuleysisbætur

### Reitur 197: Styrkir og bætur frá sveitarfélögum

### Reitur 131: Styrkir til náms, rannsókna og vísindastarfa

þ.m.t. endurmenntunar- og starfsmenntunarsjóðsstyrkir. Sjá einnig umfjöllun um reit 149, undir lið 2.6.

### Ötölusettur reitur: Aðrar greiðslur

**Barnsmeðlög** að því marki sem þau eru umfram fjárhæð tvöfalds barnalífeyris.

#### Björgunarlaun.

**Dagvistunargreiðslur.** Dagmæður. Greiðslur frá sveitarfélögum til dagmæðra vegna þeirra eigin barna færast hér. Endurgreiðsla sveitarfélaga til foreldra vegna vistunar barna hjá dagmæðrum telst ekki til tekna hjá foreldr-

um og færast ekki á framtal. Sjá nánar á bls. 29.

#### Dvalar- og ferðastyrkir.

**Eigin vinna við íbúðarhúsnæði** unnin í venjulegum vinnutíma skal metin til tekna og færð í þennan reit. Sama á við um skiptivinnu, gjafavinnu og eigin vinnu við aðrar fasteignir en íbúðarhúsnæði, s.s. sumarbústaði. Eigin vinna við íbúðarhúsnæði sem unnin er utan venjulegs vinnutíma er skattfrjálgs. Gera skal grein fyrir eigin vinnu á *Húsbyggingarskýrslu RSK 3.03*, sjá nánar á bls. 23.

**Framfærslulífeyrir** barnsmóður (barnsfararkostnaður).

**Framfærslulífeyrir** frá fyrrverandi maka að því marki sem hann er umfram fjárhæð lágmarksellilífeyris.

#### Fæðingarstyrkur.

**Gjafir**, þó ekki tækifærissgjafir ef verðmæti þeirra er ekki meira en gerist almennt um slíkar gjafir.

**Greiðslur frá sveitarfélögum** vegna fósturbarna sem sett eru í fóstur af opinberum aðilum, sjá nánar á bls. 29.

**Greiðslur fyrir vistun** aldraðra eða öryrkja í heimahúsum, sjá nánari upplýsingar á bls. 29.

**Greiðslur til stuðningsfjölskyldna** fatlaðra barna, sjá nánar á bls. 29.

**Happdrættisvinningur:** Skattskyldur happdrættisvinningur færast hér, en skattfrjálgs færast í 2.9 B, í reit 597.

**Höfundarlaun**, listamannalaun, heiðurslaun, heiðursverðlaun. Skattskyld heidursverðlaun skal færa hér en skattfrjálgs í 2.9 C í reit 73, sjá skýringar við þann reit.

**Laun frá alþjóðastofnun** færast hér í þeim tilvikum þar sem í samningum sem Ísland hefur gert við önnur ríki er sérstaklega kveðið á um skattfrelsi. Sé svo ekki færast launin í 2.1.

**Sjúkra- og slysadagpeningar** frá öðrum en TR.

**Staðaruppbót** vegna starfa erlendis í þjónustu íslenska ríkisins.

**Styrkir úr styrktar- og sjúkrasjóðum stéttarfélaga** svo sem vegna gleraugnakaupa, heyrnartækjakaupa, glasafrjögvar, krabbameinsskoðunar, ættleiðinga, tannviðgerða, líkamsræktar, sjúkráþjálfunar, sálfræðipjónustu, dvalar á heilsustofnunum og útfarar.

**Aðrir styrkir**, svo sem til sjálfbóðaliða við lyfjatilraunir, útfararstyrkir og verkfallsstyrkir.

**Vinningar** í veðmáli eða keppni.

## 2.4 Reiknað endurgjald

Í reit 24 færast reiknað endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, atvinnurekstur maka eða í sameignarfélagi sem

ekki er sjálfstæður skattaðili. Sé það lægra en staðgreiðsla hefur miðast við skal láta skýringar fylgja. Reiknað endurgjald sem er innan þeirra marka sem halda mátti utan staðgreiðslu færast einnig hér.

## 2.5 Hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri

Þeir sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi færa hreinar tekjur af atvinnurekstri samkvæmt samræmingarblaði RSK 4.05 og rekstrarreikningi, sem fylgja á framtalinu, í reit 62. Ef um tap er að ræða færast engin tala í þennan reit. Hjá hjónum færast hreinar tekjur hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum, en þær skiptast á milli þeirra sé um sameiginlegan rekstur að ræða. Við skiptingu skal taka mið af vinnuframlagi hvors um sig.

## 2.6 Frádráttur frá tekjum

**Reitur 32: Ökutækjastyrkur**  
Frádráttur á móti ökutækjastyrk og endurgreiddum bifreiðakostnaði ber að færa í þennan reit. Fylla skal út eyðublaðið *Ökutækjastyrkur RSK 3.04*, og skila því með framtalinu, sjá bls. 28.

**Reitur 33: Dagpeningar**  
Frádráttur á móti dagpeningum ber að færa í þennan reit. Fylla skal út eyðublaðið *Dagpeningar RSK 3.11*, og skila því með framtalinu, sjá bls. 21.

**Reitir 162 og 160: Iðgjöld í lífeyrissjóði.** Í reit 162 færast iðgjald í lífeyrissjóð sem innt hefur verið af hendi á árinu og í reit 160 iðgjald í séreignalífeyrissjóð. Vakin er athygli á því að forskráð fjárhæð á framtali takmarkast við 4% af heildarlaunum í báðum tilvikum. Þetta á við þrátt fyrir að sundurliðunarblað sýni að hærri fjárhæð hafi raunverulega verið greidd í lífeyrissjóði. Þó er iðgjaldi umfram 4% í reit 160 bætt við iðgjald í reit 162 þar til samanlagður frádráttur í reitunum tveimur nær 8% af heildarlaunum.

**Reitur 149: Frádráttur á móti náms-, rannsóknar- og vísindastyrkjum.** Ef gerð er krafa um frádrátt vegna beins kostnaðar á móti náms-, rannsóknar- eða vísindastyrkjum, skal færa frádráttinn í þennan reit. Frádráttur þessi getur ekki orðið hærri en styrkur sem talinn er til tekna í reit 131 í kafla 2.3. Heimilt er að draga frá

kostnað á móti styrknum, þó ekki vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna.

Gera skal sundurliða grein fyrir þessum kostnaði á sérstöku yfirliti sem fylgja skal framtalinu (sérstakt undirblað á vefframtali). Heildarkostnaður skv. yfirlitinu færast síðan í reit 149. Ekki er heimilt að draga kaupverð tækja, s.s. tölva og tölvubúnaðar, frá styrkjum. Ef um atvinnurekstur er að ræða skal gera grein fyrir tekjum og frádrætti á *RSK 4.10* eða *RSK 4.11* ef rekstrartekjur eru hærri en 500.000 kr.

**Reitur 157: Frádráttur frá öðrum styrkjum og starfstengdum greiðslum.** Ef gerð er krafa um frádrátt vegna kostnaðar á móti styrkjum til sérstakra verkefna eða starfstengdum greiðslum, án þess að um sjálfstæðan atvinnurekstur sé að ræða, færast sá frádráttur í þennan reit.

Gera skal sundurliða grein fyrir kostnaðinum á sérstöku yfirliti sem fylgja skal framtalinu (sérstakt undirblað á vefframtali). Heildarkostnaður skv. yfirlitinu færast síðan í reit 157. Frádráttur heimilast ekki á móti styrkjum vegna persónulegra útgjalda, s.s. vegna gleraugnakaupa, heyrnartækjakaupa, glasafrjógvunar, krabbameinsskoðunar, ættleiðinga, tannviðgerða, líkamsræktar, sjúkráþjálfunar, sálfræðiþjónustu, dvalar á heilsustofnunum og útfarar.

## 2.7 Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars

Hér færast samtala liða 2.1-2.5 að frádreginni fjárhæð í 2.6 sem stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars. Þessi fjárhæð reiknast sjálfkrafa á vefframtali.

## 2.8 Tekjur erlendis, aðrar en fjármagnstekjur

Undir þennan lið skal færa launatekjur sem aflað hefur verið erlendis á árinu. Gefa skal upp í hvaða landi teknanna var aflað og fjárhæð þeirra í erlendra mynt sem umreikna skal síðan í íslenskar krónur á meðalkaupgengi þess tímabils þegar teknanna var aflað. Sú fjárhæð færast síðan í reit 319.

Gera skal grein fyrir greiddum sköttum erlendis. Fjárhæðina skal færa í erlendra mynt.

Varðandi aðrar tekjur en launatekjur, sjá bls. 30 um tekjur og eignir erlendis.

## 2.9 Skattfrjálsar tekjur

### A: reitur 596: Skattfrjálsar greiðslur frá Tryggingastofnun

**Barnalífeyrir**, barnsmeðlag og menntunar-meðlag.

**Bifreiðakaupastyrkur.**

**Dánarbætur** vegna slysa.

**Styrkur** til kaupa á sérfæði vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi.

**Umönnunargreiðslur.**

**Örorkubætur** vegna varanlegrar örorku. **Skattfrjáls sjúklingatrygging.**

### B: reitur 597: Vinningar, verðlaun o.fl.

**Happdrættisvinningar.** Skattfrjálsir happdrættisvinningar færast hér, sjá nánar á bls. 34.

### C: reitur 73: Aðrar skattfrjálsar greiðslur

**Dánarbætur** tryggingafélaga sem ákveðnar eru og greiddar í einu lagi og dánarbætur sjúkrasjóða stéttarfélaganna.

**Dvalar- og ferðastyrkir** til jöfnunar á námskostnaði.

**Heiðurslaun - heiðursverðlaun.** Bókmennta-, tónlistar- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs ásamt norrænu leikskáldaverðlaununum og Nóbelsverðlaununum eru undanþeginn skattskyldu.

**Húsaleigubætur.**

**Miskabætur og skaðabætur**, greiddar vegna eignatjóns og varanlegrar örorku.

**Styrkir.** Ólíustyrkur, styrkur til tækjakaupa fatlaðra og styrkur úr húsfriðunarsjóði.

**Samskotafé** vegna veikinda eða slysa.

## 2.10 Staðgreiðsla af launum

Í reit 296 eru forskráðar af launamiðum upplýsingar um staðgreiðslu af þeim launum sem eru forskráð á framtal.

Ef um er að ræða staðgreiðslu af launum sem ekki eru forskráð þarf framteljandi að bæta þeirri fjárhæð við. Í vefframtalinu er það gert með því að yfirskrifa forskráðar fjárhæðir með réttum fjárhæðum. Í pappírframtalinu hins vegar þarf að strika yfir forskráðu fjárhæðina og færa leiðréttu fjárhæð í gráa reitinn við hliðina.

Hér skal einnig færa staðgreiðslu sem skilað var af reiknuðu endurgjaldi og aðra staðgreiðslu sem greidd var samkvæmt 38. grein staðgreiðslulaganna, en þær fjárhæðir eru ekki forskráðar. Athugið að hér á ekki að færa staðgreiðslu af vaxtatekjum eða öðrum fjármagnstekjum.

# Fjármagnstekjur og peningalegar eignir

## Taktu eftir

Vakin er athygli á því að nú skal gera grein fyrir kaupverði hlutabréfa. Sjá reiknivél á [rsk.is](http://rsk.is).

Peir sem keyptu eða seldu hlutabréf á árinu 2005 þurfa að fylla út eyðublaðið RSK 3.09. Sjá bls. 24 og 25.

Fjármagnstekjur eru vaxtatekjur, arður, söluhagnaður og leigutekjur utan rekstrar. Með vaxtatekjum er átt við vexti, verðbætur, afföll og gengishagnað. Vaxtatekjur sem áfallnar voru fyrir gildistöku laga um skatt á fjármagnstekjur, þ.e. fyrir 1. janúar 1997, eiga ekki að færast á framtal því þær mynda ekki stofn til skatts á fjármagnstekjur.

### 3.1 Innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum

Hér skal færa allar innstæður í bönkum og sparisjóðum. Sama gildir um innstæður í innlánsdeildum samvinnufélaga og á póstgíró- og orlofsfjárreikningum. Innstæður á gjaldeyrisreikningum í innlendum bönkum færast í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok. Vaxtatekjur færast til tekna í reit 12 þegar þær eru lausar til ráðstöfunar. Staðgreiðsla færast í reit 301.

#### Upplýsingar úr vefbönum

Upplýsingar frá bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum eru ekki forskráðar á framtalið. Nú býðst framteljendum hins vegar sú þjónusta hjá einstökum viðskiptabönkum að flytja framtalsskyldar upplýsingar rafrænt úr vefbanka yfir á vefframtal með einfaldri aðgerð.

### 3.2 Innstæður í erlendum bönkum

Hér skal færa innstæður í erlendum bönkum. Þær færast til eignar í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok, í reit 321. Vaxtatekjur af þeim færast, þegar þær eru lausar til ráðstöfunar, í reit 322.

### 3.3 Innlend og erlend verðbréf og kröfur. Stofnsjóðsinneign

Innlend og erlend verðbréfaeign, t.d. skuldabréf, hlutdeildarskírteini, víxlar, stofnfjáreign o.fl. færast hér. Eignir þessar skal færa á nafnverði að viðbættum

Peninga-, verðbréfa- og hlutabréfaeign í árslok 2005		Árni Jónsson		07.07.55-9999
3 Fjármagnstekjur		Jóna Sveinsdóttir		06.06.58-9999
		Björtugötu 10 Reykjavík		0000
<b>3.1 Innstæður í innlendum bönkum og sparisjóðum</b>		Vaxtatekjur	Eign í árslok	
Bankinn hf. bók 1234		136	23 689	
Bankinn hf. einkareikn. 444		10 627	607 233	
Samtals		10 763	630 922	
Staðgreiðsla af vaxtatekjum	301	1 076	12	10 763
<b>3.2 Innstæður í erlendum bönkum</b>		Vaxtatekjur	Eign í árslok	
Den Danske Bank Land		7 300	105 000	
Land				
Samtals		7 300	105 000	
Staðgreiðsla af vaxtatekjum	322	7 300	321	105 000
<b>3.3 Innlend og erlend verðbréf og kröfur. Stofnsjóðsinneign</b>		Vaxtatekjur	Eign í árslok	
Spariskírteini ríkissjóðs			753 400	
Davíð Davíðsson 121135-9999		15 000	413 000	
Fært af RSK 3.15		4 250	4 250	
Samtals		19 250	1 208 900	
Staðgreiðsla af vaxtatekjum	302		36	19 250
<b>3.4 Innstæður og verðbréf barna</b>		Vaxtatekjur	Eign í árslok	
Samtals		10 000	180 000	
Staðgreiðsla af vaxtatekjum	303	1 000	03	10 000
<b>3.5 Hlutabréf og stofnfjárbref sparisjóða</b>		Kaupverð	Arður	Eign í árslok
Ferðir og fræðsla ehf		250 000	9 000	250 000
Flugfélagið Frelsi hf		290 000	5 000	500 000
Staðgr. af arði		540 000	14 000	300 000
Staðgr. af arði	306	1 400	330	540 000
	307		308	14 000
<b>3.6 Hlutabréf í erlendum hlutafélögum</b>		Arður	Eign í árslok	
Land				
Land				
Samtals				
	324		323	
<b>3.7 Heildartekjur af útleigu eigna sem ekki tengjast atvinnurekstri</b>		521		
<b>3.8 Hagnaður af sölu hlutabréfa skv. sundurliðun á RSK 3.09</b>		164 409 732		
<b>3.9 Annar söluhagnaður, hvaða?</b>		522		
<b>3.10 Frádráttur</b>		Frádráttur		
Mótreikningur vegna tapaðra fjármagnstekna skv. RSK 3.16		523		
<b>Fjármagnstekjur samtals (12+322+36+03+307+324+521+164+522-523)</b>		471 045		

RSK 1.01 LITLAPRENT

Hjá hjónum og öðrum samsköttu-um einstaklingum skattleggjast eignatekjur ávallt hjá þeim sem er með hærri tekjur skv. 2. kafla. Sjá nánar í leiðbeiningum.

Bls. 3

áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok. Hlutdeildarskírteini teljast til eignar á gengi í árslok, en verðbréf sem skráð eru í kauphöll skal þó telja til eignar á kaupgengi kauphallar í árslok, sjá töflu á bls. 32. Eignir í erlendum gjaldmiðlum teljast til eignar í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok. Hér skal einnig færa stofnsjóðsinneignir hjá samvinnufélögum. Þær skal telja fram á nafnverði. Vaxtatekjur skal telja til tekna þegar þær eru lausar til ráðstöfunar.

Gjaldfallnar vaxtatekjur færast til tekna í reit 36 og staðgreiðsla af þeim í reit 302. Afföll af kröfum færast til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir

afborgunartíma kröfunnar. Gera skal grein fyrir sölu og/eða innlausn verðbréfa á eyðublaðinu *Salainnlausn verðbréfa RSK 3.15*. Sjá nánari skýringar á bls. 26. Niðurstöður af því eyðublaði færast í lið 3.3 (gerist sjálfkrafa í vefframtali). Vextir af hlutdeildarskírteinum færast til tekna þegar þær eru lausir til ráðstöfunar. Til tekna skal færa áfallinn gengishagnað á hverja úttekt af reikningi eða afborgun af kröfu í erlendra mynt. Heimilt skal þó að miða við meðaltal stöðu reiknings í upphafi og í lok árs eða á innborgunar- og úttektardegi innan ársins nema um veruleg viðskipti sé að ræða.

### Söfnunaryggingar

Söfnunaryggingar, þar með taldar söfnunarlíftryggingar, teljast einnig til eignar undir lið 3.3. Vexti, arð og aðra ávöxtun af slíkum tryggingum skal almennt telja til tekna þegar tekjurnar myndast, þ.e. eru færðar tryggingataka til eignar. Ef ekki er heimild í söfnunaryggingarsamningi til að innleysa innstæðuna á samningstímanum mynda áfallnar vaxta-tekjur fyrst skattstofn þegar samnings-tíminn er liðinn eða á því tímamarki sem fyrst er hægt að krefjast greiðslu sparnaðarins og vaxta á hann.

### Kaupleiguíbúðir - búseturéttur

Kröfur á hendur viðurkenndum sjálfs-eignarstofnunum, sem samhliða veita kröfuhafa íbúðarrétt, skal telja til eignar undir lið 3.3. Sé krafan hærri en fasteignamat viðkomandi íbúðar er heimilt að telja kröfuna til eignar á fasteignamati.

Þar skal einnig telja framlag eða eignarhlut í almennum kaupleiguíbúðum sem veita rétt til búsetu. Við eignfærslu skal miða við innlausnarverð eignarhlutans eins og það var í árslok.

Innlausnarverð búseturéttar/eignarhluta er forskráð undir þessum lið á vefframtalínu. Það er ekki forskráð á pappírframtal en kemur fram á sundurliðunarblaði.

### 3.4 Innstæður og verðbréf barna

Innstæður og verðbréf í eigu barna yngri en 16 ára færast í reit 04. Vaxtatekjur af þeim færast í reit 03 og staðgreiðsla í reit 303.

### 3.5 Hlutabréf og stofnfjárbréf sparisjóða

Í þennan kafla skal færa hlutabréf og stofnfjárbréf sparisjóða.

Upplýsingar um eign í árslok (nafnverð), arð og staðgreiðslu af arði á árinu eru nú forskráðar á framtalið af innsendum hlutafjármiðum.

Hlutabréf og stofnfjárbréf skal færa til eignar á nafnverði í reit 308. Færa skal arð í reit 307 og staðgreiðslu af honum í reit 306 ef arði var úthlutað á árinu. Hlutabréfaeign barna færast með sama hætti í þessa reiti.

Í reit 330 skal færa heildarkaupverð hlutabréfa. Ef hlutabréfin voru keypt í nokkrum skömmtum skal færa samtölu á kaupverði. Með kaupverði er átt við það verð sem greitt var fyrir bréfin þegar þau voru keypt, án framreiknings, ef þau voru keypt 1997 eða síðar. Hafi bréfin verið keypt 1996 eða fyrr er kaup-

verð þeirra framreiknað með verðbreytingastuðli sem gildir fyrir viðkomandi kaupár. Verðbreytingastuðlana er að finna á bls. 24. Þó skal færa jöfnunarverðmæti hlutabréfa sem keypt voru fyrir árslok 1996, ef það er hærra.

Jöfnunarverðmætið er margfeldi nafnverðs hlutabréfa eins og það var í árslok 1996 (sjá framtal 1997) margfaldað með jöfnunarstuðli félagsins sem er að finna á vef ríkisskattstjóra, **rsk.is/hlutabref**. Ef félagið er ekki á þeim lista er stuðullinn 1,0000.

Hafi kaupverð verið fært niður, vegna söluhagnaðar áður seldra hlutabréfa eins og heimilt var á árunum 1996-2001, skal þannig niðurfært kaupverð fært í dálkinn kaupverð.

Kaupverð hlutabréfa sem framteljandi hefur eignast við samruna hlutafélaga er jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa sem hann lét af hendi við sameininguna.

Kaupverð hlutabréfa sem fengin hafa verið í arf er kaupverð arfláta. Ef arfláti átti hlutabréfin í árslok 1996 er heimilt að færa jöfnunarverðmæti þeirra sem kaupverð.

Kaupverðið er hér skilgreint með sama hætti og gert er við útreikning á söluhagnaði hlutabréfa. Sjá nánar um kaupverð á bls. 25. Á vef ríkisskattstjóra er að finna reiknivél fyrir þennan útreikning.

#### Dæmi:

Guðmundur keypti árið 1986 hlutabréf í flugfélaginu Loftbrú hf. fyrir hálf milljón króna. Nafnverð þessara hlutabréfa var í árslok 1996 400.000 kr. Jöfnunarstuðull fyrir Loftbrú er 3,4567. Árið 1999 keypti Guðmundur aftur hlutabréf í félaginu og þá fyrir 915.000 kr.

Framreiknað kaupverð á hlutabréfunum frá 1986 er 1.257.000 kr., þ.e. 500.000 margfaldað með stuðlinum 2,5140. Jöfnunarverðmæti þeirra er 1.382.680 kr. Kaupverð hlutabréfa í Loftbrú hf. sem færast í reit 330 er því 2.297.680 kr. vegna kaupanna 1986 og 1999.

### 3.6 Hlutabréf í erlend-um hlutafélögum

Hlutabréfaeign í erlendum hlutafélögum færast í reit 323. Tilgreina skal nafn hlutafélagsins og í hvaða landi það er. Hlutabréfin skal færa til eignar á nafnverði, en á kaupverði liggja nafnverðið ekki fyrir. Arðinn skal færa í reit 324. Ef um eign í fleiri en tveimur erlendum hlutafélögum er að ræða og talið er fram á pappír skal skila sundurliðun á framhaldsblaði, RSK 3.01, en færa samtölur af því á framtalið. Hafi verið greiddur skattur af arðinum erlendis skal gera grein fyrir því í athugasemdum í lið 1.4 og láta fylgja með gögn því til staðfestingar. Unnt er

að skila skönnuðum skjölum með vef-framtali. Færa skal hlutabréfaeign í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok. Arð skal færa á kaupgengi þess tíma þegar hann var greiddur út.

### 3.7 Leigutekjur

Hafi framteljandi tekjur af útleigu fasteigna eða eignaréttinda, sem ekki fellur undir atvinnurekstur, skal hann færa brúttóleigutekjur vegna útleigunnar án frádráttar. Heildarleigutekjur, sem eru lægri en sem nemur hlunnindamati samkvæmt skattmati, skulu taldar fram á því mati, sjá reglur um húsnæðishlunnindi á bls. 10. Sama á við þegar húsnæði er látið í té án endurgjalds. Útleiga á atvinnurekstrarhúsnæði telst til atvinnurekstrar en útleiga á íbúðarhúsnæði telst ekki til atvinnurekstrar nema fyrningargrunnur þess í árslok nemi a.m.k. kr. 29.324.700 hjá einstaklingi eða kr. 58.649.400 hjá hjónum. Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði og á sama tíma leigugjöld vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, er heimilt að draga leigugjöldin frá leigutekjum. Frádráttur þessi leyfist þó eingöngu á móti leigutekjum af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er leigt út tímabundið.

### 3.8 Söluhagnaður af hlutabréfum

Þegar seld eru hlutabréf skal gera grein fyrir því á eyðublaðinu *Kaup og sala hlutabréfa RSK 3.09*. Sjá nánar á bls. 24 og 25.

### 3.9 Annar söluhagnaður

Hér færast skattskyldur söluhagnaður af eignum sem ekki tengjast atvinnurekstri. Hér er fyrst og fremst átt við sölu fasteigna og lausafjár. Hagnaður af sölu lausafjár er þó ekki skattskyldur nema eignanna hafi verið aflað í þeim tilgangi að selja með hagnaði.

### 3.10 Frádráttur. Mótreikningur

Heimilt er að draga tapaða vexti frá fjármagnstekjum hafi skattur þegar verið greiddur af vöxtunum. Frádráttur má færa á framtali þess árs þegar sýnt er fram á að krafan sem vextirnir voru reiknaðir af fæst ekki greidd og má þá krafan ekki vera eldri en fimm ára. Frádráttinn má einungis færa á móti fjármagnstekjum. Ef frádrátturinn nýtist ekki að fullu á móti fjármagnstekjum yfirfærast heimildin til næsta framtals, í allt að fimm ár. Á sama hátt má draga frá aðrar tapaðar fjármagnstekjur sem skattur hefur verið greiddur af. Gera skal grein fyrir þessum frádrætti á eyðublaðinu *Mótreikningur vegna tapaðra fjármagnstekna RSK 3.16*, sjá leiðbeiningar á eyðublaðinu.

## Eignir og skuldir í árslok

## 4.1 Fasteignir

Forskráning fasteigna á framtal  
Upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins um mat fasteigna í árslok 2005 eru forskráðar á framtalið. Á vefframtalið er sérhver eign skráð en á pappírframtalinu einungis heildarverðmat allra fasteigna. Sundurliðunarblað með framtalinu sýnir hins vegar allar fasteignir.

Vanti í einhverjum tilvikum fasteignir inn í fasteignamatið og sundurliðunina, þarf að bæta þeim á framtalið. Einnig getur þurft að leiðrétta forskráða fjárhæð á framtali eða bæta henni við, sé fasteignamatið ekki forskráð. Upplýsingar um fasteignir og fasteignamat er að finna á tilkynningu (fasteignamatsseðli) sem húseignendur fá frá Fasteignamati ríkisins. Tilgreina skal heildarmat (þ.e. fasteignamat samtals) og fastanúmer fyrir hverja eign. Framteljandi skráir aðeins sinn eignarhluta ef um sameign er að ræða.

Á pappírframtalinu er leiðrétting fjárhæða framkvæmd með því að strika yfir fjárhæðina og setja þá réttu í grúa leiðréttingarreitinn við hliðina.

Leiðréttingar sem þessar geta m.a. átt við ef fasteignamat hefur breyst vegna kærumeðferðar og nýtt fasteignamat borist framteljanda áður en framtalsgerð lýkur. Í þeim tilvikum skal nýja fasteignamatið fært á framtal. Leiðréttingu á forskráðu fasteignamati þarf framteljandi að rökstyðja með nauðsynlegum fylgigögnum auk þess sem geta skal um slíkt í athugasemdum í lið 1.4.

Auk leiðréttingar á framtali skal beiðni um leiðréttingu á fasteignamati eða breytta skráningu komið til Fasteignamats ríkisins.

Peir sem telja fram á pappír þurfa að færa heildarfjárhæð fasteigna í samtölureit 314.

**Vakin er athygli á því**, að fasteignir eru ekki forskráðar hjá þeim sem skilufðu efnahagsreikningi með framtali sínu 2005 og eru auk þess með reiknuð laun við eigin atvinnurekstur. Stafar það af því að ekki er í öllum tilfellum hægt að greina vérlænt á milli eigna sem tengjast atvinnurekstri og annarra eigna.

4 Eignir í árslok 2005		Kennitala framteljanda	Kennitala maka
		07.07.55-9999	06.06.58-9999
4.1 Fasteignir skv. fasteignamati	Leiðréttingarreitur: Kannð hvort fjárhæð í útylitum reit er rétt.	Fasteignamat	
Fasteignir skv. sundurliðunarblaði			11.465.000
Ómetinn byggingarkostnaður skv. RSK 3.03			3.835.000
Afgjaldskvaðarverðmæti (sbr. leiðb.)		313	39.410
Samtals fasteignir		314	15.300.000
4.2 Bifreiðir	Númer	Kaupár	Verð
Sjá reglur um afskrift bifreiða í leiðbeiningum.	AB 123	1998	720.010
	AB 456	2005	700.000
Samtals bifreiðaeign		06	1.420.010
4.3 Aðrar eignir áður ótaldar	Hvaða eignir:	Tjaldvagn	15
			3.500.000
4.4 Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi - skv. samræmingarblaði RSK 4.05			01
Staðgreiðsla af fjármagnstekjum í eigin atvinnurekstri		309	
5 Skuldir og vaxtagjöld			
5.1 Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna kaupleiguibúðar skv. RSK 3.08	166		167
5.2 Lán vegna kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis til eign nota. Ef hluti láns er nýttur til annars en öflunar íbúðarhúsnæðis skal tilgreina hve hátt hlutfall fjárhæðar er til öflunar íbúðarhúsnæðis (reitur 1). Í reiti 5 til 8 skal færa heildarfjárhæðir (án hlutföllunar) en í dálka 9 og 10 skal aðeins færa þann hluta af vaxtagjöldum og eftirstöðvum sem tilheyrir öflun íbúðarhúsnæðis.	Vaxtagjöld og lán eða láns hlutar sem ekki ganga til öflunar íbúðarhúsnæðis færast í kafla 5.5.		
Staðsetning íbúðarhúsnæðis:	Fyllist út af skattstjóra		299
Kaupár:	9 Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis		10 Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis
1 Lánveitandi	1) Lánfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími
5 Heildargreiðsla	+	8 Lántökukostnaður	=
1 Lánveitandi	1) Lánfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími
5 Heildargreiðsla	+	8 Lántökukostnaður	=
1 Lánveitandi	1) Lánfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími
5 Heildargreiðsla	+	8 Lántökukostnaður	=
Fært af framhaldsblaði RSK 3.01			
Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis samtals		87	45
5.3 Ef selt var og annað ekki keypt í staðinn, fyrir árslok, færast hér eftirstöðvar skulda eins og þær voru á sölu degi			41
5.4 Skuldir umfram eignir í eigin atvinnurekstri skv. samræmingarblaði RSK 4.05			165
5.5 Aðrar skuldir og vaxtagjöld	Purfi að leiðrétta forskráðar upplýsingar, þá skal strika yfir fjárhæðirnar og skrá réttar fjárhæðir í næstu línu fyrir neðan.		
Nafn lántveitanda	LÍN	29.312	552.412
Tilgreinið kennitalu ef um einstakling er að ræða.	BÍLALÁN	30.540	1.367.000
	Kreditkort		157.000
Samtals	88	59.852	2.076.412

Bls. 4

## Matsverð fasteigna

**Fasteignir í byggingu** teljast til eignar á kostnaðarverði skv. *Húsbyggingarskýrslu RSK 3.03* en henni ber að skila vegna nýbygginga eða endurbóta á húsnæði (sjá nánar um eyðublaðið á bls. 23). Hafi fasteign t.d. verið metin fokheld til fasteignamats skal færa hana til eignar á því mati. Við bætist byggingarkostnaður sem til hefur fallið síðan, til ársloka 2005. Byggingarkostnaður vegna við-

bygginga, breytinga eða endurbóta á þegar metnum eldri fasteignum skal færður sérstaklega til eignar á sama hátt.

**Ómetnar fasteignir** sem keyptar voru á árinu 2005 færast á kostnaðarverði, en eldri eignir á verði eins og það var fært í framtali 2005.

**Eigendur leigulóða** skulu færa til eignar afgjaldskvaðarverðmæti þeirra sem er 15-föld lóðarleiga eins og hún kemur fram á fasteignagjaldaseðlum

sveitarfélaganna 2005. Ef 15-föld lóðarleiga er hærrí en fasteignamat færíst lóðin til eignar á fasteignamati.

**Leigutakar leigulóða** skulu færa leigulóðir til eignar á fasteignamatsverði. Í reit 313 undir lið 4.1 færíst fjárhæð afgangsskvaðarverðmætis en það kemur til lækkunar á fasteignamati lóðar. Athuga skal að þær fjárhæðir sem eru forskráðar í lið 4.1 eru skráðar án tillits til afgangsskvaðarverðmætis og þurfa framteljendur því undir öllum kringumstæðum að færa það sjálfir á framtalið. Athugið að ekki á að draga fjárhæð í reit 313 frá samtölunni í reit 314.

**Fasteignir barna** færast í þennan lið, með fasteignum forráðenda.

## 4.2 Bifreiðir

Bifreiðaeign í árslok færíst í reit 06. Heimilt er að færa verð bifreiða niður um 10% frá því verði sem þær voru taldar til eignar á framtali 2005. Bifreiðir sem keyptar voru á árinu 2005 færast á kaupverði. Bifreiðir barna færast einnig hér.

Á vefframtal eru forskráð fastanúmer bifreiða. Hafi framteljandi átt bifreiðina árið áður er verð hennar einnig forskráð, niðurfært um 10%, en ella þarf hann að færa sjálfur inn kaupverðið.

Þegar um er að ræða kaupleigubifreiðir eru vaxtagjöld og eftirstöðvar bifreiðalána færð í lið 5.5 á framtalinu.

Á sundurliðunarblaði eru tilgreindar allar bifreiðir sem skráðar eru á framteljendur skv. ökutækjaskrá Umferðarstofu. *Þeir sem telja fram á pappír þurfa sjálfir að færa þessar bifreiðir inn á pappírframtalið og tilgreina verð þeirra.*

Beiðni um afskráningu eða leiðréttingu á skráningu bifreiða skal beina til Umferðarstofu. Hægt er að nálgast afskráningareyðublað á vef Umferðarstofu, [www.us.is](http://www.us.is).

## 4.3 Aðrar eignir áður ótaldar

Aðrar ótaldar eignir, sem eru framtalskyldar, t.d. hjólhýsi, tjaldvagn, bátur, vélsleði, vélhjól o.fl., skulu taldar fram á kaup- eða kostnaðarverði. Hestar og önnur húsdýr færast samkvæmt skattmáti, sjá bls. 33. Peningaeign færíst í þennan kafla og skal færa erlenda mynt á kaupgengi í árslok. Aðrar eignir barna færast einnig hér.

Á sundurliðunarblaði eru, auk bifreiða, tilgreind önnur ökutæki sem skráð eru á framteljendur skv. öku-

tækjaskrá Umferðarstofu. *Þeir sem telja fram á pappír þurfa sjálfir að færa þessi ökutæki inn á framtalið og tilgreina verð þeirra.*

Beiðni um leiðréttingu á skráningu ökutækja skal komið til Umferðarstofu.

## 4.4 Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi

Í reit 01 færíst hrein eign 31. des. 2005 samkvæmt *Samræmingarblaði RSK 4.05* og meðfylgjandi efnahagsreikningi. Ef hjón eru bæði með eigin atvinnurekstur ber að leggja saman hreina eign í rekstri þeirra beggja og færa í einni tölu í þennan reit.

### Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum í eigin atvinnurekstri

Í reit 309 skal færa þá staðgreiðslu sem haldið hefur verið eftir af fjármagnstekjum, sem mynduðust í atvinnurekstri á árinu 2005. Ef hjón eru bæði með eigin atvinnurekstur ber að leggja saman staðgreiðslu af fjármagnstekjum í rekstri þeirra beggja og færa í einni tölu í þennan reit.

Hér á aðeins að færa staðgreiðslu af þeim tekjum sem stafa af eignum sem tilheyra atvinnurekstri. Staðgreiðsla af vöxtum og arði, sem eru atvinnurekstri óviðkomandi, fer í viðeigandi reiti í 3. kafla framtals.

### 5.1 til 5.3 sjá bls. 16-17.

## 5.4 Skuldir umfram eignir skv. efnahagsreikningi

Skuldir umfram eignir 31. desember 2005 færast í reit 165 samkvæmt *Samræmingarblaði RSK 4.05* og meðfylgjandi efnahagsreikningi.

## 5.5 Aðrar skuldir og vaxtagjöld

Skuldir vegna kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota færast undir lið 5.2 (sem fjallað er um á næstu opnu) en hér færast aðrar skuldir og vaxtagjöld af þeim. Verðtryggðar skuldir færast með áföllnum verðbótum í árslok. Óverðtryggðar skuldir færast á nafnverði eftir síðustu afborgun.

Skuldir í erlendri mynt skal telja á sölugengi í árslok.

Skuldir barna innan 16 ára færast einnig hér.

**Sjá um skuldir og vaxtagjöld vegna íbúðarhúsnæðis á næstu opnu**

### Forskráðar „Aðrar skuldir“

Á framtalið eru forskráðar undir þessum lið upplýsingar um námslán frá Lána-sjóði íslenskra námsmanna (LÍN), en þær eiga að stemma við yfirlit sem lánþegar hafa fengið sent.

Einnig eru forskráð hér ökutækjalán frá tryggingarfélagum sem og fjármögnunarleigum ef ökutæki telst í eigu lán-takanda. Á vefframtalið er skuld vegna hvers ökutækis skráð en á pappírframtalið heildarskuld vegna ökutækja í eigu framteljanda.

### Lánaupplýsingar úr vefbönkum

Lánaupplýsingar frá bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum eru ekki forskráðar á framtalið en nú býðst framteljendum sú þjónusta hjá flestum eða öllum viðskiptabönkum að flytja framtalskyldar upplýsingar rafrænt úr vefbanka yfir á vefframtal. Þær flytjast fyrst á sundurliðunarblað og framteljandi þarf að ákveða hvar þær eru færðar á framtal, sbr. umfjöllun um lánaupplýsingar á sundurliðunarblaði.

### Skuldir á sundurliðunarblaði sem flytja þarf á framtal

Á sundurliðunarblaðið með framtalinu eru m.a. færðar lánaupplýsingar frá lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði. Þegar ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort þessi lán veita rétt til vaxtabóta eru þau ekki forskráð á framtalið og þarf framteljandi sjálfur að færa þau á viðeigandi stað (þ.e. lið 5.2 á framtali) ef þau eru vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, annars í lið 5.5, eða á viðeigandi rekstrarblað ef þau tengjast rekstri. Á sundurliðunarblaðinu eru einnig lánaupplýsingar vegna ökutækja. Þegar ekki er ljóst hvort lánin séu vegna ökutækis sem notað er í rekstri eru lánin þó ekki forskráð á framtalið heldur þarf framteljandi sjálfur að færa þau á viðeigandi stað.

# Skuldir og vaxtagjöld vegna íbúðarhúsnæðis

Peir sem greiða vaxtagjöld af lánnum vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eiga rétt á vaxtabótum og sama á við um þá sem keypt hafa eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993. Rétturinn stofnast á því ári þegar íbúð eða eignarhluti er keyptur eða bygging er hafin. Vaxtabætur ákvarðast samkvæmt upplýsingum á framtali og til að fá vaxtabætur þarf að gera sundurliðaða grein fyrir lánnum og vaxtagjöldum. Þeir sem telja fram á pappír þurfa að nota framhaldseyðublað *RSK 3.01* ef línur á framtali nægja ekki. Upplýsingar um lán frá Íbúðalánasjóði og vaxtagjöld vegna kaupleiguíbúða koma fram á sundurliðunarblaði með framtali.

## 5.1 Vaxtagjöld vegna kaupleiguíbúða

Peir sem keypt hafa eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð eiga rétt á vaxtabótum vegna vaxtagjalda sem innheimt eru með leigugjöldum. Upplýsingar um þessi vaxtagjöld og eftirstöðvar lána eru forskráðar á vefframtalið en er að finna á sundurliðunarblaði sem fylgir með pappírframtali.

Séu þessar upplýsingar ekki forskráðar þarf leigutaki að verða sér úti um eyðublaðið *RSK 3.08*. Það má prenta út af **rsk.is** eða fá hjá skattstjóra. Leigutaki þarf að snúa sér til leigusala og fá blaðið útfyllt og láta það

síðan fylgja með framtali. Vaxtagjöld samkvæmt eyðublaðinu færast í reit 166 og eftirstöðvar skulda í reit 167.

## 5.2 Lán vegna íbúðarhúsnæðis

Vaxtagjöld af lánnum vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota mynda stofn til vaxtabóta. Hér er átt við lán vegna:

- kaupa á íbúðarhúsnæði
- byggingar íbúðarhúsnæðis
- verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði (á eingöngu við um lán frá Íbúðalánasjóði)
- greiðsluferðleika eða endurfjármögnunar
- kaupa á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð

### Skammtímalán - Lán til lengri tíma

Vaxtagjöld vegna lána til skemmri tíma en tveggja ára mynda stofn til vaxtabóta en einungis

- á næstu fjórum árum (tekjuárum) talið frá og með kaupári og er þá miðað við dagsetningu kaupsamnings, eða
- á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging er hafin eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Vaxtagjöld vegna fasteignaveðskulda og skulda með sjálfskuldarabyrgð við lánastofnanir sem upphaflega voru til tveggja ára eða lengri tíma eru ekki háð þessum tímamörkum.

### Leiðbeiningar við útfyllingu einstakra reita í lið 5.2

Gera skal grein fyrir staðsetningu íbúðarhúsnæðis. Í reitinn kaupár skal færa hvenær húsnæðið var keypt. Húsbyggjandi skal færa hér hvenær bygging hófst. Síðan skal sundurliða upplýsingar um einstök lán í merкта reiti sbr. eftirfarandi skýringar:

**1 Lánveitandi/lánsnúmer/hlutfall (%)**. Hér skal tilgreina lánveitanda og númer láns. Hafi einungis hluti lánsins verið vegna íbúðarhúsnæðis skal tilgreina það hér. Í reitnum **hlutfall (%)** skal gera grein fyrir hversu stór hluti af láninu var vegna íbúðarhúsnæðis. Sjá nánari útskýringar í umfjöllun á bls. 17 um **Endurfjármögnun lána vegna íbúðar-kaupa** og í dæmi um útreikning á hlutföllum láns á bls. 35. Þó lán sé hlutfallað skal ávallt færa heildargreiðslur af láninu í reiti 5, 6, 7 og 8, en vaxtagjöld og eftirstöðvar skulda skal síðan færa hlutfallslega í dálka 9 og 10.

**2 Lántökudagur**. Hér skal greina frá dagsetningu lántöku, þ.e. hvenær lánið var upphaflega tekið. Alltaf skal færa upphaflega lántökudagsetningu, jafnt þó um yfirtekið lán sé að ræða.

**3 Lánstími**. Hér skal færa lánstíma talið frá upphaflegu lántökuári.

**4 Yfirtökudagur**. Hér skal greina frá dagsetningu yfirtöku ef um yfirtekið lán er að ræða.

**5 Heildargreiðslur ársins**. Hér skal færa gjaldfallnar afborganir, verðbætur, vexti og árlegan og tímabundinn fasta-

## Lán frá Íbúðalánasjóði

Á sundurliðunarblaði með framtali koma fram upplýsingar um lán frá Íbúðalánasjóði. Þær færir framteljandi í lið 5.2 á framtali ef um er að ræða lán vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Sé svo ekki færast lánin í lið 5.5. Á vefframtalinu er að finna nánari upplýsingar og skýringar varðandi forskráninguna.

Hjá þeim sem eru upphaflegir lán-takendur eru upplýsingar á sundurliðunarblaði í samræmi við upplýsingar á greiðsluseðlum ársins 2005. Til hag-ræðingar fyrir þá sem hafa yfirtekið lán

1991 eða síðar koma að auki fram upplýsingar á sundurliðunarblaði um uppreiknaðar afborganir miðað við yfirtöku. *Í þeim tilvikum skal færa uppreiknaðar afborganir í reit 6 í lið 5.2 á framtali*. Hafi láni verið nafnbreytt af öðrum ástæðum en vegna sölu, t.d. vegna hjónaskilnaðar eða sambúðarslita, skal færa „Afborgun af nafn-verði“ í reit 6.

Upplýsingar um lántökukostnað koma ekki fram á sundurliðunarblaði og þarf framteljandi að færa þær upplýsingar í reit 8 í lið 5.2 á framtali.

Þá getur vantað á sundurliðunarblað fullnægjandi upplýsingar um lán sem yfirtekin voru á árinu 2005. Bæði kaupandi og seljandi þurfa að gæta þess að færa réttar upplýsingar á framtalið miðað við vaxtauppgjör þeirra á milli.

Sundurliðunarblaðið ber ekki með sér upplýsingar um uppreiknaðar afborganir lána sem yfirtekin voru fyrir 1991 og í þeim tilvikum þarf framteljandi að uppreikna afborganir lánsins miðað við yfirtökudag. Sama á við hafi yfirtekið lán verið greitt upp á árinu. Sjá skýringar varðandi uppreikning lána í 5.2, 6. tölulið.



## Yfirtekin lán

Reiknivél á vefnum

Á **rsk.is** er að finna reiknivél til að leiðrétta afborgun af nafnverði yfirtekinna lána

kostnað. Með vöxtum teljast einnig dráttarvextir ársins en greiddir dráttarvextir vegna fyrri ára teljast ekki til vaxtagjalda ársins og færast ekki hér.

**6 Afborgun af nafnverði.** Í þennan reit færast nafnverð afborgana sem gjaldféllu á árinu. Kvittanir bera með sér upplýsingar um nafnverð afborgana, en þegar verðtryggð lán eru yfirtekin þá þarf að gera leiðréttingar. Finna þarf nýja afborgun í hendi þess sem yfirtekur lánið. Við útreikning á nýrri afborgun er notuð sú aðferð að deila í vísitölu yfirtökumánaðar með upphaflegri vísitölu. Þannig er fundinn verðhækkunarstuðull og með honum er margfölduð sú afborgun af nafnverði sem kemur fram á hverjum greiðsluseðli. Samanlagðar afborganir ársins eru síðan færðar í reit 6. Á **rsk.is** er reiknivél þar sem hægt er að fá þennan útreikning.

**7 Afföll.** Afföll vegna sölu á skuldabréfum geta myndað stofn til vaxtabóta ef útgefandi skuldabréfsins hefur notað andvirðið til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Afföll reiknast sem stofn til vaxtabóta með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma bréfsins. Afföll vegna sölu á skuldabréfum eða húsbreyfum sem seljandi hefur fengið í hendur sem greiðslu á fasteign koma ekki til álita sem stofn til vaxtabóta.

**8 Lántökukostnaður.** Hér skal færa lántökukostnað, þ.e. lántökugjöld, stimpilgjöld, þóknunir og þinglýsingarkostnað af lánum, en hann myndar stofn til vaxtabóta. Þinglýsingarkostnaður og stimpilgjöld af kaupsamningi eða afsali teljast þó ekki til vaxtagjalda.

**9 Vaxtagjöld.** Í þennan dálk færast samtala fjárhæða í reitum 5, 7 og 8 og frá þeim dregin fjárhæð í reit 6. Ef aðeins hluti lánsins var vegna íbúðarhúsnæðis, skal þó lækka vaxtagjöldin í samræmi við tilgreint hlutfall í reit 1. Í dálk 9 skal því færa  $(5-6+7+8) \times$  hlutfall (%).

**10 Eftirstöðvar skulda.** Í þennan dálk færast eftirstöðvar skulda eins og þær eru í árslok. Eftirstöðvar verðtryggðra skulda færast framreiknaðar miðað við breytingu á vísitölu frá gjalddagamánuði til janúar 2006. Töflur með margföldun-

5.1 Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna kaupleiguibúðar skv. RSK 3.08		166					167
5.2 Lán vegna kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Ef hluti láns er nýttur til annars en öflunar íbúðarhúsnæðis skal tilgreina hve hátt hlutfall fjárhæðar er til öflunar íbúðarhúsnæðis (reitir 1). Í reiti 5 til 8 skal færa heildarfjárhæðir (án hlutföllunar) en í dálka 9 og 10 skal aðeins færa þann hluta af vaxtagjöldum og eftirstöðvum sem tilheyrir öflun íbúðarhúsnæðis.							
Staðsetning íbúðarhúsnæðis: <b>Bjartagata 10</b>							
Kaupár: 1997		Fyllist út af skattgjöfara	299	9	Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis	10	Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis
1 Lánveitandi	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími	4 Yfirtökudagur		
Lífeyrissjóður	T99112	100%	01.04.92	25	15.05.97		
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Afföll	8 Lántökukostnaður			=	
+ 83.984	- 37.696	+ 0				=	46.288
1 Lánveitandi	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími	4 Yfirtökudagur		
Bankinn	023749	80%	06.03.01	30			
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Afföll	8 Lántökukostnaður			=	
+ 383.870	- 133.332	+ 0				=	200.430
1 Lánveitandi	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími	4 Yfirtökudagur		
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Afföll	8 Lántökukostnaður			=	
						=	3.299.805
Fært af framhaldsblaði RSK 3.01							

Dæmi um lán sem tekið var að hluta til íbúðarkaupum (80%) og að hluta til annarra nota (20%). Samanlagðar heildargreiðslur ársins námu kr. 383.870 og færast sú fjárhæð í reit 5 og samlagðar afborganir ársins námu kr. 133.332 og færast í reit 6. Heildarvaxtagjöld ársins námu því kr. 250.538 og þar af færast 80% í dálk 9. Eftirstöðvar lánsins í árslok (m.v. vísitölu janúarmánaðar) námu kr. 4.124.756 og færast 80% eða kr. 3.299.805 í dálk 10. Hinn hluti vaxtagjalda og eftirstöðvanna færast í kafla 5.5 á framtali.

## Endurfjármögnun lána vegna íbúðarkaupum

Lán sem tekið er til uppgreiðslu eldri lána, sem tekin voru til öflunar íbúðarhúsnæðis, myndar stofn til vaxtabóta á sama hátt og eldri lánin að því marki sem höfuðstóll nýja lánsins svarar til uppgreiðslu á eldri lánum. Nýtt lán myndar þó ekki hærri stofn til vaxtabóta en sem nemur eftirstöðvum eldri lána, að viðbættum lántökukostnaði (lántökugjaldi, stimpilgjaldi og þinglýsingargjaldi). Sé nýja lánið herra en sem þessu nemur **takmarkast réttur til vaxtabóta við það hlutfall sem**

**uppreiknaðar eftirstöðvar, að viðbættum lántökukostnaði, eru af höfuðstól nýja lánsins.** Vaxtagjöld, þ.m.t. lántökukostnaður, mynda stofn til vaxtabóta í sama hlutfalli.

Uppsafnaðar áfallnar verðbætur á þau lán sem greidd eru upp, umfram ákvæði skuldabréfanna, teljast ekki fremur en verið hefur til vaxtagjalda í þessu sambandi.

Dæmi um útreikning á vaxtabóta-hlutfalli nýs láns er að finna á bls. 35.

arstuðlum er að finna á bls. 33 og 34. Eftirstöðvar óverðtryggðra skulda færast eins og þær eru eftir síðustu afborgun ársins. Niðurstöðutalan úr þessum dálki færast í reit 45. Ef aðeins hluti lánsins var vegna íbúðarhúsnæðis, skal þó lækka eftirstöðvarnar í samræmi við tilgreint hlutfall í reit 1.

Bent skal á að upplýsingar um þann hluta lánsins sem ekki tilheyrir íbúðarhúsnæði til eigin nota skal færa í kafla 5.5.

### 5.3 Eftirstöðvar skulda á söludegi

Peir sem selt hafa íbúðarhúsnæði á árinu og ekki keypt eða hafið byggingu annars íbúðarhúsnæðis í stað hins selda fyrir árslok skulu færa eftirstöðvar skulda eins og þær voru á söludegi í dálk 10. Þeir færa enga fjárhæð í reit 45 á framtali heldur færa þeir niðurstöðutöluna í reit 41. Á veframtalinu þarf að merkja við í hvorn reitinn niðurstöðutalan á að fara.

Athugið að ef fyllt er út framhaldsblaði RSK 3.01 er nauðsynlegt að færa niðurstöðutölur af því blaði á framtalið.

### Vanskil

Ef greiðsla af láni er í vanskilum um áramót skal fylla út viðeigandi reiti eins og um greiðslu hafi verið að ræða. Vanskilafjárhæðin bætist við eftirstöðvar í árslok og færast í dálk 10.

### Fyrirframgreiðsla vaxtabóta

Peir sem fengu fyrirframgreiddar vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2005 þurfa eftir sem áður að gera grein fyrir vaxtagjöldum vegna íbúðarkaupum á framtali sínu. Í fyrirframgreiðslunni er miðað við greidd vaxtagjöld af fasteignaveðlánum, en á framtal skal færa öll vaxtagjöld sem gjaldféllu á árinu 2005, einnig þau sem voru í vanskilum. Hafi verið tekin önnur lán vegna öflunar íbúðarhúsnæðis en þau sem notuð voru við útreikning fyrirframgreiðslu, skal gera grein fyrir vaxtagjöldum af þeim á framtali.

**5.4 og 5.5** sjá bls. 15.

# Framtal barns

Hafi börn yngri en 16 ára haft launatekjur skal telja þær fram á sérstöku framtali, *Skattframtal barns RSK 1.02*. Aðeins 1. kafli framtals er þá fylltur út. Rita skal nafn og kennitölu barns og foreldris (framfæranda) á framtalið og skiptir ekki máli hvort skráð er kennitala föður eða móður.

**1** Börn fá ekki úthlutað veflyklum, en ef skila á skattframtali barns á vefnum er framtalið opnað á þjónustusiðu framfæranda. Framteljendur sem hafa á framfæri sínu börn sem fædd eru á árunum 1990, 1991 og 1992 fá send barnaframtöl með framtölum sínum, óárituð.

## 1.1 Laun og starfstengdar greiðslur barns

Hér færast launatekjur barnsins.

## 1.2 Reiknað endurgjald barns

Í þennan lið færast reiknað endurgjald starfi barnið við atvinnurekstur forráðanda. Eftirfarandi viðmiðun skal hafa við ákvörðun á reiknuðu endurgjaldi barns: Sé barn 13 ára, dagvinna kr. 440 pr. klst. og yfirvinna kr. 792 pr. klst. Sé barn 14 ára, dagvinna kr. 508 pr. klst. og yfirvinna kr. 914 pr. klst. Sé barn 15 ára, dagvinna kr. 576 pr. klst. og yfirvinna kr. 1.036 pr. klst. Reiknað endurgjald barna er ekki staðgreiðsluskilytt.

## 1.3 Dagpeningar og hlunnindi barns

Hafi barnið fengið greidda dagpeninga vegna ferða á vegum vinnuveitanda skal færa þá til tekna í reit 23. Frádráttur á móti dagpeningum færast í reit 33. Fylla skal út eyðublaðið *Dagpeningar RSK 3.11* vegna þessa frádráttar, sjá bls. 21.

Hér eru einnig færð laun sem greidd hafa verið í hlunnindum, svo sem fæðis-hlunnindum eða fatahlunnindum. Nánari upplýsingar um skilgreiningu launatekna

**RSK**
**Skattframtal barns 2006**  
BARN FÆTT 1990 EDA SÍÐAR

<small>Kennitala barns</small> 09.09.92-9999	<small>Fjölskyldunúmer</small> 07.07.55-9999
<small>Sveitarfélag lögheimilis 1. des. 2005</small> Reykjavík	<small>0000</small>
<small>Nafn - póstfang</small> Árni Árnason Björtugötu 10 119 Reykjavík	

### Frítekjumark

**Börn yngri en 16 ára greiða ekki tekjuskatt og útsvar af fyrstu 96.125 kr. af launatekjum sínum á árinu 2005. Eftir sem áður skal telja allar launatekjur barns fram á barnaframtali.**

**1 Tekjur barns**

<b>1.1 Launatekjur og starfstengdar greiðslur</b>	
Garðavinna	9 1 0 0 0
Blaðið hf.	8 0 0 0
	21 9 9 0 0 0
<b>1.2 Reiknað endurgjald við atvinnurekstur forráðanda</b> Tegund starfsemi: 24	
<b>1.3 Dagpeningar og hlunnindi</b>	
Dagpeningar 23	=
Frádráttur skv. RSK 3.11 33	135
Hlunnindi, hvaða?	
<b>Samtals</b>	<b>9 9 0 0 0</b>

<small>Bætur, styrkir, lífeyrisgreiðslur, eignatekjur, eignir og skuldir barns færast á skattframtal framfæranda.</small>	19/03'06 <small>Dagsetning</small>	Árni Jónsson <small>Undirskrift</small>
---	---------------------------------------	--

**2 Umsókn um sérskattlagningu barns**  
sem misst hefur annað foreldri sitt eða bæði og ekki verið ættleitt. Sjá nánar í leiðbeiningum RSK

er að finna í skýringum við lið 2.1 og 2.2 á bls. 9 og 10.

## Aðrar tekjur. Eignir og skuldir

Á barnaframtal færast ekki aðrar tekjur en launatekjur. Aðrar tekjur færast á framtal framfæranda í viðeigandi reiti. Vaxtatekjur af bankainnstæðum og verðbréfum barna færast í lið 3.4 á framtali framfæranda. Aðrar eignatekjur færast með eignatekjum framfæranda. Sama gildir um eignir barns og skuldir, þær færast með eignum og skuldum framfæranda í kafla 3, 4 og 5 á framtali þeirra.

Fái framfærandi barns tryggingabætur eða lífeyri frá Tryggingastofnun vegna barnsins eru upplýsingar um það for-

skráðar á framtal hans. Séu þær ekki forskráðar skal færa þær greiðslur á framtal framfæranda. Greiðslur frá lífeyrissjóðum til barna eru ekki forskráðar en þær eiga að færast á framtal framfæranda í lið 2.3. Sjá þó sérreglur um skattlagningu barna sem misst hafa foreldri og ekki verið ættleidd.

## Staðgreiðsla vegna barns

Afdregna staðgreiðslu af launatekjum barna á ekki að færa á framtalið. Hafi verið haldið eftir staðgreiðslu af launum barns á árinu 2005 eru upplýsingar þar um sóttar í staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra og hún dregin frá tekjuskatti og útsvari við álagningu.

## 2 Sérskattlagning barna sem misst hafa foreldri

Ef óskað er sérskattlagningar barns, sem misst hefur annað foreldri sitt eða bæði og ekki verið ættleitt, þarf að fylla út kafla 2 á skattframtali barns. Launatekjur færast í kafla 1, en bætur, styrkir og aðrar greiðslur í kafla 2.

Með barnaframtalinu skal skila síðum 3 og 4 af skattframtali einstaklinga, vegna eignatekna og vegna eigna og skulda.

Ef fallist er á umsókn um sérskattlagningu skattleggjast allar tekjur samkvæmt 1. og 2. kafla eins og launatekjur

barna, þ.e. 4% tekjuskattur og 2% útsvar á allar tekjur umfram frítekjumark. Fjármagnstekjur samkvæmt kafla 3 (bls. 3 á skattframtali einstaklinga) bera 10% tekjuskatt.

# Uppgjör atvinnurekstrar

## Rekstrartekjur allt að 500.000 kr.

RSK 4.10

**RSK Rekstraryfirlit**  
Fylgiskjal með skattframtali 2006

Nafn: \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_  
Tegund starfsemi: \_\_\_\_\_ Atvagnúmer: \_\_\_\_\_

**A) Rekstur Tekjur**

Nafn og kennitala greiddanda: \_\_\_\_\_

**Gjöld** Tekjur samtals \_\_\_\_\_

Reiknuð laun (til tekna í reit 24 á framtali) \_\_\_\_\_  
Reiknuð laun maka (til tekna í reit 24 á framtali) \_\_\_\_\_  
Greitt móðramlag / líflýsingjöld \_\_\_\_\_  
Tryggingagjöld \_\_\_\_\_

**Hagnaður/tap** Gjöld samtals \_\_\_\_\_  
Hagnaður (plústa) í reit 62 á framtali. Tap (minusta) geymist til næsta árs.

**B) Efnahagur Eignir**

## Rekstrartekjur 500.000 til 20.000.000 kr.

RSK 4.11

**RSK Rekstrarskýrsla**  
Fylgiskjal með skattframtali einstaklinga 2006

Skilytan ásamt persónuframtali berast 0010 Kennitala \_\_\_\_\_  
Svitarfélag 0000 Svitarfélagsskrifstofa \_\_\_\_\_

Nafn - pósthag 0000 Númer atvinnugreinar (SAT) 0000 VSK-númer 0000  
Atvinnugrein, heiti 0000

**Rekstur 2005**

Vörðisaukaskattskyld sala 24,5%	+ 0010		Rísa og gjafir til viðskiptamanna, styrki o. sv.	+ 0010
Vörðisaukaskattskyld sala 14%	+ 0020		Ferðakostnaður	+ 0020
Velta undirþegin vörðisaukaskatt (12-9%)	+ 0030		Bilferðakostnaður skv. RSK 4.03	+ 0030
Velta starfsemi sem undirþegin er vörðisaukaskatt (2. gr.)	+ 0040		Annar bifreiðakostnaður	+ 0040
Söluhagnaður	+ 0050		Fyrirningar	+ 0050
Aðrar tekjur sbr. sundurlitun á bakhlíð	+ 0060		Aukafyrningar	+ 0060
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	= 0070		Aðskrifabur viðskiptavörður	+ 0070
Birgðir í upphafi árs	+ 0080		Sölutap	+ 0080
Vörðisauk	+ 0090		Ymis annar kostnaður sbr. sundurlitun á bakhlíð	+ 0090
Birgðir í lok árs	- 0100		<b>Rekstrargjöld samtals</b>	= 0110
= Vörðisaukun/veifisnotkun	+ 0120		Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld (+/-)	+ 0120
Aðskipt vinnu og þjónusta til endursölu	+ 0130		Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur	+ 0130
Reiknað endurgjald	+ 0140		Vaxtgjöld og önnur fjármunggjöld	- 0140

## Rekstrartekjur yfir 20.000.000 kr.

RSK 1.04

**RSK Skattframtal rekstraraðila 2006**  
Allar fjárhæðir skal færa í heilum krónum

Framtalið berast 0010 Kennitala \_\_\_\_\_  
Svitarfélag 0000 Svitarfélagsskrifstofa \_\_\_\_\_

Nafn - pósthag 0000 Framtalið varð af 0110 Bilskera/ skóphúsnæmsni 0130 Búgðing/ starfsemi  
0110 Lögfrættun/ endurskiðun 0140 Öðrum atvinnugreinum 0150 Annar skattskyldur atvinnugreinar  
Áritun lögfrættis endurskiðanda á ársreikning 0160 Án endur- skráðunar  
0140 Án fyrirvara 0160 Án áfari 0180 Áskilningur eða þing- afköpum endurskiðanda  
0150 Með fyrirvara 0170 Meiknað áritun

Aðal atvinnugrein, heiti Númer atvinnugreinar 0000 Leihætt atvinnugreinin, númer 0010 Aðal VSK-númer 0000  
Tegund rekstrar 0000 Einstaklingur með rekstur 0000 Skattskyldur jafnabli 0000 Samrekskur, eða fjárhæður skattframtali 0000 Öskutakvöldur eða/þessuálag skattskylda

**Samreksraðilar, skipting tekna og eigna** 0000 Framhaldsblað RSK 4.14

Kennitala	Reiknað endurgjald	Hluti af breiðum tekjum/tapi	Hluti af breiðri eigna/skuld
0000	0100	0100	0100
0000	0110	0110	0110
0000	0120	0120	0120
0000	0130	0130	0130
0000	0140	0140	0140
0000	0150	0150	0150

**Álagningargrunnur gjalda og fleira**

Heimur tekjur	0000	Virðisauklegt tap til næsta árs	0010
Heimur eigna	0000	Skuldir umfram eignir	0020
Ónaðarmáljaldstofn	0000	Jófnunarverðmeti hlutabæfis	0030
Atvinnugreinar	0010	Stöð til tryggingagjalds í	0040

## Landbúnaðarskýrsla

RSK 4.08

**RSK Landbúnaðarskýrsla**  
Fylgiskjal með skattframtali 2006

Nafn \_\_\_\_\_ Kennitala \_\_\_\_\_  
Nafn \_\_\_\_\_ Kennitala \_\_\_\_\_  
Heimili \_\_\_\_\_ Svitarfélag \_\_\_\_\_ Landnúmer \_\_\_\_\_  
Búgræn, heiti \_\_\_\_\_ Númer búgrænar (SAT) \_\_\_\_\_ VSK-nr. \_\_\_\_\_

	Tegund starfsemi	Tegund starfsemi, nafn samreksraðila	Tegund starfsemi, nafn samreksraðila	Tegund starfsemi, nafn samreksraðila
A	1			
A	2			
A	3			
B	4			
B	5			
B	6			
B	7			
B	8			
B	9			
B	10			
C		Eigið		
C		Maka		
C		Barna		

**Yfirlit yfir ónotað tap**

1	2	3	4
Rekstrar	Ónotað tap frá fyrra ári	Notað á móli hagnaði ársins	Ónotað yfirfaranlegt tap

## Rekstrarblöð

Einstaklingar með eigin atvinnurekstur skila rekstrarskýrslu með framtali sínu.

Til eru fjórar gerðir af rekstrarskýrslum:

- RSK 4.10 Rekstraryfirlit
- RSK 4.11 Rekstrarskýrsla
- RSK 1.04 Skattframtal rekstraraðila
- RSK 4.08 Landbúnaðarskýrsla

Rekstraryfirlit RSK 4.10 er eingöngu notað ef um mjög einfaldan rekstur er að ræða og rekstrartekjur fara ekki yfir kr. 500.000 á ári. Frekari skilyrði eru að ekki sé greidd laun til annarra, að ekki sé gjaldfærður aksturskostnaður og að

ekki sé notaðar fyrnanlegar eignir í rekstrinum. Sé velta meiri eða önnur skilyrði ekki uppfyllt er Rekstrarskýrsla RSK 4.11 notuð. Hún gildir fyrir einstaklingsrekstur með ársveltu allt að 20 milljónum króna.

Fari velta yfir 20 milljónir króna skal nota Skattframtal rekstraraðila RSK 1.04. Einnig er heimilt að nota það form þó veltan sé minni. Í byggingarstarfsemi, þar sem notuð er verklokaaðferð við uppgjör, er gerð krafa um skil á Skattframtali rekstraraðila RSK 1.04, án tillits til veltu. Það sama gildir um samrekstur og ef fyrningar eða aðrir liðir víkja frá ákvæðum skattalaga.

Bændur í almennum búrekstri skila Landbúnaðarskýrslu RSK 4.08 án tillits til veltu.

# Sjómannafsláttur

## Taktu eftir

- Til að fá sjómannafslátt þarf undantekningalaust að fylla út RSK 3.13 og skila með framtali.
- Nauðsynlegt er að færa niðurstöðutölur af eyðublaðinu í lið 1.5 á fyrstu síðu framtals.

### Sjómannafsláttur

Peir sem fá greidd laun fyrir sjómansstörf á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, eiga rétt á sjómannafslætti. Sjómannafslátturinn er reiknaður eftir þeim upplýsingum sem færðar eru í lið 1.5 á fyrstu síðu framtals. Framteljandi sem gerir kröfu um sjómannafslátt verður undantekningarlaust að fylla út *Greinargerð um sjómannafslátt RSK 3.13*, og skila með framtali sínu. Eyðublaðið er þrískipt. Fyrsti hlutinn er fyrir sjómenn á skipum sem eru 20 brúttótonn eða stærr, þ.m.t. hlutaráðna beitningarmenn. Seinni kaflarnir tveir eru vegna skipa undir 20 brúttótonnum; fyrir störf á sjó annars vegar og hlutaráðna beitningarmenn hins vegar.

### Dagar til útreiknings sjómannafsláttar

Dagar sem veita rétt til sjómannafsláttar eru þeir dagar sem stunduð hafa verið sjómansstörf á og skylt er að lögskrá, auk þeirra daga sem veita rétt til launa í veikindum samkvæmt kjarasamningi. Þessir dagar færast í dálk B á greinargerðinni. Hver dagur reiknast til sjómannafsláttar með margfeldinu 1,49. Ekki er þó hægt að fá sjómannafslátt fyrir fleiri daga en ráðningartími hjá útgerð segir til um. Fjöldi ráðningardaga skal færa í dálk A.

Á fiskiskipum sem ekki er skylt að lögskrá á skal miða við almenna vinnu-

RSK

Greinargerð um sjómannafslátt

Fylgiskjal með skattframtali 2006

Nafn framteljanda: **Árni Jónsson** Kennitala: **0707559999**

#### SKÝRINGAR

##### Sjómannadagur A

Í dálk A skal færa fjölda daga á ráðningartíma. Til ráðningartímans skal telja orlof og aðra ónýttu frídaga sem gerðir eru upp við lok ráðningar.

##### Sjómannadagur B

Í dálk B skal færa lögskráningardaga. Á þeim skipum sem ekki er skylt að lögskrá á er miðað við almenna vinnudaga á úthaldstímabili. Þeir dagar á ráðningartíma sem sjómaður getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa, en tekur laun samkvæmt kjarasamningi, skulu einnig taldir hér.

##### Beitningarmenn

Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum ákvarðast fjöldi daga til útreiknings sjómannafsláttar með sama hætti og hjá öðrum mönnum í áhöfn skips.

##### Eigin útgerð

Sjómenn með eigin útgerð eiga að færa sem sjómanslaun heildartekjur af útgerðinni, þ.e. samanlagt reiknað endurgjald og hreinar tekjur af útgerð.

##### Hvað færast á framtal

Niðurstöðutölur af þessu blaði á að færa í kafla 1.5 á skattframtali. Annars vegar laun vegna sjómennsku og hins vegar sjómannadaga. Sá dagafjöldi sem færast á framtal er annað hvort (A) fjöldi daga á ráðningartíma eða (B) fjöldi lögskráningardaga margfaldaður með 1,49. Sú tala sem lægri er færast á framtalið.

#### Sjómennska á skipum 20 brúttótonn eða stærr (þ.m.t. hlutaráðnir beitningarmenn)

Kennitala útgerðar	Nafn og númer skips	Sjómannslaun	A		B	
			Ráðningartími	Lögskráningardagar		
556677-8899	Hafborg KK-55	218850	30	17		
556677-8899	Krían SS-77	116712	16	11		
Sjómannslaun færast í reit 317 á framtali og sjómannadagur í reit 291		SAMTALS	46	28		
			Sjómannadagur B x 1,49			42

#### Sjómennska á skipum undir 20 brúttótonnum

Kennitala útgerðar	Nafn og númer skips	Sjómannslaun	A		B	
			Ráðningartími	Alm. vinnudagar		
Sjómannslaun færast í reit 318 á framtali og sjómannadagur í reit 292		SAMTALS				
			Sjómannadagur B x 1,49			

#### Laun beitningarmanns sem hlutaráðinn er á skip undir 20 brúttótonnum

Kennitala útgerðar	Nafn og númer skips	Sjómannslaun	A		B	
			Ráðningartími	Alm. vinnudagar		
Laun hlutaráðins beitningarmanns færast í reit 318 á framtali og sjómannadagur í reit 292		SAMTALS				
			Sjómannadagur B x 1,49			

ATHUGASEMDIR

\_\_\_\_\_

19.03.06

Dagsetning

Árni Jónsson

Undirskrift

RSK 3.13 0602 - ISAFOLDARPRENTSMÍÐJA

daga á úthaldstímabili í stað lögskráningardaga. Réttur til sjómannafsláttar er bundinn því skilyrði að tekjur af sjómansstörfum nemi a.m.k. 30% af tekjuskattsstofni, þó ekki hjá beitningarmönnum.

Hjá hlutaráðnum beitningarmönnum skal miða við þá daga sem þeir eru ráðnir til slíkra starfa samkvæmt samningi um hlutaskipti.

### Sjómannslaun

Í dálkinn sjómannslaun færa launamenn þau laun sem þeir hafa fengið greidd fyrir sjómansstörf. Þeir sem eru með eigin útgerð og stunda sjómennsku á eigin fari færa sem sjómannslaun reiknað endurgjald og tekjur af atvinnurekstri samanlagt.

# Dagpeningar og frádráttur frá þeim

## Frádráttur frá dagpeningum innanlands

<b>Janúar - maí</b>	<b>Kr.</b>
Gisting og fæði í einn sólarhring	13.100
Gisting í eina nótt	7.500
Fæði í heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.600
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.800

<b>Júní - september</b>	<b>Kr.</b>
Gisting og fæði í einn sólarhring	16.500
Gisting í eina nótt	10.800
Fæði í heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.700
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.850

<b>Október - desember</b>	<b>Kr.</b>
Gisting og fæði í einn sólarhring	14.300
Gisting í eina nótt	8.300
Fæði í heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	6.000
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	3.000

## Frádráttur frá dagpeningum erlendis

### 1. janúar - 31. desember

Almennir dagpeningar:	<b>Gisting</b>	<b>Annað</b>
London, New York, Washington DC og Tokyo	SDR 145	110
Annars staðar	SDR 110	100

### Vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:

	<b>Gisting</b>	<b>Annað</b>
London, New York, Washington DC og Tokyo	SDR 93	70
Annars staðar	SDR 70	64

## Dvöl erlendis

### Almennir dagpeningar - þrjár vikur eða lengur

Sé dvalist skemur en þrjár vikur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga.

Sé dvalist þrjár vikur eða lengur á sama stað breytist leyfilegur frádráttur þannig að heimilt er að færa fulla dagpeninga til frádráttar fyrstu vikuna en eftir það lækkar fjárhæðin og verður sú sama og dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa.

### Þjálfun, nám eða eftirlitsstörf í þrjá mánuði eða lengur

Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa

## RSK

## Dagpeningar

Fylgiskjal með skattframtali 2006

### Framteljandi

Nafn	Árni Jónsson	Kennitala	0707559999
Heimili	Björtugötu 10	Sveitarfélag	119 Reykjavík

Heildarfjárhæð dagpeninga 2005, sem færa skal í lið 2.2 á skattframtali	kr.	174.271
---	-----	---------

### Frádráttur vegna dagpeninga innanlands

Fengnir dagpeningar vegna ferða innanlands	kr.	84.600
--	-----	--------

Janúar - maí	Fyrir hvað er greitt/fjöldi daga	Leyfilegur frádráttur	Fjárhæð frádráttar
Gisting og fæði	Fjöldi sólarhringa	6	kr. 78.600
Gisting	Fjöldi gistinátta	2	kr. 15.000
Heilsdagsfæði	Dagafjöldi	1	kr. 5.600
Hálfsdagsfæði	Fjöldi hálfra daga	0	kr. 0.000
Júní - september	Fyrir hvað er greitt/fjöldi daga	Leyfilegur frádráttur	Fjárhæð frádráttar
Gisting og fæði	Fjöldi sólarhringa	2	kr. 33.000
Gisting	Fjöldi gistinátta	1	kr. 10.800
Heilsdagsfæði	Dagafjöldi	1	kr. 5.700
Hálfsdagsfæði	Fjöldi hálfra daga	0	kr. 0.000
Október - desember	Fyrir hvað er greitt/fjöldi daga	Leyfilegur frádráttur	Fjárhæð frádráttar
Gisting og fæði	Fjöldi sólarhringa	2	kr. 28.600
Gisting	Fjöldi gistinátta	1	kr. 8.300
Heilsdagsfæði	Dagafjöldi	1	kr. 6.000
Hálfsdagsfæði	Fjöldi hálfra daga	1	kr. 3.000
Lækkun vegna samfelldrar dvalar umfram 30 daga			kr. 0.000
<b>Frádráttur vegna dagpeninga innanlands sem færa skal í lið 2.6 á framtali</b>			<b>kr. 84.600</b>

## Athugið

Pegar dagpeningar eru umreiknaðir í íslenskar krónur skal miða við sölugengi eins og það var í lok ferðar. Gengi má finna á [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

### Upplýsingar um dagpeninga erlendis

1	2	3	4	5	6	7	8
Tímabil sem greitt er fyrir	Fjöldi ferða-daga	Dvalarstaður erlendis	Dagpeningar í SDR eða erlendum gjaldeyri	Frádráttur skv. skattmáli í SDR eða erlendum gjaldeyri	Mismunur í SDR eða erlendum gjaldeyri	Dagpeningar í ísl. kr.	Frádráttur í ísl. kr.
Júlí	5	Danmörk	950	950	0	89.671	89.671

Á móti fengnum dagpeningum er heimilt að færa til frádráttar ferða- og dvalar-kostnað vegna ferða launþega á vegum launagreiðanda. Skilyrði fyrir frádrætti eru þau að fjárhæðin sé innan þeirra marka sem fram koma í skattmáli fjármálaráðherra (sjá töflu) og að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launamanni, gögn um tilefni ferðar, fjölda dvalardaga og fjárhæð dagpeninga.

Séu dagpeningar innanlands greiddir fyrir fleiri en 30 daga samfelld á árinu lækkar frádrátturinn um kr. 1.000 fyrir hvern dag umfram 30 en um hálfá þá fjárhæð, kr. 500, sé greitt fyrir fæði í hálfan dag.

Peir sem gera kröfu um frádrátt á móti dagpeningum þurfa undantekning-arlaust að fylla út eyðublaðið *Dagpeningar RSK 3.11* og skila með framtali sínu. Frádráttur þessi getur aldrei verið hærri en fengnir dagpeningar.

Frádráttur vegna dagpeninga innanlands og erlendis færirst í lið 2.6 (alls 174.271 kr. skv. dæminu hér að ofan eða 84.600 kr. + 89.671 kr.)

fram úr þremur mánuðum skal frádráttur á móti dagpeningum lækka um 25% þann tíma sem dvalist er erlendis umfram þrjá mánuði.

### Vinna erlendis

Sé dvöl launþega erlendis vegna tímabundinna starfa þar á vegum íslensks launagreiðanda, eiga reglur um frádrátt á móti dagpeningum vegna ferðalaga ekki við. Honum er þá heimilt að draga frá sérgreindum greiðslum, sem hann kann að hafa fengið vegna upphalds í allt að 3 ár, fjárhæð sem hæst getur orðið 30 SDR á dag. Skiptir ekki máli í þessu sambandi þó launþegi komi í stuttar heimsóknir hingað til lands á umræddu tímabili.

# Kaup og sala eigna

Þeir sem kaupa og/eða selja íbúðarhúsnæði eða aðrar eignir sem ekki tengjast atvinnurekstri skulu gera grein fyrir því á eyðublaðinu *Kaup og sala eigna RSK 3.02*. Fylla þarf út eyðublaðið eins og form þess gefur til kynna, s.s. upplýsingar um kaupanda og seljanda, hvaða eign er verið að kaupa/selja, dagsetningu kaupsamnings, yfirteknar skuldir, útgefin skuldabréf og greidd sölulaun.

## Hvað er keypt

Sé um íbúðarkaup að ræða þarf að koma fram hvort húsnæðið sé til eigin nota. Það skal tilgreint í athugasemdasvæði í lið 1.4 á forsiðu framtals.

Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum. Sérstakar tímabundnar aðstæður, svo sem nám, veikindi eða atvinnuþarfir sem valda því að eigandi íbúðarhúsnæðis getur ekki sjálfur nýtt það til íbúðar, leiðir þó ekki til þess að hann missi rétt til vaxtabóta. Með tímabundnum aðstæðum er átt við að eigandi íbúðarhúsnæðis geri líklegt að hann muni innan ákveðins tíma taka húsnæðið til eigin nota.

## Sala eigna - söluhagnaður

Nauðsynlegt er að seljandi sýni útreikning söluhagnaðar eða sölutaps. Í athugasemdum þarf hann að gera grein fyrir skattalegri meðferð söluhagnaðar, þ.e.a.s. ósk um frestun skattlagningar eða dreifingu, sbr. það sem fram kemur á bls. 23.

Almennt er söluhagnaður eigna skattskyldur án tillits til þess hversu lengi seljandi hefur átt eignina. Á þessu eru þó eftirfarandi undantekningar:

- Hagnaður af sölu lausafjár sem ekki er notað í atvinnurekstri er skattfrjáls nema eignanna hafi verið aflað í þeim tilgangi að selja með hagnaði.
- Hagnaður manns af sölu íbúðarhúsnæðis er skattfrjáls hafi hann átt hina seldu eign í full tvö ár eða lengur og ef heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis í eigu seljanda á söluþegi er ekki meira en 600 m<sup>3</sup> hjá einstaklingi eða 1200 m<sup>3</sup> hjá hjónum.
- Hagnaður af sölu tiltekinna hlutabréfa sem keypt voru á árunum 1990-1996 að vissu hámarki, sbr. það sem fram kemur um „Sérstök hlutabréf“ á bls. 25.

Um söluhagnað og skattalega meðferð hans vegna sölu annarra eigna en íbúðarhúsnæðis, t.d. sumarbústaða eða löða, vísast í hjálpartexta við veffram-

RSK		Kaup og sala eigna	
		sem ekki tengjast atvinnurekstri	
Setjið X í viðeigandi reit eftir því hvort framteljandi er kaupandi eða seljandi		Fygiskjal með skattframtali árið ..... 2006	
<input type="checkbox"/>	Nafn kaupanda <b>Sigrún Sigurðardóttir</b>	Kennitala <b>0 1 0 6 6 0 9 9 9 9</b>	
	Heimili <b>Björtugötu 100</b>	Sveitarfélag <b>119 Reykjavík</b>	
<input checked="" type="checkbox"/>	Nafn seljanda <b>Arni Jónsson</b>	Kennitala <b>0 7 0 7 5 9 9 9 9</b>	
	Heimili <b>Björtugötu 10</b>	Sveitarfélag <b>119 Reykjavík</b>	
<b>A Eign og verð</b>			
Heiti/staðsetning eignar/skráningarnúmer <b>Bjartagata 100</b>	Dags. kaupsamnings <b>1. feb. 2005</b>	Áhendingardagur eignar <b>1. sep. 2005</b>	
Kaup/söluverð <b>13.000.000</b>	Útborgun á kaupári <b>5.600.000</b>	Útborgun á næsta ári <b>1.616.009</b>	Yfirt. skuldir og útg. sk.bref sbr. B og C <b>5.783.991</b>
<b>B Áhvílandi skuldir skv. kaupsamningi sem kaupandi yfirteknar þann 1. feb. árið 2005</b>			
Lámsvæði <b>Íbúðalánasjóður húsbref</b>	Lámsnúmer <b>345456</b>	Vísitala við yfirtöku <b>239,7</b>	Fjárhæð með verðbótum <b>4.783.991</b>
<b>C Skuldabréf sem seljandi tekur við en kaupandi afhendir þann 1. mar. árið 2005</b>			
Utgifandi <b>Sigrún Sigurðardóttir</b>	Lámsnúmer <b>456123</b>	Fyrsti gjaldtugi <b>1.3.2006</b>	Fjárhæð <b>1.000.000</b>
<b>D Nafn og kennitala fasteignasala og kaupár eignar</b>			
Nafn og kennitala fasteignasala <b>Fasteignasalan hf., kt.700282-1239</b>	Kaupár hinnar seldu eignar <b>2004</b>		
<b>E Útreikningur söluhagnaðar</b>			
Söluverð <b>13.000.000</b>	Sölukostnaður <b>242.775</b>	Söluverð að fradregnum sölukostnaði <b>+ 12.757.225</b>	
Kaupverð <b>10.000.000</b>	Verðbreytingarstuðull (sjá bakhlíð) <b>x 1,0000</b>	Framreiknað kaupverð <b>- 10.000.000</b>	
Lækkun kaupverðs <b>X</b>	Verðbreytingarstuðull (sjá bakhlíð) <b>X</b>	Framreiknuð lækkun <b>+ 2.757.225</b>	
		Söluhagnaður <b>= 2.757.225</b>	
<b>Athugasemdir varðandi skattalega meðferð söluhagnaðar (sjá skýringar á bakhlíð)</b>			
<b>Óska eftir frestun á skattlagningu söluhagnaðar</b>			

### Fafrar D og E eru aðeins fylltir út af seljanda

Ekki þarf að fylla út kaffa E ef um er að ræða íbúðarhúsnæði sem seljandi var búin að eiga lengur en tvö ár og heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis hans var innan við 600 m<sup>3</sup> á söluþegi ef um einstakling er að ræða en 1200 m<sup>3</sup> ef um hjón er að ræða.

Hafi eignin verið keypt fyrir árið 2001 þarf að framreikna kaupverðið (og lækkun kaupverðs) til ársloka 2001. Sjá skýringar og verðbreytingarstuðla á bakhlíð eyðublaðsins.

Hafi kaupverðið verið fært niður vegna söluhagnaðar annarrar eignar færast lækkunin hér.

talið og/eða skýringar á bakhlíð eyðublaðsins *Kaup og sala eigna RSK 3.02*.

## Útreikningur söluhagnaðar á íbúðarhúsnæði

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis í eigu manns er mismunur söluverðs, þegar söluverð hefur verið dreginn frá, og stofnverðs, þ.e. kostnaðar eða kaupverðs. Þar sem ákvæði um verðbreytingaleiðréttingu hafa verið fellt niður úr skattalögum er aðeins heimilt að framreikna stofnverð við útreikning söluhagnaðar íbúðarhúsnæðis til ársloka 2001.

Tvennt getur haft áhrif til lækkunar stofnverðs en það er

- 1) áður fenginn söluhagnaður
- 2) skattfrjáls eigin vinna.

Sjá nánari skýringar í hjálpartexta við veframtalið og/eða á bakhlíð eyðublaða

RSK 3.02 og RSK 3.03. Verðbreytingarstuðlar eru á bls. 32.

## Frestun um tvenn áramót

Ef íbúðarhúsnæði er selt og seljandi hefur ekki átt íbúðina í full tvö ár er söluhagnaðurinn skattskyldur. Hafi hann keypt eða hafið byggingu íbúðarhúsnæðis á árinu getur hann óskað eftir að söluhagnaðurinn verði færður til lækkunar á stofnverði þess. Hafi það ekki verið gert er hægt að óska eftir frestun á skattlagningu söluhagnaðar um tvenn áramót frá söluþegi. Sé keypt eða hafin bygging á nýju íbúðarhúsnæði, í síðasta lagi á öðru ári eftir söluár, er söluhagnaðurinn ekki skattlagður en færast til lækkunar á stofnverði nýrrar íbúðar. Sé stofnverð nýju eignarinnar lægra en sem nemur fjárhæð söluhagnaðar færast mismunur sem fjármagnstekjur á kaup-

ári nýju eignarinnar. Ef eignar er ekki aflað innan tilskilins tíma færast söluhagnaðurinn með skattskyldum fjármagnstekjum á öðru ári eftir að hann myndaðist.

**Dreifing söluhagnaðar**

Ef hluti söluandvirðis er greiddur með skuldabréfi til minnst þriggja ára er heimilt samkvæmt 27. gr. skattalaga, að dreifa þeim hluta söluhagnaðarinnar sem svarar til hlutdeildar skuldabréfanna í heildarsöluverði til skattlagningar á afborgunartíma bréfanna, þó að hámarki sjö ár. Til skuldaviðurkenningar í þessu sambandi teljast ekki þær skuldir sem hvíla á hinni seldu eign og kaupandi tekur að sér að greiða.

Heimild til dreifingar fellur niður ef skuldaviðurkenning er seld.

**Vefútgáfan af RSK 3.02**

Eyðublaðið *Kaup og sala eigna RSK 3.02* er birt sem tvö aðskilin eyðublað í blaðaskrá vefframfalsins. Annars vegar RSK 3.02 Eignakaup og hins vegar RSK 3.02 Sala eigna. Þó útfyllinginn sé í grundvallaratriðum eins er formið á vefnum einfaldara í notkun.

**RSK 3.02 Eignakaup**

Á eyðublaðinu er tilgreint hvers konar eign er seld með því að haka við hvort um er að ræða íbúðarhúsnæði til eigin nota, samarhús, bílskúr eða aðrar eignir. Ekki þarf að gera frekari grein fyrir því í athugasemdum.

Ef keypt er íbúðarhúsnæði sem ekki er til eigin nota skal haka við „Annað, hvað?“ og skrá „íbúðar-kaup“ í textasvæðið. Sjá skýringar um eigin not í kaflanum **Hvað er keypt hér** ofar á síðunni.

**RSK 3.02 Sala eigna**

Upplýsingar um eignina, verð, greiðslu-tilhögun og sölulaun eru fylltar út eins og á pappírforminu. Eftir það þarf aðeins að velja kaupár eignar. Verðbreytingarstuðlar eru innbyggðir og útreikningur söluhagnaðar sjálfvirkur.

Með einföldum hætti er hakað við hvers konar eign var seld og hvernig söluhagnaði skuli ráðstafað. Skattfrjáls hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis fer í reitinn „Skattfrjáls söluhagnaður“ en flyst ekki á framtal. Skattskyldur hagnaður, t.d. af sölu sumarbústaðar, flyst sjálfkrafa í lið 3.9 á þriðju síðu framtals. Nánari skýringar er að finna í hjálpartextum eyðublaðsins.

**Húsbýggingarskýrsla**

Á *Húsbýggingarskýrslu RSK 3.03* skal gera grein fyrir byggingu, viðbyggingu, breytingum og endurbótum á fasteignum. Sundurliða þarf kostnað sem til hefur fallið á árinu. Gera skal grein fyrir eigin vinnu við húsbýgginguna á eyðublaðinu svo og gjafavinnu og skiptivinnu. Ef eigin nota er íbúðarhúsnæði til eigin nota er unnin utan venjulegs vinnutíma þarf að tilgreina þá vinnu undir lið D á eyðublaðinu, en öll önnur eigin vinna, t.d. vinna við íbúðarhúsnæði unnin í venjulegum vinnutíma, vinna við húsbýggingu sem ekki telst til

íbúðarhúsnæðis s.s. sumarbústað, fær-ist í lið E. Í þann lið færast enn fremur hvers konar gjafavinna og skiptivinna. Samtala úr lið E færast í ótölusettan reit í lið 2.3 á framtali. Á bakhlíð eyðublaðsins koma fram nánari skýringar. Fjárhæðir sem hafa skal til viðmiðunar við mat á eigin vinnu eru sem hér segir:

Vinna ófaglærðs manns við eigin íbúð kr. 677 pr. klst.

Vinna faglærðs manns við eigin íbúð kr. 1.027 pr. klst.

**RSK Húsbýggingarskýrsla**  
Fylgiskjal með skattframtali 2006

setjið X í viðeigandi reit  
Framteljandi  Sérskýrsla eins eiganda  Sameiginleg skýrsla margra eiganda

Nafn **Árni Jónsson** Kennitala **0 7 0 7 5 5 9 9 9 9**

Heimili **Björtugötu 10** Sveitarfélag **Reykjavík**

Upplýsingar um fasteign  
Staðsetning eignar **Björtugötu 10** Byggingarstig í árslok (sjá skýringar) **Fullgert** Tegund byggingar  Fjölbýlishús  Raðhús  
 Einbýlishús  Atvinnuhúsnæði  
Annað

Bygging hófst eða hvernær keypt	Byggingu lauk	Húsnæði tekið í notkun	Eignarhlutfall framteljanda
2005	2005	2005	100 % 180 m <sup>2</sup> 450 m <sup>3</sup>

Sundurliðun kostnaðar ársins Krónur

<b>A Samkvæmt sendum launamiðum</b>	
Trésmíði	298.608
Múrverk	
Pípuþagdir	
Raflagnir	205.496
Málun	146.305
Teikningar	
<b>B Keypt byggingarefni</b>	<b>2.874.919</b>
(Tegund efnis sundurliðast á bakhlíð)	
<b>C Annar byggingarkostnaður</b>	
<b>D Aukavinna við eigin íbúð</b> (Sjá skýringar á bakhlíð)	
935 klst @ 677	632.995
<b>E Önnur eigin vinna og gjafavinna</b>	
49 klst @ 1.027	50.323
<b>Samtals</b>	<b>4.208.646</b>

Sundurliðun heildarkostnaðar Krónur

<b>F Kaupverð húsnæðis í smíðum, keypt á árinu</b>	+
<b>G Hlutdeild í sameiginlegum byggingarkostnaði</b> (Fært af sameiginlegri húsbýggingarskýrslu)	+
<b>H Sérkostnaður eiganda, þ.e. liðir A til E samtals</b>	<b>+ 4.208.646</b>
<b>I Endurgreiðsla VSK</b>	+
<b>J Kostnaður alls á árinu</b>	<b>= 4.131.851</b>
<b>K Heildarkostnaður frá fyrra ári</b>	<b>+ 9.946.239</b>
<b>L Söluhagnaður</b> (Sjá skýringar á bakhlíð)	+
<b>Stofnkostnaður samtals</b>	<b>= 14.078.090</b>

Á framtal í tölu lið 4.1 færast:

<b>A) Fasteignamat húss og lóðar 31.12.2005</b>	<b>11.465.000</b>
<b>b) Ómetinn byggingarkostnaður</b> (Sjá skýringar á bakhlíð)	<b>3.835.000</b>
<b>Samtals í tölu lið 4.1</b>	<b>15.300.000</b>

Hver eigandi færir í G-lið húsbýggingarskýrslu hlutdeild sína skv. þessum dákli

Skipting kostnaðar ársins á eigendur ef skýrsla er sameiginleg	Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall	Hlutdeild hvers eiganda í byggingarkostnaði

Samtals, sbr. liði A-E að ofan

19.03.06 Árni Jónsson  
Dagsetning Undirskrift

Kynnið ykkur vandlega skýringar á bakhlíð





Kafli C - Útreikningur á kaupverði seldra hlutabréfa sem keypt voru fyrir árslok 1996							
1. Nafn hlutafélags/sparisjóðs	2. Kennitala félags	3. Kaupár	4. Upphaflegt kaupverð	5. Verðbreytingarstuðull	6. Framreiknað kaupverð (dálkur 4 x dálkur 5)	7. Jöfnunarverðmæti (sá skýringar)	8. Kaupverð (hvarri fjárhæðin er dálkur 6 eða 7)
HB Grandi hf.	541185-0389	1995	504.000	1,0608	534.643	335.412	534.643

Þessi fjárhæð færirst í dálk 8 í kafla B.

Jöfnunarverðmætið er nafnverð hlutabréfa sem verið er að selja eins og það var í árslok 1996 (kr. 210.000) margfaldað með jöfnunarstuðli félagsins, 1,5972. Jöfnunarstuðul félagsins er að finna á [rsk.is/hlutabref](http://rsk.is/hlutabref).

á kaupverði og markaðsverði til hlunninda. Hann færirst í kafla 2.2 á framtali, en markaðsverðið telst kaupverð og færirst í dálk 6 í kafla A á eyðublaðinu RSK 3.09. Þegar þessi hlutabréf eru seld færirst þannig ákvarðað kaupverð, þ.e. markaðsverð eins og það var á kaupdegi, í dálk 8 í kafla B á framhlið eyðublaðsins.

### Keypt hlutabréf samkvæmt kaupréttarsamningi

Hafi starfsmaður gert kaupréttarsamning við félagið sem hann starfar hjá gilda sérreglur um skattlagninguna. Kaupverðið færirst í dálk 6 í kafla A á eyðublaðinu RSK 3.09. Skattlagning kemur fyrst til við sölu bréfanna ef um söluhagnað er að ræða og fer þá eftir almennum reglum um söluhagnað hlutabréfa. Til að falla undir þessa tegund skattlagningar þurfa bæði hlutafélagið og starfsmaðurinn að uppfylla ákvæðin skilyrði, m.a. þarf hlutafélagið að fá staðfesta kaupréttaráætlun hjá ríkisskattstjóra.

### Kaupverð hlutabréfa - niðurfært kaupverð

Hafi kaupverð verið fært niður vegna söluhagnaðar áður seldra hlutabréfa, eins og heimilt var á árunum 1996-2001, skal þannig niðurfært kaupverð lagt til grundvallar við ákvörðun söluhagnaðar.

### Kaupverð hlutabréfa við samruna félaga

Kaupverð hlutabréfa, sem framteljandi hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 51. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa sem hann lét af hendi.

### Meðalkaupverð

Þegar ákvarða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda. Nánari skýringar á útreikningi meðalkaupverðs er að finna á [rsk.is/hlutabref](http://rsk.is/hlutabref). Þar er meðal annars að finna reiknivél sem reiknar út meðalkaupverð.

Ekki þarf þó að reikna út meðalkaupverð þegar maður selur öll hlutabréf sem hann á í tilteknu félagi.

### Hlutabréf sem veittu rétt til skattafrádráttar seld áður en eignarhaldstíma er náð

Réttur til frádráttar vegna fjárfestingar í atvinnurekstri gilti til og með tekjuárinu 2002. Þeir sem nýttu sér þennan rétt vegna kaupa á hlutabréfum þurfa að eiga bréfin yfir 5 áramót. Séu bréfin seld innan þess tíma, öll eða hluti þeirra, skal tekjufæra áður fenginn frádrátt.

Þegar áður fenginn frádráttur er færður til tekna af þessum sökum er tekjufærslan skráð í ótölusettan reit í lið 2.3 á framtali.

Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef keypt eru á sama ári, og eigi síðar en 30 dögum eftir sölu, önnur hlutabréf í hlutafélagi sem skráð er í kauphöll á Evrópska efnahagssvæðinu. Sama gildir séu keypt hlutabréf í hlutafélagi sem er með hlutafé a.m.k. að fjárhæð kr. 22.000.000, fjöldi hluthafa a.m.k. 25 og fyrir liggur að engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréfin og ársreikningur er öllum aðgengilegur. Þá gildir þetta einnig um afhendingu hlutdeildarskírteina í stað hlutabréfa sem fjallað er um í bráðabirgðaákvæði VIII í lögum nr. 90/2003, sbr. 4. mgr. þess ákvæðis.

Sé kaupverð hlutabréfa sem keypt voru í staðinn lægra en söluverð hinna seldu bréfa skal tekjufæra áður fenginn frádrátt

hlutfallslega. Dæmi: Seld eru hlutabréf á árinu 2005 sem veittu frádrátt frá tekjuskattstofni á framtali 2003 að fjárhæð kr. 160.000. Söluverðið var kr. 500.000 og keypt voru hlutabréf í staðinn fyrir kr. 400.000 eða 80% af söluverði. Tekjufæra skal þá 20% af áður fengnum frádrætti og færa í ótölusettan reit á framtali, eða kr. 32.000.

### Sérstök hlutabréf

Sérstök hlutabréf teljast hlutabréf sem voru keypt á árunum 1990-1996 og veittu rétt til skattafrádráttar.

Hagnaður af sölu þessara bréfa er skattfrjáls að hámarki kr. 367.625 hjá einstaklingi og kr. 735.250 hjá hjónum.

### Erlend hlutabréf

Ef keypt eru hlutabréf í erlendum félögum eru kaupin skráð í kafla A eins og kaup á íslenskum hlutabréfum. Ef félagið hefur ekki íslenska kennitölu er skráð 999999-9999 í dálk 2 til auðkennis að um erlent félag sé að ræða. Ef ekki er til skráð nafnverð á bréfunum er dálkur 5 auður.

Um sölu á erlendum hlutabréfum gilda sömu reglur og um íslensk hlutabréf hvað varðar söluverð, kaupverð bréfa sem keypt voru 1997 og síðar og framreikning kaupverðs á bréfum sem keypt voru 1996 eða fyrr. Ekki er til jöfnunarverðmæti fyrir erlend hlutafélög.

## Vefútgáfan af RSK 3.09

Rétt er að benda á að vefútgáfan af þessu eyðublaði er nokkuð frábrugðin pappírútgáfunni. Kafli A er eins, en í staðinn fyrir kafla B og C er einn kafli á vefnum þar sem allur útreikningur á söluhagnaði er sjálfvirkur, svo og færsla skattskylds söluhagnaðar á framtal. Útfilling eyðublaðsins á vefnum er því mun auðveldari og tryggari.

### Hlutabréf sem keypt voru 1996 eða fyrr

Þegar skráð er sala hlutabréfa sem keypt voru 1996 eða fyrr birtist verðbreytingarstuðull sjálfkrafa og kaupverð framreiknast samkvæmt því. Sama gildir um jöfnunarverðmæti;

reiknistuðlar vegna þess eru innbyggðir í forritið sem reiknar út jöfnunarverðmæti hlutabréfa. Í reitinn fyrir nafnverð, í vefútgáfunni, á að skrá nafnverð eins og það var í árslok 1996 en ekki að meðtöldum jöfnunarhlutabréfum sem kunna að hafa verið gefin út eftir það.

Frítekjumark vegna sölu „sérstakra hlutabréfa“ dregst sjálfkrafa frá hagnaði. Þá er tap af sölu hlutabréfa dregið frá hagnaði af sölu annarra hlutabréfa á sama ári, áður en niðurstöðutala er færð á framtal.

Upplýsingar um þessi atriði og önnur sem varða vefútgáfu blaðsins er að finna í hjálpartextum sem því fylgja.

# Sala/innlausn verðbréfa

Peir sem seldu eða innleystu verðbréf á árinu 2005 skulu gera grein fyrir því á eyðublaðinu *Sala/innlausn verðbréfa RSK 3.15*. Fylla þarf út eyðublaðið eins og form þess segir til um; upplýsingar um kaupanda og seljanda, hvaða bréf er verið að selja, kaupdag, sölundag, stofnverð og sölu- eða innlausnarverð.

**Fjárhæðir vaxtatekna og staðgreiðslu af þeim skv. eyðublaðinu skal færa í reiti 36 og 302 í lið 3.3 á skattframtali**

Vextir, verðbætur og afföll, svo og gengishagnaður af kröfum í erlendri mynt og gengishækkun hlutdeildarskírteina mynda stofn til fjármagnstekjuskatts. Í skýringum á eyðublaði *RSK 3.15* er stofnverð verðbréfa skilgreint og útskýrt nánar hvernig það er fundið út. Á baklið eyðublaðsins er tafla yfir verðmæti markaðsverðbréfa 1. janúar 1997 sem nota skal til útreiknings á vaxtatekjum af verðbréfum sem voru í eigu framteljanda fyrir 1. janúar 1997. Töfluna er einnig að finna á [rsk.is/fjarmagnstekjuskattur](http://rsk.is/fjarmagnstekjuskattur).

- Ef selt/innleyst er verðbréf sem framteljandi eignaðist fyrir 1. janúar 1997 verður að finna stofnverð bréfsins 1. janúar 1997 þar sem vaxtatekjur sem til féllu fyrir þann tíma eru ekki skattlagðar. Vaxtatekjur ársins eru fundnar með því að draga stofnverðið frá söluverðinu. Söluþóknarir má draga frá söluverði.

- Ef selt/innleyst er verðbréf sem framteljandi eignaðist eftir 1. janúar 1997 eru vaxtatekjur fundnar með því að draga kaupverðið frá söluverðinu. Söluþóknarir má draga frá söluverði.

Hafi seljandi verið búinn að fá afborganir af bréfinu á árinu 2005 skal færa þær vaxtatekjur sem þá fengust greiddar í reit 1 á eyðublaðinu.

<b>RSK</b>		<b>Sala/innlausn verðbréfa</b>	
Framteljandi		Fylgiskjal með skattframtali árið .....	
Nafn <b>Árni Jónsson</b>	Kennitala <b>070755 9999</b>		
Nafn	Kennitala		
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs		1 Áður fenginir vextir á árinu	4 Staðgreiðsla af vaxtatekjum ársins
<b>Skuldabréf</b>		+	
Hvenær selt? <b>1. des. 2005</b>	Hverjum <b>Verðbréfasölonni hf.</b>	2 Söluverð að frádreginni söluþóknun	<b>4.250</b>
		+	
Hvenær keypt? <b>1. feb. 2005</b>	Af hverjum <b>Birni Björnssyni</b>	3 Stofnverð	<b>42.500</b>
		-	
			<b>42.500</b>
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs		1 Áður fenginir vextir á árinu	
		+	
Hvenær selt?	Hverjum	2 Söluverð að frádreginni söluþóknun	
		+	
Hvenær keypt?	Af hverjum	3 Stofnverð	
		-	
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs		1 Áður fenginir vextir á árinu	
		+	
Hvenær selt?	Hverjum	2 Söluverð að frádreginni söluþóknun	
		+	
Hvenær keypt?	Af hverjum	3 Stofnverð	
		-	
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs		1 Áður fenginir vextir á árinu	
		+	
Hvenær selt?	Hverjum	2 Söluverð að frádreginni söluþóknun	
		+	
Hvenær keypt?	Af hverjum	3 Stofnverð	
		-	
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs		1 Áður fenginir vextir á árinu	
		+	
Hvenær selt?	Hverjum	2 Söluverð að frádreginni söluþóknun	
		+	
Hvenær keypt?	Af hverjum	3 Stofnverð	
		-	
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs		1 Áður fenginir vextir á árinu	
		+	
Hvenær selt?	Hverjum	2 Söluverð að frádreginni söluþóknun	
		+	
Hvenær keypt?	Af hverjum	3 Stofnverð	
		-	
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs		1 Áður fenginir vextir á árinu	
		+	
Hvenær selt?	Hverjum	2 Söluverð að frádreginni söluþóknun	
		+	
Hvenær keypt?	Af hverjum	3 Stofnverð	
		-	
Hvaða bréf var selt? Tegund bréfs eða nafn sjóðs		1 Áður fenginir vextir á árinu	
		+	
Hvenær selt?	Hverjum	2 Söluverð að frádreginni söluþóknun	
		+	
Hvenær keypt?	Af hverjum	3 Stofnverð	
		-	

Vaxtatekjur samkvæmt reitum nr. 5 og staðgreiðsla í reitum nr. 4 færast á skattframtali í lið 3.3.

19.03.06      Árni Jónsson

Dagsetning og undirskrift

Dagsetning og undirskrift

RSK 3.15 0002 GUTENBERG

**Útreikningur vaxtatekna og útfylling RSK 3.15**

**Dæmi:**  
 Árni keypti skuldabréf af Birni Björnssyni á kr. 682.000 þann 1. febrúar 2005. Hann seldi Verðbréfasölonni h.f. skuldabréfið á kr. 725.000 þann 1. desember 2005 og greiddi 500 krónur í söluþóknun.  
 Söluverðið að frádreginni söluþóknun, eða kr. 724.500, færast í reit 2 og kaupverðið, kr. 682.000, í reit 3. Mismunurinn, kr. 42.500, eru vaxtatekjur Árna af bréfinu og færast í reit 5. Verðbréfasalan h.f. hélt eftir 10% af vaxtatekjum vegna staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, eða kr. 4.250 og færast sú fjárhæð í reit 4.

# Umsókn um lækkun

## Heimild til lækkunar

Í 65. grein skattalaganna er að finna heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni. Sé tekjuskattsstofn lækkaður samkvæmt heimild í 65. grein lækkar útsvarsstofn um sömu fjárhæð og fer sú lækkun eftir ákvæðum 21. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þá á framteljandi rétt á að óska frekari lækkunar útsvars hjá viðkomandi sveitarfélagi sbr. 1. mgr. 25. greinar sömu laga.

Lækkun á tekjuskatts- og útsvarsstofni er heimil þegar þannig er ástatt:

### Andlát

Ef andlát, t.d. andlát maka, hefur í för með sér verulega skert gjaldþol fyrir framteljanda.

### Veikindi, slys, ellihörleiki

Ef veikindi, slys eða ellihörleiki hafa í för með sér verulega skert gjaldþol.

### Veikindi barns

Ef maður hefur á framfæri sínu barn sem haldið er langvinnum sjúkdómi sem hefur í för með sér veruleg útgjöld umfram venjulegan framfærslukostnað.

### Fatlað barn

Ef maður hefur á framfæri sínu barn sem er fatlað og útgjöld vegna þess eru verulega hærri en venjulegur framfærslukostnaður.

### Framfærsla vandamanna

Ef maður hefur foreldra eða aðra vanda menn á framfæri sínu. Við mat á ívilnun vegna framfærslu barns á aldrinum 16-21 árs sem ekki stundar nám, en vegna atvinnuleysis eða af öðrum ástæðum er það tekjulágt að það getur ekki staðið undir eigin framfærslu, er miðað við hámarksívilnun kr. 204.000 við álagningu 2006. Hafi barnið tekjur skerðist ívilnunin sem nemur þriðjungi af tekjum þess.

**RSK**

Fylgiskjal með skattframtali árið \_\_\_\_\_

**Umsókn um lækkun A**

**Vegna veikinda, mannláts, framfærslu vandamanna, eignatjóns og tapa á útistandandi kröfum sbr. 65. gr. laga nr. 90/2003.**

Nafn umsækjanda	Kennitala
Heimil	Sveitarfélag

Merkið x í viðeigandi reit  eftir því hver er ástæða umsóknar og gefið í greinargerð á baksíðu eyðublaðsins þær upplýsingar sem beðið er um í hverju tilviki svo og aðrar þær upplýsingar sem þykja skipta máli. Nauðsynlegt er að umbeðin gögn fylgi umsókninni.

**Umsókn um lækkun á tekjuskattsstofni:**

**1. Vegna mannláts.**

a) Nafn og kennitala hins látna og andlátsdagur.  
b) Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á yfirstandandi ári.

**2. Vegna veikinda, slysa eða ellihörleika.**

a) Útgjöld umfram venjulegan kostnað og í hverju fólgin.  
b) Málsatvik varðandi veikindi eða slys og hve lengi má ætla að afleiðingar þeirra vari.  
c) Áætlaðar tekjur, bætur og styrkir umsækjanda á yfirstandandi ári.  
d) Læknisvottorð fylgi.

**3. Vegna barns sem haldið er langvinnu sjúkdómi, er fatlað eða vangefið og er á framfæri umsækjanda.**

a) Nafn barns, kennitala og dvalarstaður.  
b) Útgjöld umfram venjulegan framfærslukostnað og í hverju fólgin.  
c) Bætur og styrkir vegna barnsins á yfirstandandi ári.  
d) Læknisvottorð fylgi eða staðfesting stofnunar þar sem barnið dvelur.

**4. Vegna foreldra eða annarra vandamanna á framfæri umsækjanda.**

a) Nafn, kennitala og lögheimili vandamanns.  
b) Útgjöld af þessum ástæðum og í hverju þau eru fólgin.  
c) Tekjur, bætur og styrkir vandamanns á síðasta ári.  
d) Greiðslur sem umsækjandi fær til framfærslu vandamanns.

**5. Vegna eignatjóns sem umsækjandi hefur orðið fyrir.**

a) Tegund eignar og eignartími.  
b) Hvaða tjón varð á eigninni og hvenær það varð.  
c) Heildarskaði af völdum tjónsins og fjárhæð tjónabóta.

**6. Vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa af atvinnurekstri.**

a) Hvenær lánið var veitt eða í ábyrgð gengið og af hvaða ástæðum.  
b) Nafn lántakanda kennitala og lögheimili.  
c) Leggja þarf fram vottorð og gögn sem staðfesta að útlán sé tapað eða ábyrgð fallin án möguleika til endurkröfu.

RSK 3.05 0602 - GUTENBERG

## Eignatjón

Hafi maður orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt.

## Tapaðar kröfur

Hafi gjaldþol manns skerast verulega vegna tapa á útistandandi kröfum sem

ekki tengjast atvinnurekstri hans. Þetta gildir m.a. um ábyrgðir sem fallið hafa án möguleika til endurkröfu.

Umsókn um lækkun ber að skila með skattframtali, á eyðublaði RSK 3.05. Á því koma fram upplýsingar um hvaða gögn þurfa að fylgja umsókn.

# Ökutækjastyrkur og frádráttur frá honum

Með ökutækjastyrk er átt við þær greiðslur sem launþegi fær frá launagreiðanda fyrir að nota eigin bifreið í hans þágu. Hér getur bæði verið um að ræða að greidd sé föst mánaðarleg eða árleg fjárhæð eða að greitt sé samkvæmt kílómetragjaldi fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt akstursdagbók eða akstursskýrslu.

**Frádráttur á móti ökutækjastyrk**  
Frádráttur á móti ökutækjastyrk má færa ef bifreið launþega hefur sannanlega verið notuð vegna aksturs í þágu vinnuveitanda. Frádráttur má ekki færa hafi ökutækjastyrkur verið greiddur vegna ferða launþegans til og frá vinnu eða vegna annarra nota af bifreiðinni sem teldust til eigin nota hans. Frádráttur má aldrei vera hærri en ökutækjastyrkurinn. Sé kostnaður lægri en ökutækjastyrkur reiknast tekjuskattur og útsvar af mismuninum.

**Skilyrði að halda akstursdagbók**  
Allir sem ætla að gera kröfu um frádrátt á móti ökutækjastyrk þurfa að halda akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð hefur verið hver ferð fyrir launagreiðanda, ekin vegalengd og aksturs-erindi. Akstursdagbækur eða akstursskýrslur er nauðsynlegt að færa reglulega þannig að þær geti verið aðgengi- legar fyrir skattýfirvöld sé þess óskað.

**Rekstrarkostnaður bifreiðar**  
Útgjöld vegna bifreiðarinnar sem teljast rekstrarkostnaður eru t.d. eldsneytis- kostnaður, viðgerðarkostnaður, smurn- ing, hjólbarðar og viðgerðir á þeim, tryggingar, bifreiðaskattar og bifreiða- gjöld. Sem rekstrarkostnaður telst einn- ig árleg afskrift sem reiknast kr. 370.000 vegna ársins 2005. Hafi bifreið verið í eigu framteljanda hluta úr ári skal hlut- falla þá afskrift sem færð er í kaflann "Rekstrarkostnaður ökutækis" til sam- ræmis við eignarhaldstíma á árinu.

**RSK**

**1 Framteljandi**

Nafn: Árni Jónsson

Heimili: Björtugötu 10

**Ökutækjastyrkur**  
Fylgiskjal með skattframtali 2006

Kennitala: 0707559999

Sveitarfélag: 119 Reykjavík

**2 Merkið í viðeigandi reit:**  Finginn ökutækjastyrkur  Greitt skv. kílómetragjald

Launagreiðandi	Vinnustaður	Fjárhæð	Akstur í þágu launagreiðanda skv. akstursdagbók eða akstursskýrslu
Verslun hf.	Laugavegur	180.000 kr.	3.250 km
		Samtals 180.000 A	Samtals 3.250 B

**3 Ökutæki og akstur**

Skila ber skýrslu fyrir hvert ökutæki		Staða mælis í ársbyrjun eða þegar ökutæki er keypt	44.788
Tegund ökutækis og árgerð	Nissan SLX '01	Staða mælis í árslok eða þegar ökutæki er selt	59.838
Skráningarnúmer	AB-456	Akstur til og frá vinnu	2.399 km
Tímabil notkunar á árinu	1/1 - 31/12	Annar akstur í eigin þágu	9.401 km
		Samtals	15.050 km

**4 Rekstrarkostnaður ökutækis**

Eldsneyti	Smurning, stillingar o.fl.	Hjólbarðar	Vöðgerðir/varahlutir	Skattur	Tryggingar
196.497	13.070	38.467	123.727	12.994	52.270
Annað, hvað?			Afskrift, sbr. að neðan	Kostnaður alls	Kostnaður á ekinum km C
			370.000	807.025	53,62

Árleg afskrift bifreiðar reiknast 370.000 kr. Árleg afskrift annarra ökutækja en bifreiða reiknast 10% af kaupverði (stofnverð). Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.

**Sú fjárhæð sem lægst er í reitum A, D eða E á eyðublaðinu færast sem frádráttur í lið 2.6 á framtal í reit 32.**

Akstur í þágu launagreiðanda, sbr. reit B	x	Kostnaður á ekinum km, sbr. reit C	=	D
3.250 km		53,62 kr.		174.265 kr.
Akstur í þágu launagreiðanda, sbr. reit B	x	61,74 kr.	=	E
3.250 km				200.655 kr.

Þeir sem gera kröfu um að fá frádrátt á móti ökutækjastyrk þurfa að sundurliða kostnað vegna bifreiðarinnar og fylla út eyðublaðið Ökutækjastyrkur RSK 3.04 sem fylgja skal með framtali, jafnframt því sem þeir þurfa að halda akstursdagbók. Ekki þarf að sundurliða rekstrarkostnað bifreiðar ef akstur í þágu launagreiðanda er ekki umfram 2000 km á ári.

**Gögn sem halda þarf saman**  
Rekstrarkostnaðurinn þarf að vera sannanlegur og er því nauðsynlegt að

**Taktu eftir**  
Skila þarf sérstöku eyðublaði fyrir hverja bifreið ef notaðar eru fleiri en ein á árinu.

halda saman kvittunum fyrir öllum útlögðum kostnaði vegna bifreiðarinnar.

**Staðgreiðsla skatta af ökutækjastyrk**  
Ökutækjastyrkur sem greiddur er sem föst mánaðarleg eða árleg fjárhæð er staðgreiðsluskyldur. Sé um að ræða ökutækjastyrk, sem greiddur er samkvæmt akstursdagbók fyrir hvern ekinn kílómetra og fjárhæðin er í samræmi við skattmat fjármálaráðherra, má halda þeim ökutækjastyrk utan staðgreiðslu.

Hafi ekki verið tekin staðgreiðsla af ökutækjastyrknum þarf að greiða skatt af mismuninum í álagningu. Hafi hins vegar verið tekin full staðgreiðsla af ökutækjastyrknum getur komið til endurgreiðslu vegna frádráttarbærs kostnaðar.

## 2000 km reglan

Sé akstur í þágu launagreiðanda ekki umfram 2000 km á ári er nægilegt að launamaður fylli út eyðublaðið RSK 3.04 að hluta, en ekki er þörf á að sundurliða rekstrarkostnað bifreiðarinnar. Þessi regla nær einungis til þeirra sem aka ekki meira en 2000 km á ári. Skilyrði er að þeir haldi akstursdagbók eða akstursskýrslu eða hafi gert skriflegan afnotasamning við launagreiðanda þar sem akstuserindum er lýst.

Hafi verið greitt fyrir meiri akstur en 2000 km þarf framteljandi að fylla út liði 3, 4 og 5. Sé það ekki gert takmarkast frádráttur við kílómetragjald fyrir 2000 km.

# Vistun í heimahúsum

Eftirfarandi reglur gilda um tekjur fyrir vistun í heimahúsum og frádrátt frá þeim. Hér er aðallega átt við vistun hjá dagmæðrum, sumardvöl barna í sveit, fósturbörn, stuðningsfjölskyldur fatlaðra barna og vistun aldraðra eða öryrkja.

## 1. Dagvistun barna

Greiðslur fyrir dagvistun barna á að gera upp sem rekstrartekjur. Til frádráttar þessum tekjum má færa sannanlegan kostnað sem færa skal á rekstrarreikning (RSK 4.11). Í stað þess að sundurliða kostnað á rekstrarreikning er heimilt að færa hámarksfrádrátt samkvæmt mati fjármálaráðherra sem hér segir:

### Frá 1. janúar til 30. september

Frádráttur á móti tekjum af fæðissölu í stað sannanlegs fæðiskostnaðar fyrir börn eldri en tveggja ára:

- Kr. 90 fyrir hvern seldan morgunverð eða síðdegishressingu.
- Kr. 200 fyrir hvern seldan hádegis- eða kvöldverð.

Fyrir börn yngri en tveggja ára má færa til frádráttar helming ofangreindra fjárhæða.

Frádráttur má þó aldrei nema hærri fjárhæð en innheimt var fyrir sölu fæðis samkvæmt gjaldskrá.

Sem frádrátt í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, fönðurvara, bóka o.þ.h. má færa 14% af tekjum, öðrum en tekjum vegna fæðissölu, en þó aldrei hærri fjárhæð en innheimt var vegna þessara liða samkvæmt gjaldskrá.

### Frá 1. október til 31. desember

Frá 1. október til ársloka er frádráttarheimildin sú sama fyrir öll börn hvort sem þau voru yngri eða eldri en tveggja ára. Jafnframt hækkar heimild til frádráttar vegna sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar o.fl. úr 14% í 25% af öðrum tekjum en fæðissölu.

Niðurstöður af rekstrarreikningi færast í reiti 24 og 62 á framtali eftir því sem við á.

## 2. Sumardvöl barna

Greiðslur vegna sumardvalar barna á að gera upp sem rekstrartekjur. Til frádráttar þessum tekjum má færa sannanlegan kostnað sem færa skal á rekstrarreikning. Í stað þess að sundurliða kostnað á rekstrarreikning má færa fæðisfrádrátt á móti tekjum eftir sömu reglum og gilda fyrir dagmæður sbr. tölulið 1, og í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, fönðurvara, bóka o.þ.h. má færa 20% af heildartekjum, þegar frá hefur verið dreginn kostnaður vegna fæðis, enda sé um gistingu að ræða.

Gera skal sérstakan rekstrarreikning fyrir þessa starfsemi en ekki blanda henni saman við aðra starfsemi sem t.d. er færð á landbúnaðarskýrslu. Niðurstöðu þessa rekstrar skal færa á samræmingarblað ásamt niðurstöðum af öðrum rekstri og þaðan í reiti 24 og 62 á framtali.

## 3. Fósturbörn

Greiðslur vegna barna sem sett eru í fóstur af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnun skulu teljast til tekna sem rekstrartekjur. Til frádráttar þessum tekjum má færa sannanlegan kostnað sem færa skal á sérstakan rekstrarreikning og skal þessum tekjum ekki blandað saman við aðra starfsemi. Niðurstöðu þessa rekstrar skal færa á samræmingarblað ásamt niðurstöðum af öðrum rekstri og þaðan í reiti 24 og 62 á framtali.

Greiðslur vegna fósturs eins til tveggja barna í senn eða greiðslur fyrir tilfallandi vistun barna sem sett eru í fóstur af barnaverndarnefnd eða meðferðarstofnun færast sem tekjur. Á móti má færa frádrátt sem svarar til tvöfalds barnalífeyris, en þó aldrei hærri fjárhæð en greiðslunum nemur. Tvöfaldur barnalífeyrir nam á árinu 2005 kr. 398.064 eða kr. 1.091 á dag. Gera skal grein fyrir greiðslum og frádrætti frá þeim á sérblaði sem fylgja skal framtalinu og nið-

urstaða færast síðan í lið 2.3 í ótölusettan reit á framtali.

## 4. Stuðningsfjölskyldur

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna teljast að fullu til skattskyldra tekna en á móti má færa til frádráttar beinan kostnað vegna umönnunar og dvalar barnanna, enda sé lögð fram sundurliðun um sannanlegan kostnað. Í stað sundurliðaðs kostnaðar er heimilt að færa fæðisfrádrátt eftir sömu reglum og heimilað er vegna dagvistunar barna, sbr. tölulið 1 hér að framan. Í stað sannanlegs viðhaldskostnaðar húsnæðis og húsbúnaðar, kostnaðar vegna hreinlætisvara, fönðurvara, bóka o.þ.h. má færa 25% (14% til og með 30. september) af tekjum, öðrum en tekjum vegna fæðissölu ef um dagvistun er að ræða, en 20% ef um sólarhringsvistun er að ræða. Kostnað sem leiðir af sérþörfum barnsins vegna fötlunar má færa til frádráttar, auk frádráttar samkvæmt mati fjármálaráðherra, enda sé gerð sérstök grein fyrir honum.

Gera skal grein fyrir greiðslum og frádrætti frá þeim á sérblaði sem fylgja skal framtalinu og niðurstaðan færast í ótölusettan reit í lið 2.3 á framtali.

## 5. Vistun aldraðra eða öryrkja

Greiðslur vegna vistunar aldraðra eða öryrkja í heimahúsum teljast að fullu til skattskyldra tekna, en á móti er heimilt að færa sannanlegan kostnað sem af vistuninni leiðir. Þegar ekki er um að ræða beinan atvinnurekstur, má í stað þess að leggja fram sundurliðaðan kostnað, færa frádrátt sem nemur tvöföldum ellilífeyri (grunnlífeyri). Fjárhæð þessi nam á sl. ári kr. 527.832 eða kr. 1.446 á dag.

Gera skal grein fyrir tekjunum og frádrætti frá þeim á sérblaði sem fylgja skal framtalinu og niðurstaðan færast síðan í ótölusettan reit í lið 2.3 á framtali.

Skattskyldar greiðslur sem hér að framan hefur verið fjallað um í liðum 1 og 2 skal telja fram hjá því hjóna eða sambúðarfólks sem hefur reksturinn með höndum. Greiðslur þær sem taldar eru upp í liðum 3, 4 og 5 skal telja fram hjá þeim sem við þeim tekur. Ef um sambúðarfólk er að ræða skal það þeirra sem samningur er gerður við telja tekjurnar fram hjá sér. Ef samningur er gerður við báða sambúðaraðila skal telja tekjurnar hjá þeim sem aðallega vinnur við þessi störf.

# Tekjur og eignir erlendis

## Launatekjur erlendis

Hafi framteljandi aflað launatekna erlendis, á sama tíma og hann var heimilisfastur hér á landi, ber honum að gera grein fyrir þeim tekjum í lið 2.8 á framtali. Hér er átt við hvers konar launatekjur, starfstengdar greiðslur og hlunnindi sem taldar eru upp í kafla 2 á framtali. Þetta á þó ekki við um stjórnarlaun, sbr. það sem fram kemur um aðrar tekjur hér á eftir. Tilgreina skal í hvaða landi tekanna er aflað og fjárhæð í erlendri mynt. Fjárhæðina skal umreikna í íslenskar krónur á meðalkaupgengi þess tíma þegar teknanna var aflað og færa í reit 319.

Hafi tekna verið aflað í ríki sem í gildi er tvísköttunarsamningur við (önnur en Holland og Pólland) koma þær tekjur ekki til skattlagningar heldur eru hafðar til hliðsjónar við skattlagningu annarra tekna og geta þannig haft áhrif á álagðan tekjuskatt og útsvar. Þessar tekjur reiknast með í skerðingarstofnum við útreikning barnabóta og vaxtabóta.

Hafi tekna verið aflað í Hollandi, Póllandi eða í ríki sem Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamning við, skal auk útfyllingar á lið 2.8, gera grein fyrir greiddum sköttum af þeim tekjum í athugasemdadálki framtals. Nauðsynlegt er að framtalinu fylgi staðfesting á þeim skattgreiðslum en það er skilyrði fyrir því að unnt sé við álagningu að taka tillit til þeirra.

## Vaxtatekjur og arður erlendis

Hvers konar vaxtatekjur skal telja fram í 3. kafla framtals, en þær eru skattskyldar hér á landi óháð því hvar þeirra er aflað. Umreikna skal þessar vaxtatekjur í íslenskar krónur miðað við kaupgengi eins og það var þegar vaxtatekjurnar voru lausar til ráðstöfunar.

Gera skal grein fyrir arði af erlendum hlutabréfum í lið 3.6, reit 324. Hafi verið greiddir skattar erlendis af arðinum skal gera grein fyrir þeim skattgreiðslum í athugasemdadálki í lið 1.4. Umreikna skal arðinn og skattgreiðslur í íslenskar krónur miðað við kaupgengi eins og það var þegar arðurinn var greiddur. Jafnframt skal láta fylgja með staðfestingu um greidda skatta erlendis.

## Aðrar tekjur erlendis

Hafi annarra tekna verið aflað erlendis en þeirra sem fjallað hefur verið um hér að framan, skal gera grein fyrir þeim í athugasemdadálki í lið 1.4. Þetta á við um stjórnarlaun, ágóðahluti, söluhagnað, leigutekjur, hvers konar skattskylda vinninga o.fl. Hafi verið greiddir skattar erlendis af þessum tekjum skal einnig gera grein fyrir þeim í athugasemdum. Umreikna skal tekjurnar (og skattgreiðslurnar) í íslenskar krónur miðað við meðalgengi þess tímabils þegar teknanna var aflað. Jafnframt skal láta fylgja með staðfestingu um greidda skatta erlendis.

## Eignir erlendis

Eignir erlendis ber að telja fram á framtali á sama hátt og um eignir hér á landi væri að ræða. Fasteignir teljast þá með öðrum fasteignum í lið 4.1. Erlendar bankainnstæður skal færa í lið 3.2 og erlendar verðbréfaeignir í lið 3.3. Hlutabréf í erlendum hlutafélögum færast í lið 3.6. Erlenda peninga skal færa í lið 4.3.

Eignirnar skal telja fram í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok.

## Tvísköttunarsamningar

Listi yfir tvísköttunarsamninga sem Ísland hefur gert við erlend ríki og birtir hafa verið.

Þýskaland (1968)	Kanada (1998)
Bandaríkin (1976)	Holland (1998)
Norðurlönd (1998)	Litháen (2000)
Finland	Pólland (2000)
Noregur	Tékkland (2000)
Svíþjóð	Luxemburg (2004)
Danmörk	Grænland (2004)
Færeyjar	Portúgal (2004)
Sviss (1990)	Spánn (2004)
Bretland (1992) - nær einungis til tekna	Rússland (2004)
Frakkland (1992)	Víetnam (2004)
Eistland (1996)	Belgía (2004)
Lettland (1996)	Slovakía (2004)
Kína (1998)	Írland (2005)

## Erlendis búsettir

sem hafa tekjur eða eiga eignir hér á landi

Einstaklingar búsettir erlendis sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu samkvæmt 3. grein skattalaganna, vegna tekna, t.d. af útleigu íbúðarhúsnæðis eða sölu hlutabréfa hér á landi, skulu skila framtali þar sem gerð er grein fyrir þessum tekjum.

Ef um útleigu íbúðarhúsnæðis er að ræða skal telja fram brúttóleigutekjur án frádráttar. Hafi maður leigugjöld vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota er heimilt að draga þau frá leigutekjum ef þær eru af íbúðarhúsnæði sem ætlað er til eigin nota en er tímabundið í útleigu. Gera skal grein fyrir nýtingu íbúðarhúsnæðis sem ekki gefur af sér tekjur í lið 1.4.

Nauðsynlegt er að fram komi að framteljandi eigi lögheimili erlendis. Jafnframt skal tilgreina póstfang umboðsmanns hans á Íslandi.



# Námsmenn erlendis

## – skattaleg heimilisfesti

### Hverjir eiga rétt á skattalegri heimilisfesti?

Peir sem dveljast erlendis við nám geta sótt um að fá að halda hér á landi skattalegri heimilisfesti, hafi þeir verið búsettir hér *síðustu 5 árin áður en nám erlendis hófst*. Dvelji maki námsmannsins eða börn hans eldri en 16 ára einnig erlendis og dvöl þeirra er bein afleiðing af námi hans, geta þau einnig sótt um að halda hér á landi skattalegri heimilisfesti. Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap að því tilskildu að uppfyllt séu skilyrði skattalaga um samsköttun.

### Nám erlendis sem uppfyllir skilyrði fyrir skattalegri heimilisfesti

Þau skilyrði sem námið þarf að uppfylla eru eftirfarandi:

- að stundað sé reglulegt nám í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á framhalds- eða háskólastigi
- að námið sé ætlað sem aðalstarf
- að námstími sé eigi skemmri en 6 mánuðir eða sem svarar til 624 klst. á ári

Til náms í þessu sambandi telst starfsþjálfun, sérhæfing eða öflun sérfræðiréttinda, enda séu skilyrði þau sem sett eru að öðru leyti uppfyllt.

Nám í grunnskólum, menntaskólum eða sambærilegum menntastofnunum telst ekki til náms í þessu sambandi nema nám að loknum grunnskóla veiti formleg starfsréttindi eða heimild til að bera starfsheiti.

### Umsókn um skattalega heimilisfesti

Sækja þarf um skattalega heimilisfesti á framtali. Ekki er gerð krafa um sérstakt eyðublað heldur nægir að greina frá bú-

## Hvað er skattaleg heimilisfesti?

Með skattalegri heimilisfesti eru námsmanni tryggð réttindi til að vera skattlagður eins og hann hefði verið heimilisfastur hér á landi allt árið. Þetta þýðir að við skattlagningu er tekið tillit til þess skattafsláttar og bóta sem hann ætti rétt á ef lögheimili hans hefði verið hér á landi. Tekjur og eignir erlendis hafa áhrif á skattlagninguna og barnabætur eða hliðstæðar greiðslur erlendis koma til lækkunar á barnabótum hér á landi.

setu erlendis í athugasemdadálki lið 1.4 og vísa í tilskilin gögn sem fylgja eiga framtalinu.

### Vottorð um nám erlendis

Árlega þarf að leggja fram staðfestingu frá skóla þar sem fram kemur:

- hvaða nám var stundað og hve lengi á tekjuárinu
- hvenær nám hófst
- áætluð námslok

### Upplýsingar um tekjur erlendis

Námsmaður og maki hans þurfa að leggja fram staðfestingu um tekjur eða tekjuleysi erlendis frá viðkomandi skattvirkvöldum. Nægilegt er að leggja fram:

- staðfest ljósrit af erlendum framtölum ef tekjur koma þar fram eða
- skriflegt tekjuvottorð frá erlendum skattvirkvöldum eða
- erlenda álagningarseðla eða staðfestingu á skattauppgjöri.

Einnig skal fylgja með framtali staðfesting á barnabótum eða sambærilegum greiðslum, fengnum erlendis á tekjuárinu.

Námsmenn erlendis fá ekki sent árit að framtal. Fyrir þá er því afar hentugt að telja fram á vefnum. Upplýsingar um veframtalið og veflykla eru á bls. 4. Vilji

þeir skila á pappír er hægt að prenta út öll fylgiskjöl með framtali á **rsk.is** eða snúa sér til skattstjóra til að fá nauðsynleg eyðublöð. Á framtali þarf að koma fram pósthfang námsmannsins erlendis eða umboðsmanns hér á landi og hvert hafi verið síðasta lögheimili námsmanns hér á landi.

### Réttindi veitt í eitt ár í senn

Námsmaður sem óskar eftir að halda hér á landi skattalegri heimilisfesti þarf að sækja um það á framtali á hverju ári sem námið er stundað. Leggja þarf fram nýjar upplýsingar um námið á hverju ári ásamt staðfestingu frá skóla, tekjuvottorði frá skattvirkvöldum erlendis og staðfestingu um barnabætur erlendis.

### Skattstjóri annast ákvörðun

Skattstjóri í því umdæmi þar sem námsmaður og maki hans voru síðast til heimilis tekur ákvörðun um rétt námsmanns til að halda skattalegri heimilisfesti á Íslandi. Almennar reglur um kærur til skattvirkvalda gilda í þessum tilvikum. Ef skattstjóri fellst ekki á að veita skattalega heimilisfesti er skattlagning miðuð við takmarkaða skattskyldu, þ.e. námsmaðurinn er einungis skattlagður hafi hann haft tekjur hér á landi eftir að lögheimili hefur verið flutt frá landinu.

## Laun frá alþjóðastofnunum

Af launatekjum sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum reiknast ekki tekjuskattur eða útsvar ef kveðið er á um skattfrelsi í samningum sem Ísland er aðili að. Sama á við um staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi

sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.

Laun eða staðaruppbætur skal færa í ótölusettan reit í lið 2.3. Tilgreina skal frá hvaða stofnun launin eða staðaruppbætur eru og fjárhæð þeirra. Þessar tekjur hafa áhrif á útreikning vaxtabóta og barnabóta.

# Ýmsar töflur og dæmi

## Eignir í árslok

### Verðbréfaeign í árslok

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól sem miðast við vísitölu í janúar, næstum á eftir lokum reikningsárs. Séu verðbréf önnur en hlutabréf skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupþingsverði síðasta kaupþingsdags fyrir lok reikningsárs. Hér eru birtar töflur þar sem fram koma verðgildi helstu tegunda verðbréfa ásamt töflu yfir verðbreytingarstuðla og gengisskráningu frá 31. desember 2005.

### Húsbréf og íbúðabréf

Verðgildi húsbréfa og íbúðabréfa  
skráð í Kauphöll Íslands í árslok:

Flokkur	Margföldunarstuðull
IBH 14 (1115) 1989-I.fl.	4,6566
IBH 15 (0815) 1990-I.fl.	4,1127
IBH 15 (1115) 1990-II.fl.	4,1963
IBH 16 (0115) 1991-I.fl.	4,0975
IBH 16 (0515) 1991-II.fl.	3,9070
IBH 16 (1015) 1991-III.fl.	3,5929
IBH 17 (0115) 1992-I.fl.	3,5940
IBH 17 (0415) 1992-II.fl.	3,3192
IBH 17 (0815) 1992-III.fl.	3,2150
IBH 17 (1215) 1992-IV.fl.	3,1478
IBH 18 (0415) 1993-I.fl.	3,2614
IBH 18 (0815) 1993-II.fl.	2,9716
IBH 18 (1015) 1993-III.fl.	2,7224
IBH 19 (0115) 1994-I.fl.	2,4111
IBH 19 (0515) 1994-II.fl.	2,3671
IBH 19 (0815) 1994-III.fl.	2,3217
IBH 19 (0915) 1994-IV.fl.	2,3123
IBH 20 (0115) 1995-I.fl.	2,4513
IBH 20 (0615) 1995-II.fl.	2,1451
IBH 11 (0115) 1996-I.fl.	2,2608
IBH 21 (0115) 1996-II.fl.	2,2657
IBH 36 (0115) 1996-III.fl.	2,2608
IBH 22 (1215) 1998-I.fl.	1,9831
IBH 37 (1215) 1998-II.fl.	1,9831
IBH 26 (0315) 2001-I.fl.	1,5280
IBH 41 (0315) 2001-II.fl.	1,5310
HFF (150224)	0,9620
HFF (150434)	0,9615
HFF (150644)	0,9597
HFF (150914)	0,9800

### Spariskírteini ríkissjóðs

Verðgildi húsbréfa og íbúðabréfa  
skráð í Kauphöll Íslands í árslok:

Flokkur	Margföldunarstuðull nafnverðs
RIKS 06 (0502) (SPRÍK 95/1B10)	0,1425
RIKS 10 (0115) (SPRÍK 89/2A10)	4,1344
RIKS 15 (1001) (SPRÍK 95/1D20)	0,9672

### Gengi hlutdeildarskírteina eins og það var skráð í Kauphöll Íslands um síðustu áramót

	Gengi
LBR FYRTB (Landsbréf, fyrirtækjabréf)	3,984
LBR MARKB1 (markaðsbréf 1)	1,898
LBR MARKB2 (markaðsbréf 2)	1,826
LBR MARKB3 (markaðsbréf 3)	1,845
LBR MARKB4 (markaðsbréf 4)	1,856
LBR ONDVEG (skuldabréfasj. Landsbanka)	4,028
LBR PENBR (peningabréf)	21,754
LBR REIDUB (reiðubréf)	3,524
LBR URVALSB (úrvalsbréf)	4,367
VIB SJOD 1A (VÍB sjóður 1A)	9.483,00
VIB SJOD 5 (sjóður 5)	4.052,00
VIB SJOD 6 (sjóður 6)	12.629,00
VIB SJOD 7 (sjóður 7)	2.053,00
VIB SJOD 9 (sjóður 9)	21.135,00
VIB SJOD 10 (sjóður 10)	5.318,00
VIB SJOD 11 (sjóður 11)	1.806,00

### Verðbreytingarstuðull

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 133 frá 2001 var 26 gr. laga nr. 75/1981 felld niður. Útreikningi árlegs verðbreytingarstuðuls var hætt framtalsárið 2003.

Eftirfarandi margföldunarstuðla skal nota í þeim tilvikum þegar framreikna skal eignir, sem framteljandi eignaðist á árunum 1980-2000:

Á árinu 1980	26,3379	Á árinu 1991	1,4362
Á árinu 1981	17,1593	Á árinu 1992	1,4193
Á árinu 1982	11,1580	Á árinu 1993	1,3764
Á árinu 1983	6,4998	Á árinu 1994	1,3518
Á árinu 1984	5,1291	Á árinu 1995	1,3096
Á árinu 1985	3,9858	Á árinu 1996	1,2347
Á árinu 1986	3,1039	Á árinu 1997	1,2101
Á árinu 1987	2,6315	Á árinu 1998	1,1949
Á árinu 1988	2,2209	Á árinu 1999	1,1315
Á árinu 1989	1,8167	Á árinu 2000	1,0861
Á árinu 1990	1,5247	2001 og síðar	1,0000

Stuðla eldri ára má finna á [rsk.is/skattalagasafn](http://rsk.is/skattalagasafn) nánar tiltekið í Tekjuskattur/Fjárhæðir o.fl./Verðbreytingarstuðlar. Sé verið að framreikna fjárhæðir frá árinu 1980 eða fyrr skal breyta fjárhæðum í nýkrónur áður en margföldunarstuðli er beitt.



## Gengisskráning

Seðlabanki Íslands 31. desember 2005

	Kaup	Sala
Bandaríkjadollar	62,98	63,28
Sterlingspund	108,59	109,11
Kanadadollar	54,13	54,45
Dönsk króna	9,985	10,043
Norsk króna	9,317	9,371
Sænsk króna	7,922	7,968
Svissneskur franki	47,90	48,16
Japanskt yen	0,5360	0,5392
SDR (sérstök dráttarr.)	89,98	90,52
EVRA	74,49	74,91

## Eignamat í landbúnaði

Búfé til eignar í árslok 2005

Krónur

Mjólkurkýr	88.000
Holdakýr og naut	69.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri	55.000
Geldneyti	37.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs	10.700
Ær og sauðir	5.400
Hrútar	8.900
Gemlingar	4.900
Hross á 14. vetri og eldri	15.000
Hross á 5.-13. vetri	30.000
Fulltamin reiðhross (á 5.-13. vetri)	110.000
Önnur reiðhross (á 5.-13. vetri)	55.000
Verðlaunahross (á 5.-13. vetri)	150.000
Kynbótahestar á 5.-13. vetri	220.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5.-13. vetri	320.000
Tryppi á 2.-4. vetri	10.000
Folöld	7.000
Hænsni, eldri en 6 mánaða	790
Varphænsni, yngri en 6 mánaða	480
Kjúklingar	160
Endur	690
Gæsir	1.300
Kalkúnar	1.800
Gyltur	35.000
Geltir	50.000
Grísir	5.500
Kanínur	1.500
Minkar: Karldýr	3.700
Kvendýr	2.350
Hvolpar	0
Refir: Karldýr og kvendýr	6.000
Hvolpar	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	3.200

## Skuldir í árslok

Til að reikna út eftirstöðvar verðtryggðra skulda í árslok 2005 þarf að hafa við höndina kvittun fyrir síðustu afborgun á árinu. Ef þar koma fram eftirstöðvar með áföllnum verðbótum eftir greiðslu skal margfalda þá fjárhæð með margföldunarstuðli er gildir fyrir þann gjalddagamánuð skv. eftirfarandi töflum. Töflur 1 og 2 gilda fyrir lán sem eru verðtryggð skv. byggingarvísitölu, tafla 3 skv. lánskjaravísitölu og tafla 4 skv. neysluverðsvísitölu.

Ef aðeins koma fram eftirstöðvar án áfallinna verðbóta eftir greiðslu verður að margfalda þá fjárhæð með vísitölu fyrir janúar 2006 og deila með vísitölu lántökumánaðarins.

Sjá einnig dæmi 2 á næstu blaðsíðu um útreikning eftirstöðva verðtryggðra lána.

### Verðgildi lána íbúðalánasjóðs

Til að reikna út eftirstöðvar skuldar við Íbúðalánasjóð með áföllnum verðbótum á höfuðstól, verður skuldari að hafa við höndina síðustu kvittun fyrir afborgun af láni því sem um er að ræða. Ef lánið er úr Byggingarsjóði ríkisins, eldra en frá 1. júlí 1974, ber kvittunin með sér raunverulegar eftirstöðvar lánsins og er það skráð í reit sem merktur er „Eftirstöðvar nafnverðs eftir greiðslu“. Sama gildir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna, sem eldri eru en frá 1. júlí 1980. Lán, sem veitt hafa verið til nýbygginga og kaupa á eldri íbúðum úr Byggingarsjóði ríkisins frá 1. júlí 1974 til júní 1979, eru að hluta verðtryggð skv. byggingarvísitölu, þ.e. 30%, 40% eða 60%. Til að reikna út eftirstöðvar þessara lána skal nota töflu 1, sbr. dæmi 1.

### TAFLA 1

Útgð. lána með skertri vísitölu	Byggingarvísitala (Grunnvísitala)	Verðtr. hlutfall %	Margföldunarstuðull
júlí-okt. 1974	1290	30	70,0109
nóv.-febr. 1974/75	1455	30	62,1509
mars-júní 1975	1563	30	57,9048
júlí-okt. 1975	1881	40	63,9784
nóv.-jan. 1975/76	1986	40	60,6276
feb.-mars 1976	101	40	60,0455
apríl-júní 1976	105	40	57,7810
júlí-sept. 1976	111	40	54,6901
okt.-des. 1976	119	40	51,0538
jan.-mars 1977	126	40	48,2508
apríl-júní 1977	135	40	45,0741
júlí-sept. 1977	138	40	44,1072
okt.-des. 1977	159	40	38,3610
jan.-mars 1978	176	40	34,7136
apríl 1978	192	40	31,8708
maí-júní 1978	192	60	47,3063
júlí-sept. 1978	217	60	41,9023
okt.-des. 1978	240	60	37,9250
jan.-mars 1979	258	60	35,3070
apr.-júní 1979	280	60	32,5643

#### DÆMI 1

Sé lánið verðtryggt með skertri byggingarvísitölu 30%, 40% eða 60% og eftirstöðvar nafnverðs eftir greiðslu afborgunar í maí 2005 kr. 5.000, án verðbóta, og útgáfudagur lánsins í nóvember 1976, skal margfalda þessa fjárhæð með margföldunarstuðli fyrir okt.-des. 1976 skv. töflu 1, þ.e. 5.000 x 51,0538 = kr. 255.269.

Margfalda skal eftirstöðvar lánsins án verðbóta, sem fram koma á kvittun fyrir afborgun á síðasta gjalddaga ársins í reitnum „Eftirstöðvar nafnverðs eftir greiðslu“, með margföldunarstuðli lántökumánaðar, sbr. reit „Útgáfudagur /1. vaxtadagur“.

Lög nr. 63 um greiðslujöfnun fasteignaveðlana til einstaklinga voru samþykkt á Alþingi 12. júní 1985. Greiðslujöfnunin nær sjálfkrafa til allra sem fengið höfðu fullverðtryggð lán úr báðum byggingarsjóðunum eftir gildistöku laganna. Einstaklingum, sem fengið höfðu fullverðtryggð lán úr sjóðunum fyrir gildistöku laganna, var gefinn kostur á að sækja um greiðslujöfnun.

**Tafla 2**

Gildistími, (Gjalddagamánuður)	Byggingarvísitala (Gjaldd. vísitala)	Verðtr.- hlutfall %	Margföldunarstuðull
jan.-mars 2005	14441	100	1,0394
apr.-júní 2005	14825	100	1,0125
júlí-sept. 2005	14853	100	1,0106
okt.-des. 2005	14991	100	1,0013
jan.-mars 2006	15010	100	1,0000

**DÆMI 2**

Eftirstöðvar lán eftir greiðslu afborgunar í maí 2005 eru kr. 100.000, með verðbótum.

Sé lánið verðtryggt skv. byggingarvísitölu skal margfalda þessa fjárhæð með margföldunarstuðli fyrir maí skv. töflu 2, þ.e.  $100.000 \times 1,0125 = 101.250$ .

Sé lánið verðtryggt skv. lánskjaravísitölu skal margfalda þessa fjárhæð með margföldunarstuðli fyrir maí skv. töflu 3, þ.e.  $100.000 \times 1,0287 = 102.870$ .

Ef lánið er hins vegar með greiðslujöfnun skal margfalda fjárhæð sem fram kemur í reitnum „Skuld samtals með verðbótum“, með sömu margföldunarstuðlum.

Lán úr Byggingarsjóði ríkisins frá 1. júlí 1979 til mars 1982 til nýbygginga og eldri íbúða, eru verðtryggð skv. fullri byggingarvísitölu og skal nota töflu 2 til að reikna út eftirstöðvar þeirra. Ef lánið er ekki með greiðslujöfnun skal margfalda fjárhæð, sem fram kemur í reitnum „Eftirstöðvar með verðbótum eftir greiðslu“, á kvittun fyrir greiðslu síðustu afborgunar á árinu, með margföldunarstuðli þess gjalddagamánaðar, sbr. dæmi 2. Ef lánið er með greiðslujöfnun skal margfalda fjárhæð, sem fram kemur í reitnum „Skuld samtals með verðbótum“, með sama margföldunarstuðli.

**Tafla 3**

Gildistími (Gjalddagamánuður)	Lánskjaravísitala (Gjaldd.vísitala)	Margföldunarstuðull
janúar 2005	4719	1,0415
febrúar 2005	4723	1,0407
mars 2005	4733	1,0385
apríl 2005	4768	1,0308
maí 2005	4778	1,0287
júní 2005	4753	1,0341
júlí 2005	4786	1,0270
ágúst 2005	4792	1,0257
september 2005	4802	1,0235
október 2005	4875	1,0082
nóvember 2005	4905	1,0020
desember 2005	4897	1,0037
janúar 2006	4915	1,0000

Önnur lán, sem veitt hafa verið úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna frá 1. júlí 1980 til marsloka 1995 eru verðtryggð skv. lánskjaravísitölu og skal nota töflu 3 til að reikna út eftirstöðvar þeirra lána.

**Tafla 4**

Gildistími (Gjalddagamánuður)	Neysluverðsvísitala (Gjaldd.vísitala)	Margföldunarstuðull
janúar 2005	239,0	1,0414
febrúar 2005	239,2	1,0406
mars 2005	239,7	1,0384
apríl 2005	241,5	1,0306
maí 2005	242,0	1,0285
júní 2005	240,7	1,0341
júlí 2005	242,4	1,0268
ágúst 2005	242,7	1,0255
september 2005	243,2	1,0234
október 2005	246,9	1,0081
nóvember 2005	248,4	1,0020
desember 2005	248,0	1,0036
janúar 2006	248,9	1,0000

Fasteignaveðbréf, sem Byggingarsjóður ríkisins (húsbréfa-deild) hefur keypt til marsloka 1995, eru verðtryggð með lánskjaravísitölu. Nota skal töflu 3 til að reikna út eftirstöðvar þeirra.

Lán byggingarsjóðanna sem veitt hafa verið frá 1. apríl 1995, eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og skal nota töflu 4 til að reikna út eftirstöðvar þeirra lána.

**Skattfrjálsir vinningar**

Eftirtalin happdrætti höfðu heimild til greiðslu skattfrjálsra vinninga á árinu 2005:

- Happdrætti DAS**
- Happdrætti Háskóla Íslands**
- Íslensk getsþá**
- Íslenskar getraunir**
- Vöruhappdrætti S.Í.B.S.**
- Happdrætti Badmintonsambands Íslands**
- Happdrætti Bandalags íslenskra skáta**
- Happdrætti Blindrafélagsins**
- Happdrætti Félags heyrnarlausra**
- Happdrætti Gigtarfélags Íslands**
- Happdrætti Krabbameinsfélags Reykjavíkur**
- Happdrætti Landssambands hestamannafélaga**
- Happdrætti Lionsklúbbs Njarðvíkur**
- Happdrætti Sjálfsbjargar**
- Happdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra**
- Happdrætti Styrktarfélags vangefinna**

Happdrættisvinningar á Evrópska efnahagssvæðinu geta verið skattfrjálsir á sama hátt og ofangreind happdrætti. Til að svo sé þarf framteljandi að leggja fram fullnægjandi gögn og upplýsingar varðandi happdrættið en skattyfirvöld gera sömu kröfur til erlendra happdrættisvinningsgjafna og íslenskra.

# Endurfjármögnun lána vegna íbúðarkaupa

## Dæmi um útreikning á hlutföllun láns

Í september 2005 tóku Jón og Gunna lán í Xbanka. Lánið var að fjárhæð kr. 12.825.000, lántökukostnaður var kr. 325.000 og fengu þau því útborgaðar 12,5 milljónir. Með láninu greiddu þau upp tvö lán sem tekin höfðu verið til íbúðakaupa, eftirstöðvar samtals að fjárhæð kr. 10 milljónir og bilakaupalán að fjárhæð kr. 2,5 milljónir.

### Lántaka hjá Xbanka

Heildarfjárhæð láns	+ 12.825.000
Lántökukostnaður	- 325.000
<b>Útborgað lán alls</b>	<b>= 12.500.000</b>

### Uppgreidd lán (sem mynduðu rétt til vaxtabóta)

<b>Lánveitandi</b>	<b>Eftirstöðvar við uppgreiðslu</b>
Íbúðalánasjóður	+ 7.151.866
Sparisjóðurinn	+ 2.848.134
<b>Uppgreidd lán alls</b>	<b>= 10.000.000</b>

### Hlutfall

<b>Uppgreidd lán</b>	<b>/ Útborgað lán</b>	<b>= Hlutfall til íbúðarkaupa</b>
10.000.000	/ 12.500.000	= 80,00%

Eftirstöðvar nýja lánsins í árslok 2005 voru kr. 13.033.488. Þar af færast 80% af eftirstöðvunum í kafla 5.2 á framtalinu eða kr. 10.426.790 og afgangurinn eða 20% færast í kafla 5.5 eða kr. 2.606.698. Vaxtagjöldin eru alls kr. 475.623 (182.082 - 31.459 + 325.000). Skiptast þau í sömu hlutföllum, þ.e. 80% eða kr. 380.498 færast í kafla 5.2 og 20% eða kr. 95.125 í kafla 5.5.

## 5 Skuldir og vaxtagjöld

		Vaxtagjöld				Eftirstöðvar skulda				
5.1	Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna kaupleiguíbúðar skv. RSK 3.08	166				167				
5.2	<b>Lán vegna kaupa eða byggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota.</b> Ef hluti láns er nýttur til annars en öflunar íbúðarhúsnæðis skal tilgreina hve hátt <b>hlutfall</b> fjárhæðar er til öflunar íbúðarhúsnæðis (reitur 1). Í reiti 5 til 8 skal færa heildarfjárhæðir (án hlutföllanna) en í dálka 9 og 10 skal aðeins færa þann hluta af vaxtagjöldum og eftirstöðvum sem tilheyra öflun íbúðarhúsnæðis.									
Staðsetning íbúðarhúsnæðis: Strandgötu 321		Vaxtagjöld og lán eða láns hlutar sem ekki ganga til öflunar íbúðarhúsnæðis færast í kafla 5.5.								
Kaupár: 2002		Fyllist út af skattsjóra	299							
1 Lánveitandi	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími	4 Yfirtökudagur	9 Vaxtagjöld vegna öflunar íbúðarhúsnæðis	10 Eftirstöðvar skulda vegna öflunar íbúðarhúsnæðis			
Xbanki	34567	80,00%	20.9.2005	40						
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Afföll	8 Lántökukostnaður							
+ 182.082	- 31.459	+	+ 325.000			=	3 8 0 4 9 8	1 0 4 2 6 7 9 0		
1 Lánveitandi	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími	4 Yfirtökudagur					
Íbúðalánasjóður	12345		24.1.2002	25						
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Afföll	8 Lántökukostnaður							
+ 7.551.610	- 7.271.032	+	+			=	2 8 0 5 7 8			
1 Lánveitandi	Lánsnúmer	Hlutfall (%)	2 Lántökudagur	3 Lánstími	4 Yfirtökudagur					
Sparisjóðurinn	123321		25.1.2002	25						
5 Heildargreiðslur ársins	6 Afborgun af nafnverði	7 Afföll	8 Lántökukostnaður							
+ 3.041.400	- 2.926.704	+	+			=	1 1 4 6 9 6			
Fært af framhaldsblaði RSK 3.01										
<b>Vaxtagjöld/eftirstöðvar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis samtals</b>		87				<b>7 7 5 7 7 2</b>	45	<b>1 0 4 2 6 7 9 0</b>		
5.3	Ef selt var og annað ekki keypt í staðinn, fyrir árslok, færast hér eftirstöðvar skulda eins og þær voru á söludegi	41								
5.4	Skuldir umfram eignir í eigin atvinnurekstri skv. samræmingarblaði RSK 4.05	165								
5.5	<b>Aðrar skuldir og vaxtagjöld</b>									
Nafn lánveitanda.		Xbanki lán 34567 (20,00%)								
Tilgreinið kennitölu ef um einstakling er að ræða.										
		Vaxtagjöld				Eftirstöðvar skulda				
		9 5 1 2 5				2 6 0 6 6 9 8				
<b>Samtals</b>		88				<b>9 5 1 2 5</b>	168	<b>2 6 0 6 6 9 8</b>		

# Útreikningur opinberra gjalda

## Tekjuskattur og útsvar

Vegna millifærslu á persónuafslætti hjá hjónum og sambúðarfólki þarf alltaf að reikna fyrst út gjöld þess sem hefur lægri tekjur.

<b>Tekjuskatts- og útsvarsstofn <sup>1)</sup></b>	2.500.000
Reiknaður tekjuskattur 24,75%	+ 618.750
Sjómannaafsláttur <sup>2)</sup>	- 0
Persónuafsláttur <sup>3)</sup>	- 339.846 <sup>4)</sup>
<b>Tekjuskattur</b>	<b>= 278.904 <sup>5)</sup></b>
Útsvar - 12,98% af stofni <sup>6)</sup>	+ 324.500
Persónuafsláttur til greiðslu útsvars	- 0 <sup>7)</sup>
<b>Útsvar til innheimtu</b>	<b>= 324.500</b>

- 1) Samkvæmt tölulíð 2.7 á framtali.
- 2) Sjómannaafsláttur 2005 var kr. 768 á dag.
- 3) Persónuafsláttur vegna tekna á árinu 2005 er kr. 339.846.
- 4) Til viðbótar venjulegum persónuafslætti getur komið millifærður persónuafsláttur frá maka, sbr. 7).
- 5) Ef reiknaður tekjuskattur er lægri en persónuafsláttur verður tekjuskatturinn 0 en ónýttur afsláttur færist niður í reitinn: Persónuafsláttur til greiðslu útsvars.
- 6) Útsvar er mismunandi eftir sveitarfélögum.
- 7) Ónýttur persónuafsláttur gengur til greiðslu útsvars. Sé þá enn ónýttur afsláttur færast 100% til maka hjá samsköttuðum einstaklingum. Sé enn eftir ónýttur afsláttur ganga 10/38 af því sem ónýtt er til greiðslu á skatti á fjármagnstekjur.

## Hátekjuskattur

Sérstakur tekjuskattur manna, eða hátekjuskattur, er 2% tekjuskattur sem lagður er á tekjur einstaklings umfram kr. 4.191.686 til viðbótar almennum tekjuskatti. Hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki er hátekjuskattur lagður á sam-  
anlagðar tekjur þeirra umfram kr. 8.383.372.

Dæmi um hátekjuskatt einstaklings:

Tekjuskatts- og útsvarsstofn	4.500.000
- hátekjumark	<u>4.191.686</u>
Stofn til hátekjuskatts	308.314
	x 2%
Hátekjuskattur	<u>6.166</u>

## Skattur á fjármagnstekjur

Skattur á tekjur samkvæmt 3. kafla framtals er 10%. Af þeim persónuafslætti sem ekki nýtist vegna tekjuskatts eða til greiðslu útsvars ganga 10/38 til greiðslu skatts á fjármagnstekjur.

## Eignarskattur

Eignarskattur hefur verið afnuminn og verður því ekki lagður á á árinu 2006.

## Barnabætur og vaxtabætur

Útreikningur er sýndur á bls. 37.

## Greidd leiga - leigjendur munið að skila greiðslumiða RSK 2.02

Leigutakar skulu greina frá greiddri leigu á greiðslumiða og láta fylgja með skattframtali sínu. Greina skal frá hver er viðtakandi greiðslunnar, fyrir hvað er verið að greiða, leigutímabil og fjárhæð leigu.

<b>RSK</b>		<b>Greiðslumiði</b> fyrir leigu eða afnot á árinu 200 .....			
1 Nafn greiðanda	2 Kennitala	Fylla skal út greiðslumiða fyrir hvers konar greiðslur á árinu sem inntar hafa verið af hendi fyrir leigu eða afnot af lausafé og fasteignum, svo og fyrir greiðslur fyrir sérhver önnur afnot af réttindum, s.s. aflaheimildum, einkaleyfum eða sérþekkingu, sbr. 3. mgr. 92. gr. laga nr. 90/2003.			
3 Heimili					
4 Nafn viðtakanda greiðslu	5 Kennitala				
6 Heimili					
7 Greidd leiga af íbúðarhúsnæði	8 Kóði 65	9 Greiðsla er fyrir tímabilið	10 Greidd fjárhæð í heilum krónum		
7 Greiðsla fyrir afnot af öðru	8 Kóði	9 Greiðsla er fyrir tímabilið	10 Greidd fjárhæð í heilum krónum	11 Þar af VSK krónur	
Dagsetning		Undirskrift			

# Útreikningur vaxtabóta og barnabóta

## Vaxtabætur

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta er sú fjárhæð sem lægst er af a), b) eða c).

a) Vaxtagjöld samkvæmt reit 87 og/eða 166.

b) 5% af eftirstöðvum skulda samkvæmt reit 41, 45 eða 167.

c) Hámark vaxtagjalda. Hjá einhleypingi kr. 494.782. Hjá einstæðu foreldri kr. 649.544. Hjá hjónum og sambúðarfólki kr. 804.304.

Frá vaxtagjöldum skv. framansögðu dragast 6% af tekjustofni\* (samanlögðum tekjustofni hjóna). Mismunurinn er reiknaðar vaxtabætur, sem geta mest orðið kr. 169.541 hjá einhleypingi, kr. 218.042 hjá einstæðu foreldri og kr. 280.372 hjá hjónum.

\* Tekjustofn til útreiknings vaxtabóta er frábrugðinn tekjuskattstofni að því leyti að fjármagnstekjur eru meðtaldar. Laun frá alþjóðastofnunum sem ekki eru skattlögð koma inn í tekjustofn til útreiknings á vaxtabótum.

## Dæmi:

Samanlagðar tekjur hjóna (fjármagnstekjur meðtaldar)	kr.	2.600.000
Skuldir v/íbúðar	kr.	4.000.000
Vaxtagjöld skv. reit 87 á framtali	kr.	300.000
Í þessu dæmi takmarkast vaxtagjöld við 5% af skuldum þar sem sú fjárhæð er lægri en vaxtagjöld í reit 87	kr.	200.000
Frá dragast 6% af tekjustofni	kr.	156.000
Reiknaðar vaxtabætur	kr.	44.000
Bæturnar skiptast jafnt á milli hjónanna og verða	kr.	22.000
hjá hvoru.		

## Skerðing vegna eigna:

Reiknaðar vaxtabætur, eins og þær eru hér að ofan (kr. 44.000), skerðast ef eignir að frádregnum skuldum fara yfir tiltekin mörk og falla niður við mörk sem eru 60% hærrí. Skerðing vegna eigna er sem hér segir:

	Skerðing hefst	Vaxtabætur falla niður
hjá einhleypingi/einst. foreldri	kr. 3.721.542	kr. 5.954.467
hjá hjónum/sambúðarfólki	kr. 6.169.097	kr. 9.870.555

Ef nettóeign hjónanna í dæminu hér að ofan, allar eignir að frádregnum öllum skuldum, er kr. 6.500.000, er skerðing vegna eigna reiknuð þannig:

$$\frac{6.500.000 - 6.169.097}{9.870.555 - 6.169.097} = \frac{330.903}{3.701.458} = 8,94\%$$

Reiknaðar vaxtabætur voru	kr.	44.000
8,94% skerðing v/eigna	kr.	3.934
Reiknaðar vaxtabætur verða	kr.	40.066

Bæturnar skiptast jafnt milli hjóna og verða kr. 20.033 hjá hvoru.

## Fyrirframgreiðsla vaxtabóta

Fyrirframgreiðsla vaxtabóta er greidd ársfjórðungslega, fjórðum mánuðum eftir lok hvers ársfjórðungs. Fyrir fyrsta ársfjórðung 1. ágúst, fyrir annan ársfjórðung 1. nóvember, fyrir þriðja ársfjórðung 1. febrúar og fyrir fjórða ársfjórðung 1. maí. Við ákvörðun fyrirframgreiðslu er miðað við greidda og gjald-

fallna vexti í hverjum ársfjórðungi en þó ekki hærrí fjárhæð en fjórðung hámarks vaxtagjalda miðað við heilt ár. Skerðing vegna tekna er áætluð miðað við fjórðung launatekna síðustu 12 mánaða samkvæmt staðgreiðsluskrá og upplýsingar um eignir samkvæmt síðasta framtali.

## Barnabætur

Barnabætur eru að mestu tekjutengdar en ekki eignatengdar. Þær eru ákvarðaðar samkvæmt skattframtali og greiddar eftirá. Barnabætur er greiddar með börnum til 16 ára aldurs. Á árinu 2006 eru greiddar bætur með börnum sem fædd eru á tímabilinu 1990-2005. Við ákvörðun barnabóta 2006 er miðað við fjölskyldustöðu eins og hún er í þjóðskrá 31. desember 2005 en breytingar innan ársins 2005 hafa ekki áhrif. Þannig fær sá sem hefur barnið hjá sér í árslok 2005 barnabæturnar og skiptir þá ekki máli hvort barnið hafi verið á framfæri hans allt árið eða hluta úr ári.

## Óskertar barnabætur hjóna eru:

Með fyrsta barni	kr.	139.647
Með hverju barni umfram eitt	kr.	166.226
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára*	kr.	46.747

## Óskertar barnabætur einstæðra foreldra:

Með fyrsta barni	kr.	232.591
Með hverju barni umfram eitt	kr.	238.592
Viðbót vegna barna yngri en 7 ára*	kr.	46.747

\* Þessi hluti barnabótanna er ekki tekjutengdur.

Hjá hjónum og sambúðarfólki reiknast skerðing vegna tekna af samanlögðum tekjustofni\*\* umfram kr. 1.859.329 og hjá einstæðu foreldri af tekjustofni umfram kr. 929.665. Sé um að ræða eitt barn skerðast barnabætur um 3% af tekjum umfram þessi mörk, ef börnin eru tvö um 7% og ef börnin eru þrjú eða fleiri um 9%.

\*\* Tekjustofn til útreiknings barnabóta er frábrugðinn tekjuskattstofni að því leyti að fjármagnstekjur, aðrar en vaxtatekjur, eru hér meðtaldar. Laun frá alþjóðastofnunum sem ekki eru skattlögð koma inn í tekjustofn til útreiknings á barnabótum.

## Dæmi: Hjón með tvö börn, 5 og 10 ára.

Samanlagður tekjustofn hjóna	kr.	2.345.000
Skerðingarmörk vegna tekna	kr.	1.859.329
Stofn til skerðingar	kr.	485.671
		x 7%
Skerðing vegna tekna	kr.	33.997
Óskertar barnabætur		
139.647 + 166.226	kr.	305.873
Skerðing vegna tekna	kr.	- 33.997
Viðb. v/ barna yngri en 7 ára	kr.	46.747
Barnabætur verða	kr.	318.623

Barnabætur skiptast jafnt á milli hjóna og verða kr. 159.312 hjá hvoru. Hjá sambúðarfólki sem á rétt á samsköttun reiknast barnabætur alltaf eins og hjá hjónum, hvort sem þau skila sameiginlegu framtali eða ekki.

## Fyrirframgreiðsla barnabóta

Fyrirframgreiðslan nemur 50% af áætluðum barnabótum ársins og greiðist með tveimur jöfnum greiðslum, 1. febrúar og 1. maí. Við ákvörðun á fyrirframgreiðslu er tekið mið af upplýsingum úr staðgreiðsluskrá um launatekjur framfæranda. Við uppgjör í ágúst er fyrirframgreiðslan dregin frá barnabótum eins og þær eru ákvarðaðar í álagningu. Eftirstöðvar eru greiddar út 1. ágúst og 1. nóvember.

# Efnisatriðaskrá

- Afborgun af nafnverði 16, 17  
Afföll 11, 12, 17, 26  
Afgjaldskvaðarverðmæti 14  
Afrít framtals 5  
Akstursdagbók 28  
Almennar kaupleiguíbúðir 13, 16  
Alþjóðastofnun 10, 31, 37  
Andlát 7, 27  
Andlát maka 7, 27  
Arður 12, 18, 30  
Arfur 7  
Atvinnuleysisbætur 10  
Ábyrgðasjóður launa 9  
Álag 3  
Álagningarseðill 4, 31  
Áritun úr Þjóðskrá 6  
Áskrift fjölmiðla 9  
Bankainnstæður 12, 18, 30  
Barnabætur 5, 7, 30, 31, 37  
Barnalífeyrir 10, 30  
Barnsfararkostnaður 10  
Barnsmæðlög 10, 11  
Bátur 15  
Bifreiðahlunnindi 9  
Bifreiðakaupastyrkur 11  
Bifreiðalán 15  
Bifreiðir 6, 9, 10, 15, 28  
Björgunarlaun 10  
Búfé til eignar 33  
Byggingarkostnaður 14, 23  
Byggingarvísitala 33, 34  
Bætur 6, 10, 11, 18  
Börn 4, 6, 18, 29, 37  
Dagmæður 10, 29  
Dagvistun barna 10, 29  
Dagpeningar 6, 9, 10, 11, 18, 21  
Dánarbú 4, 7  
Dánarbætur 6, 10, 11  
Dvalar- og ferðastyrkir 10, 11  
Eftirlaun 9  
Eftirstöðvar lána 15, 16, 17, 33, 34, 35, 37  
Eigin vinna 10, 23  
Eignarhaldstími 25  
Eignarskattur 3, 36  
Eignatekjur 7, 18  
Eignatjón 11, 27  
Eignfærsla 13  
Eignir erlendis 30  
Einkennisfatnaður 9  
Einstætt foreldri 6, 37  
Ellilífeyrir 10  
Endurhæfingarlífeyrir 10  
Endurbætur á íbúðarhúsnæði - lán 16  
Endurfjármögnun lána 16, 17, 35  
Endurmenntunarstyrkir 10  
Erlend hlutabréf 12, 13, 18, 30  
Erlend verðbréf 12, 30  
Erlendar innstæður 12, 30  
Erlendir peningar 30  
Erlendis búsettir 4, 30  
Fargjaldagreiðslur 9  
Fasteignaleiga 13, 30  
Fasteignamat 10, 13, 14  
Fasteignir 10, 13, 14, 16, 23  
Fatahlunnindi 9  
Fatapeningar 9  
Feðralaun 10  
Félagsmálaaðstoð 10  
Fjármagnstekjur 5, 7, 11, 12, 13, 15, 18, 23, 26, 36, 37  
Fjölskyldumerking 5, 6  
Flutningspeningar 9  
Forskráning 3, 5, 7, 8, 9, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 18  
Fósturbörn 10, 29  
Framfærslulífeyrir 10  
Framfærsla vandamanna 27  
Framfærslustyrkir 10  
Framtal barns 3, 4, 18  
Framtal hjóna 7  
Framtal para í samvist 7  
Framtal sambúðarfólks 7  
Frádráttur frá eignatekjum 13  
Frádráttur v/ökutækjastyrks 11, 28  
Frádráttur v/dagpeninga 11, 21  
Frestun söluhagnaðar 23  
Fríar ferðir 9  
Frítekjumark barna 18  
Fyrirframgreiðsla vaxtabóta 5, 17, 37  
Fæðingarstyrkur 10  
Fæðishlunnindi 9, 18  
Fæðispeningar 9  
Gengisskráning 32  
Gifting 7  
Gjafir 9, 10  
Gjalddeyrisreikningar 12  
Gjaldþrot launagreiðanda 9  
Greiðsluferfiðleikar - lán 16  
Greiðslumiði 35  
Happdrættisvinningur 10, 11, 34  
Heiðurslaun 10  
Heiðursverðlaun 10  
Heimilisuppbót 10  
Hestar 15, 33  
Hjólhýsi 7, 15  
Hjúskaparstaða 6, 7  
Hlífðarfatnaður 9  
Hlunnindi 8, 9, 10, 13, 18, 30  
Hlutabréf 10, 12, 13, 18, 22, 24, 25, 30, 32  
Hlutabréfakaup 24  
Hlutabréf á undirverði 24  
Hlutdeildarskirteini 12, 25, 26, 32  
Hrein eign skv. efnahagsreikningi 15  
Hreinar tekjur af atvinnurekstri 11  
Húsaleigubætur 11  
Húsaleigustyrkur 9  
Húsbréf 17, 22, 32  
Húsbygging 10, 14, 15, 16, 23  
Húsbyggingarskýrsla 10, 14, 23  
Húsdýr 15, 33  
Húsnæðishlunnindi 9, 10, 13  
Höfundarlaun 10  
Iðgjald í lífeyrissjóð 8, 9, 11  
Innlausn verðbréfa 12, 26  
Innstæður í innlendum bönkum 12  
Innstæður í erlendum bönkum 12, 30  
Innstæður og verðbréf barna 12, 18  
Ívilnun 7, 27  
Jöfnunarhlutabréf 13, 24, 25  
Jöfnunarverðmæti 13, 24, 25  
Kaup og sala eigna 7, 22  
Kaupauki 9  
Kauphöll 12, 25, 32  
Kaupleiguíbúðir 13, 16  
Kaupréttarsamningar 25  
Kaupverð hlutabréfa 13  
Kauppingsverð 32  
Kætur 4, 5  
Landgöngufé 9  
Laun 5, 8, 9, 10, 11, 18, 20, 21, 30, 31, 37  
Laun frá alþjóðastofnun 10, 31, 37  
Laun vegna sjómennsku 7, 20  
Launamiði 8, 9  
Launatekjur erlendis 30

- Lausafjárleiga 13, 30  
Lán frá launagreiðanda 10  
Lánskjaravísitala 33, 34  
Lántökukostnaður 17  
Leiðréttingar á forskráðum  
upplýsingum 5  
Leiga á móti leigu 13, 30  
Leigulóðir 14  
Leigutekjur 13  
Listamannalaun 10  
Lífeyrisgreiðslur 10  
Lífeyrissjóðir 8, 9, 10, 11, 18  
Lóðarleiga 14  
Makabætur 10  
Markaðsbréf 32  
Markaðsverðbréf 26  
Meðalkaupverð 25  
Meðlög 10, 11  
Menntunarkostnaður 7  
Menntunarmeðlag 11  
Miskabætur 11  
Mótreikningur 13  
Mæðralaun 10  
Námsmenn erlendis 31  
Námsstyrkir 10  
Nestispeningar 9  
Neysluverðvísitala 35  
Niðurfært stofnverð 23, 25  
Olíustyrkur 11  
Orkustyrkur 9  
Orlofshús 10  
Ógreidd laun 9  
Ómetnar fasteignir 14  
Ónýttur persónuafsláttur 37  
Peningabréf 32  
Peningar 12, 15, 30  
Persónuafsláttur 7, 37  
Rannsóknarstyrkir 10  
Reiðubréf 32  
Reiknað endurgjald 11, 14, 18, 20  
Rekstrarskýrslur 19  
Risnufé 9  
Sala hlutabréfa 13, 18, 22, 24, 25, 30  
Sala verðbréfa 12, 26  
Sambúðarfólk 4, 5, 6, 7, 10, 31, 37  
Sambúðarslit 7  
Samsköttun 4, 5, 6, 7, 31, 36  
Sending framtals 4  
Sérskattlagning barna 18  
Sérstakur tekjuskattur 36  
Sérstök hlutabréf 22, 25  
Símastyrkur 9
- Sjómannaafláttur 7, 20, 36  
Sjúklingatryggingar 10, 11  
Sjúkradagpeningar 10  
Skaðabætur 11  
Skammtímalán 16  
Skattaleg heimilisfesti 31  
Skilafrestur 3  
Skilnaður 7  
Skuldir í árslok 14, 15, 16, 17, 18, 33, 36  
Skuldir umfram eignir 15  
Skuldir vegna íbúðar 16, 17  
Slys - ívilnun 27  
Slysabætur 6  
Slysdagpeningar 6, 10  
Slysatrygging við heimilisstörf 6  
Spariskirteini ríkissjóðs 12, 32  
Staðaruppbót 10, 31  
Staðfest afrit 5  
Staðfest samvist 6, 7  
Staðgreiðsla 4, 8, 9, 11, 12, 13, 15, 18,  
26, 28  
Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur  
12, 13, 15, 26  
Starfsmenntunarsjóðsstyrkir 10  
Starfstengdar greiðslur 8, 9, 11, 18, 30  
Stofnfjárbréf sparisjóða 13, 24  
Stofnsjóður 12, 13  
Stofnun hjúskapar 7  
Stuðningsfjölskyldur 10, 29  
Styrkir og styrktarfé 9, 10, 11, 18  
Styrkir til kaupa á sérfæði 11  
Styrkir til sjálfbóðaliða við lyfjatilraunir 10  
Styrkir til tækjakaupa fatlaðra 11  
Styrkir úr húsfriðunarsjóði 11  
Sumarbústaðir 10, 22, 23  
Sumardvöl barna 29  
Söfnunartryggingar 12, 13  
Söluhagnaður 12, 13, 22, 23, 24, 25, 30  
Söluhagnaður hlutabréfa 13, 22, 24, 25  
Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis 22, 23  
Söluhagnaður lausafjár 22  
Sölutap 22, 24  
Takmörkuð skattskylda 30  
Talið fram á vefnum 4  
Tapaðar fjármagnskröfur 13  
Tapaðar kröfur 27  
Tekjur barna 18  
Tekjur erlendis 11, 30, 31  
Tekjuskattur - útreikningur 5, 36  
Tekjutrygging 10  
Tjaldvagn 15  
Tryggingar 9
- Tryggingastofnun - greiðslur 10  
Tvísköttunarsamningar 30  
Tækifærisgjafir 9, 10  
Tölvur 9, 11  
Umsókn um lækun 7, 27  
Umönnunarbætur 10  
Umönnunarstyrkir 11  
Uppgreiðsla lána 17  
Úrvalsbréf 32  
Útfararstyrkir 10, 11  
Útreikningur á opinberum gjöldum 5, 36  
Útreikningur á vaxtabótum 37  
Útsvar 36  
Vaxtabætur 5, 7, 16, 17, 22, 30, 31, 37  
Vaxtagjöld vegna íbúðar 16, 17, 37  
Vaxtagjöld, önnur 15  
Vaxtatekjur 12, 13, 18, 26, 30, 37  
Vefframtal 4, 5, 6, 8, 11, 12, 13, 14, 15,  
16, 17, 18, 22, 25, 31  
Veflykill 4, 5, 6, 18, 31  
Veikindi - ívilnun 27  
Verðbréf 7, 12, 13, 18, 26, 30, 32  
Verðbreytingarstuðull 13, 25, 32  
Verðgildi lána Íbúðalánasjóðs 32  
Verðlaun 9, 10, 11  
Verðtryggð lán 15, 17, 33, 34  
Verkfallsstyrkir 10  
Verkfærpeningar 9  
Verktakagreiðslur 19  
Vélsleði 15  
Viðbótargögn 4  
Viðbótarlífeyrissparnaður 8, 11  
Vinningar 10, 11, 18, 30, 34  
Vinnufatnaður 9  
Vísindastyrkir 10  
Vistun aldraðra eða öryrkja 10, 29  
Vistun barna 10, 29  
Vistun í heimahúsum 10, 29  
VÍB 32  
Víxlar 12  
Yfirtekin lán 16, 17, 22  
Þinglýsingarkostnaður 17  
Þjóðskrárupplýsingar 4  
Þjónustusiðan þín á rsk.is 4, 5, 8  
Ökutæki 5, 7, 15, 28  
Ökutækjastyrkur 9, 11, 28  
Örorkubætur 6, 11  
Örorkulífeyrir 10  
Örorkulífeyrir v/slysa 10  
Örorkustyrkur 10  
Öryggisfatnaður 9  
2000 km. reglan 28

# Allt þú sem þarft að vita um skatta ...

Barnabætur

Bifreiðahlunnindi

Dagpeninga

Söluhagnað

Lífeyrisiðgjöld

## Rafræn skil

Staðgreiðslu

Vaxtabætur

Virðisaukaskatt

Ökutækjastyrk

... finnur þú á

**rsk.is**

**RSK**  
RÍKISSKATTSTJÓRI